ÁSLAUG JÓNSDÓTTIR
*Alltaf eitthvað til í ísskápnum í góða súpu*
• matur • tíska • helgin
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



RÓSA GUÐMUNDSDÓTTIR
*Ævintýrin gerast í New York*
FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. desember 2008 — 340. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### 70 ára afmæli



Verslunin Bernharð Laxdal í Kjörgarði er elsta starfandi kvenfataverslun landsins en hún var stofnuð árið 1938.
TÍMAMÓT 40

### Töskuuppboð hjá Stígamótum



Töskur frá Björk og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur meðal uppboðsmuna.
FÓLK 52

### Sökudólgar og blórabögglar

„Annar blóraböggullinn er Íslendingar sjálfir. Sagt er, að þeir hafi eytt of miklu. Velmegun þeirra hafa verið í krafti greiðslukorta“, skrifar Hannes Hólmsteinn Gissurarson.
Í DAG 32



### Eftirsóttur

Fjögur lið eru á höttunum eftir Blikanum Jóhanni Berg Guðmundssyni þessa dagana.
ÍÞRÓTTIR 56

## VEÐRIÐ Í DAG




**STÍFUR VESTAN TIL** Í dag verða sunnan 8-13 m/s vestan til annars hægari. Él á landinu vestanverðu, rigning eða slydda austanlands annars úrkomulítið. Víða vægt frost en frostlaust við austurströndina.
VEÐUR 4

# Fjórir milljarðar teknir af fátækum segir forseti ASÍ

**Forseta Alþýðusambands Íslands líst afspyrnuilla á sparnaðaraðgerðir ríkisstjórnarinnar. Félagsmálaráðherra segir gagnrýnina ekki réttmæta. Framkvæmdastjóri SA segir 165 milljarða halla skárri en 215.**

**EFNAHAGSLÍF** Ríkisstjórnin hefur það að markmiði í sparnaðaraðgerðum sínum að vernda þá sem hafa lökustu kjörin. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir að ekkert sé hróflað við barnabótum, vaxtabótum og persónuafslætti sem hækkar um 2.000 krónur á næsta ári. „Þannig reynum við að verja þá hópa sem minnst hafa og teljum að hafi tekist nokkuð vel,“ segir hún.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins, er ósammála þessu. „Mér líst afspyrnu illa á þetta,“ segir hann og rifjar upp að ríkisstjórnin hafi áður tilkynnt að ekki þyrfti að koma til skattahækkana. Hann gagnrýnir hana fyrir að upplýsa lítið um það hver vandinn sé og nú sé vandinn helmingi meiri en áður var talið.

Gylfi segir að mikilvægt sé „að þjóðin og við getum verið þátttakendur í því að undirbúa okkur fyrir því hvað þarf að gera þannig að köldu vatni sé ekki skvett yfir okkur reglulega“, en skortur sé á samstarfi og trúnaði í samtölum.

Elli- og örorkulífeyrisþegar búa við mestu fátæktina í landinu. Þeir búa við verðtryggðan lífeyri og eiga að fá hækkun í hverjum mánuði. Gylfi bendir á að ríkisstjórnin ætli nú að hækka bætur þeirra aðeins um 9,6 prósent, ekki sem nemur verðtryggingunni. „Það á að taka fjóra milljarða af fátækasta fólkinu. Þetta er svo rosalega ósanngjarnt að við getum ekki kvittað upp á það,“ segir hann.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra segir þetta af og frá. „Við bættum 2 milljörðum í almannatryggingakerfið miðað við það sem var í fjárlagafrumvarpinu. Á næsta ári munu bætur lífeyristrygginga aldrei hafa verið hærri samanborið við lægstu laun ASÍ.“

Í byggingageiranum á að skerða framkvæmdir fyrir 12 milljarða þó að atvinnuleysi stefni yfir 50 prósent. Þá á að lækka framlög til rannsókna og nýsköpunar og LÍN. „Ríkisstjórnin finnur þarna bók sem ætti að hlífa,“ segir Gylfi.

Ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins hafa átt í samráði um endurskoðun kjarasamninga til næstu tveggja ára. Í gærmorgun átti að hefjast fundaröð til að ljúka þeirri vinnu. „Við urðum að óska eftir því að þessari vinnu yrði frestað fram yfir áramót. Við höfum engan tíma til að ræða þessi mál því að efnahags- og félagsmálastefna ríkisstjórnarinnar er svo ósanngjörn að við treystum okkur ekki til að vinna á þessum grunni,“ segir hann.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, telur að 215 milljarða halli á rekstri ríkisins sé alltof mikill og því sé 165 milljarða halli skárri. Hann segist telja vel af sér vikið að koma tölunni niður um 45 milljarða króna.
- ghs, kóp / sjá síðu 6 og 12



**KALLAÐIR ÚT** Félagar í Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík voru meðal annars kallaðir að byggingarsvæði í Lindunum í Kópavogi þar sem byggingarefni og grindverk tókst á flug í óveðrinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björgunarsveitir kallaðar út:

## Þakplötur og stillansar fuku

**ÓVEÐUR Stormur gekk yfir landið í gærkvöldi og í nótt. Björgunarsveitir á suðvesturhorni landsins voru kallaðar út á áttunda tímanum þegar þakplötur, stillansar, ljósastaurar og hjólhýsi voru farin að fjúka.**

**Rúmlega 150 björgunarsveitarmenn voru að störfum á ellefta tímanum í gær á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og á Vesturlandi. Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsinga- og kynningarfulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sagði rúmlega 100 aðstoðarbeiðnir hafa borist. Ólöf sagði mikið af útköllum koma vegna byggingarsvæða, verktakar virðist ekki ganga nægilega vel frá. Vegagerðin lokaði veginum undir Hafnarfjalli á níunda tímanum eftir að vindhraðinn hafði mælst 55 metrar á sekúndu í hviðum. - bj**




Bragi Ólafsson í góðum hópi hjá Barnes & Noble í Bandaríkjunum:

# Gæludýrin meðal bestu bókanna

**MENNING** Gæludýrin, bók Braga Ólafssonar, er meðal fimmtán bestu skáldsagna ársins, að mati bókarisans Barnes & Noble. Í dómi um bókina segir að tök Braga á súrrealískum aðstæðum aðalpersónunnar gefi skrifum hins japanska Murakami lítið eftir.

Bragi var sjálfur að vonum ánægður með þetta, ekki síst í ljósi þess að engir bókadómar hafa birst um bókina í prentmiðlum. Hins vegar hafi vefmiðlar farið lofsamlegum orðum um hana. „Já, þetta eru góðar fréttir og mjög gaman fyrir mig,“ segir Bragi sem vinnur nú að sinni næstu skáldsögu en ráðgert er að hún komi út fyrir næstu jól.



BRAGI ÓLAFSSON

Sú bók sem gagnrýnendur voru sammála um að væri besta bók ársins var Netherland eftir Joseph McNeill sem bókakálfur New York Times sagði að væri besta lýsing sem birst hefur á lífinu í New York eftir fall Tvíburaturnanna.
- fgg / sjá síðu 62






**SPURNING DAGSINS**



*Bogi, er þetta enn ein Boga-rúllan?*

Jú, ef allt fer á versta veg þá gæti þetta orðið hin eina og sanna Boga-rúlla.

Bogi Jónsson lýsti því yfir að starfsemi hans á Hliði á Álftanesi væri að fara á hausinn. Hann rak eitt sinn veitingavagninn Boga-rúllur á Lækjartorgi.

Kemur til greina að ríkissjóður taki yfir lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins ohf.:

# Lífeyririnn að sliga reksturinn

**FJÖLMIÐLAR** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur viðrað þá hugmynd að ríkissjóður taki yfir lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins ohf. og eignist í staðinn útvarpshúsið við Efstaleiti. Bókfært virði hússins er þrír milljarðar króna sem er sama upphæð og lífeyrisskuldbindingar fyrirtækisins.

Síðan Ríkisútvarpið var gert að opinberu hlutafélagi árið 2006 hefur um 800 milljóna króna eigið fé fyrirtækisins brunnið upp vegna fjármagnskostnaðar vegna lífeyrisskuldbindinga og húseignarinnar við Efstaleiti. Þegar endurskoðuð rekstraráætlun RÚV var kynnt á dögunum kom fram að í byrjun apríl 2007 var eigið fé RÚV 880 milljónir en var komið niður í tæpa 31 milljón í lok ágúst 2008. Á því tímabili var rekstrartapið um 70 milljónir króna.



**ÞORGERÐUR K. GUNNARSDÓTTIR**

Það sem vinnst með þessari aðgerð er að létta lífeyrisskuldbindingum gömlu stofnunarinnar af RÚV ohf., og þar með fjármagnskostnaði af þeim. Ríkið sem eigandi er í raun að grípa til aðgerða svo RÚV sligist ekki undan þessum fjármagnskostnaði og til að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækisins. Í raun er um bókhaldslegt atriði að ræða þar sem ríkið er eigandi RÚV ohf., og þar með útvarpshússins. Lífeyrisskuldbindingar RÚV eru hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og hvíla á ríkissjóði hvort sem þær heyra undir RÚV sem fyrirtæki eða ríkið sjálft.

Til að af þessu geti orðið þarf að vera heimild á fjárlögum. Hún er ekki fyrir hendi á fjárlögum 2009 sem nú eru til meðferðar Alþingis. Hugsanlegt er að gert verði ráð fyrir þessari aðgerð á fjáraukalögum. **- shá**

Alþingi hækkar gjöld:

# Gjöld á olíu og bíla hækkuðu

**NEYTENDUR Alþingi samþykkti í gær hækkun á olíugjaldi og kílómetragjaldi, vörugjaldi af ökutækjum og eldsneyti og bifreiðagjaldi. Lögin voru keyrð í gegnum þingið með hraði, málið var samþykkt rúmum klukkutíma eftir að það var lagt fram.**

**Olíugjald hækkar úr 41 krónu af hverjum lítra af olíu í 46,12 krónur og vörugjald af bifreiðum, eldsneyti og fleiru hækkar einnig. Bifreiðagjald er í mörgum flokkum eftir þyngd bifreiða og hækka þeir allir.**

**Hraði málsins skýrist líklega af því að menn hafi viljað koma í veg fyrir að bensín yrði hamstrað. - kóp**

Andlátstilkynning samfanga:

# Rannsókn lögreglu lokið

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi lauk í gær rannsókn á rangri andlátsfrétt sem fangi á Litla-Hrauni fékk birta um sprelllifandi samfanga sinn í Morgunblaðinu. Óvíst er hvort fanginn verði ákærður.**



**ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON**

**Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, segir ekki mikið hafa komið út úr rannsókninni. Ekki hafi auglýsingin orðið fanganum að féþúfu, enda enginn lagt inn á reikning sem getið var í auglýsingunni. Skoðað verður hvort ákært verði fyrir tilraun til fjársvika, eða hvort litið verði á málið sem ósmekklegt grín og það látið niður falla. - bj**

Staða saksóknara auglýst:

# Samráð haft um ráðningu

**ALÞINGI** Staða sérstaks saksóknara sem rannsaka á aðdraganda bankahrunsins verður auglýst fljótlega. Haft verður samráð við fulltrúa allra þingflokka um ráðningu, segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.



**BJÖRN BJARNASON**

Alþingi samþykkti frumvarp um sérstakan saksóknara á miðvikudag. Björn sagði á Alþingi í gær að umsóknarfrestur verði tvær vikur. Að þeim liðnum verði fulltrúar allra flokka, valdir með samráði við allsherjarnefnd, kallaðir til samráðs í dómsmálaráðuneytinu um ráðninguna. **- bj**

# Vill tvær milljónir í bætur vegna Bjarna

**Vilhjálmur Bjarnason hefur stefnt stjórn gamla Glitnis vegna starfslokasamnings sem gerður var við Bjarna Ármannsson, fyrrum forstjóra bankans. Stefndi einnig bankanum en því var frestað vegna neyðarlaga ríkisstjórnar.**

**DÓMSMÁL** Vilhjálmur Bjarnason, hluthafi í gamla Glitni, krefst tveggja milljóna króna í skaðabætur vegna starfslokasamnings sem gerður var við fyrrum forstjóra bankans, Bjarna Ármannsson.

Vilhjálmur hefur stefnt stjórn bankans, en í henni voru Þorsteinn M. Jónsson, Björn Ingi Sveinsson, Haukur Guðjónsson, Jón Sigurðsson, Katrín Pétursdóttir, Pétur Guðmundarson og Skarphéðinn Berg Steinarsson.

Til vara stefndi Vilhjálmur bankanum sjálfum, gamla Glitni, en sökum neyðarlaga ríkisstjórnar Íslands vegna yfirtöku bankanna og efnahagshrunsins var þeim hluta málsins frestað. Eftir stendur krafan gegn stjórnarmönnum.

Guðni Á. Haraldsson, lögmaður Vilhjálms, bendir á að við starfslokin hafi eigið fé bankans minnkað „og ekki um neinar smáræðis fjárhæðir“.

Að auki hafi jafnræðisákvæði hlutafélagalaga ekki verið virt þegar öðrum hluthöfum var ekki boðið að njóta sömu kjara.

Síðast en ekki síst hafi Glitnir samþykkt sérstakar reglur sem tóku fyrir viðlíka samninga, einungis mánuði fyrir starfslokin.

Lögmaðurinn er vongóður fyrir hönd síns skjólstæðings. Málið sé dálítið sérstakt og engin fordæmi fyrir álíka skaðabótum í málum sem þessum. Hins vegar séu nokkur fordæmi af málum sem snúast um ábyrgð stjórnenda fyrirtækja.

Heyrst hefur úr herbúðum stjórnarmannanna að þeir telji sig einnig geta farið með sigur af hólmi en lögmaður þeirra, Ólafur Eiríksson, sagðist ekki geta tjáð sig um málið nema fyrir dómstólum.

Málflutningur verður eftir áramót. **klemens@frettabladid.is**



**VILHJÁLMUR OG BJARNI** Vilhjálmur hefur stefnt stjórn gamla Glitnis fyrir starfslokagreiðslur Bjarna, sem numu á milli átta og níu hundruð milljónum króna.
FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

## NÆRRI 900 MILLJÓNIR FYRIR AÐ HÆTTA

Bjarni Ármannsson fékk nærri 900 milljónir króna þegar hann hætti störfum hjá Glitni, vorið 2007. Hann hélt launum og árangurstengdum greiðslum í eitt ár og hlutabréf hans voru keypt á yfirverði. Í staðinn hafði Bjarni „ákveðnum skyldum“ að gegna við bankann í eitt ár og mátti hann ekki ráða sig í vinnu í eitt og hálft ár. Takmörk voru sett við hvert hann gæti ráðið sig í lengri tíma vegna trúnaðarskyldu við bankann.

Hluti þessara peninga er hagnaður Bjarna af sölu á hlutabréfum hans í Glitni. Stjórn bankans samþykkti að greiða honum 29 krónur á hlut, en þá var meðalverð á hlut 26,6 krónur. Sagt er að Bjarna hafi verið greiddar eitthvað á milli fjögurra og sjö milljarða fyrir þá.

Í yfirlýsingu frá stjórn Glitnis vegna kvartana Vilhjálms Bjarnasonar, sem birtist í febrúar síðastliðnum, sagði að stjórnin hefði heimild aðalfundar til að greiða allt að tíu prósenta yfirverð á hlut. Enn fremur: „Gengið endurspeglaði markaðsaðstæður og væntingar á þeim tíma. [...] Að mati stjórnar leikur enginn vafi á því að umrædd kaup féllu innan valdheimilda stjórnar og voru eðlileg í alla staði.“



**NÝSTÁRLEG KORT** Hægt er að borða nýju jólakortin hans Hafliða Ragnarssonar.

Nýjung í jólakveðjum:

# Hægt að borða jólakortin

**FÓLK** Súkkulaðijólakort að hætti súkkulaðimeistarans Hafliða Ragnarssonar í Mosfellsbakaríi eru skemmtileg tilbrigði við hefðbundin jólakort.

Á þau prentar Hafliði kveðju og ljósmynd með sérstökum súkkulaðilitum og eru kortin því fullkomlega æt. „Það er svo bara spurning hvort fólk tími að borða ættingja og vini,“ segir hann og hlær. Kveðjan er öðrum megin á hvítri súkkulaðiplötunni en hina hliðina bragðbætir Hafliði með súkkulaðikúlum og öðru góðgæti. **- sjá allt / ve**

Þrjár stúlkur dæmdar:

# Hrottaleg árás á jafnöldru

**DÓMSMÁL Þrjá stúlkur hafa verið dæmdar í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir hrottalega árás á jafnöldru sína. Stúlkurnar sem eru allar innan við tvítugt, stungu meðal annars logandi sígarettu í líkama hennar og neyddu hana síðan til að borða sígarettuna.**

**Tvær stúlknanna fengu sex og fjögurra mánaða skilorðsbundinn dóm til tveggja ára. Þriðja stúlkan hafði áður hlotið tólf mánaða fangelsisdóm fyrir að vera með fíkniefni innvortis er hún var tekin í Leifsstöð. Hún afplánar nú þann dóm og var ekki gerð sérstök refsing nú. Árásin átti sér stað í júlí á síðasta ári í aftursæti bifreiðar í Fossvogskirkjugarði. - jss**






Karlmaður á fimmtugsaldri dæmdur í átján mánaða fangelsi:

# Braut í tvígang svívirðilega gegn þroskaheftri stúlku

**DÓMSMÁL** „Ákærði, sem var á fimmtugsaldri, braut í tvígang svívirðilega gegn þroskaheftri sautján ára stúlku, sem gat ekki spornað við brotum hans.“

Svo segir í sératkvæði tveggja hæstaréttardómara, þeirra Ingibjargar Benediktsdóttur og Garðars Gíslasonar, vegna dóms Hæstaréttar yfir Sveinbirni R. Auðunssyni. Hann var dæmdur í átján mánaða fangelsi og til að greiða stúlkunni 800 þúsund krónur í skaðabætur. Héraðsdómur hafði dæmt hann í tveggja ára fangelsi og til greiðslu sömu upphæðar.

Manninum hafði verið trúað fyrir að aka stúlkunni frá heimili hennar í skóla sem hún sótti á námsbraut fyrir þroskaheft börn. Hann viðurkenndi að hafa tvisvar haft kynferðismök við hana. Stúlkan gat ekki spornað við verknaðinum vegna andlegra annmarka og líkamlegrar fötlunar. Maðurinn kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því að hún væri þroskahömluð. Talið var að honum hafi ekki getað dulist að stúlkan ætti við andlega annmarka að stríða.



**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** Mildaði dóm héraðsdóms yfir manninum.

Ofangreindir dómarar skiluðu sératkvæði, því þeir vildu að dómur héraðsdóms yfði staðfestur og maðurinn fengi tveggja ára fangelsisdóm. **- jss**


NÝJA ÍSLAND!
NÆSTUM NÝIR
SKODA OCTAVIA
Á 30% AFSLÆTTI
Í DESEMBER
Octavia
20
BÍLAR Í BOÐI
NÚ BJÓÐUM VIÐ NOKKRA NÆSTUM NÝJA SKODA OCTAVIA Á 30% AFSLÆTTI
Í SÝNINGARSAL HEKLU NOTAÐRA BÍLA Á KLETTHÁLSI 1B.
VERÐ FRÁ 500.000 TIL 1.600.000. KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.
JÚ JÚ, VIÐ FÓRUM Á ÚTSÖLU OG FYLLTUM FRYSTIKISTUNA. ÉG VIÐURKENNI ÞAÐ.
EN ÞAÐ SNIÐUGASTA SEM VIÐ GERÐUM VAR AÐ KAUPA NOTAÐAN BÍL HJÁ HEKLU.
Opið 10–18 virka daga
Klettháls | sími 590 5044 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is
HEKLA
NOTAÐIR BÍLAR
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 11.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,00 | 115,54 |
| Sterlingspund | 172,41 | 173,25 |
| Evra | 151,45 | 152,29 |
| Dönsk króna | 20,324 | 20,442 |
| Norsk króna | 16,520 | 16,618 |
| Sænsk króna | 14,341 | 14,425 |
| Japanskt jen | 1,2483 | 1,2557 |
| SDR | 173,24 | 174,28 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
199,8842

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sparnaður upp á einn milljarð króna í undirbúningi hjá LÍN:

# Hækka vexti eða nota eigið fé

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin gerir ráð fyrir sparnaði upp á einn milljarð króna hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, LÍN, í tengslum við sparnaðaraðgerðir sínar. Útfærslan er í höndum menntamálaráðherra og er unnið að henni í samráði við LÍN.

Ásta Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN, segir að sparnaðurinn eigi ekki að koma niður á námsmönnum. Tvennt komi einkum til greina, að ganga á eigið fé sjóðsins eða hækka vexti á lánum sjóðsins. Eftir sé að útfæra sparnaðartillögurnar en ekki sé talað um að breyta úthlutunarreglum.

„Ýmsar leiðir eru færar. Eitthvert svigrúm er til að ganga á eigið fé sjóðsins. Í uppsveiflunni undanfarin ár hafa greiðendur greitt meira inn en reiknað var með vegna þess að þeir hafa haft hærri tekjur. Sjóðurinn hefur því hægt og bítandi verið að búa í haginn fyrir verri tíð,“ segir hún.



**GANGA Á EIGIÐ FÉ** Unnið er að sparnaði upp á einn milljarð króna hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Til greina kemur að ganga á eigið fé.

LÍN hefur lagaheimild til að hækka vexti á lán sjóðsins hjá þeim sem þegar eru að borga af lánum sínum. Vextir eru nú eitt prósent en samkvæmt lögum má hafa vextina allt að þremur prósentum en aðeins er þó rætt um að hækka þá um hálft til eitt prósent.

Reiknað er með yfir 14 milljörðum í útlán hjá LÍN á þessu ári. Núvirði eiginfjár er 21 milljarður fyrir árið 2007. - ghs

Bætur fyrir brottvikningu:

# Ríkið dæmt skaðabótaskylt

**DÓMSMÁL Íslenska ríkinu var í gær gert skylt að greiða Sigurjóni Erni Þórssyni 500 þúsund krónur í skaðabætur, auk 640 þúsund króna í málskostnað, í héraðsdómi Reykjavíkur.**

**Sigurjóni var vikið úr stöðu formanns stjórnarnefndar um málefni fatlaðra í júlí 2007, tæpum þremur mánuðum eftir að hann var skipaður, af Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra. Hann leitaði skýringa en fékk engar og stefndi því íslenska ríkinu. Sigurjón fór fram á tæpar tvær milljónir króna í skaðabætur en var dæmd hálf milljón, auk 640 þúsund króna í málskostnað. - kóp**

Hæstiréttur Íslands:

# 365 dæmt til að greiða bætur

**DÓMSMÁL** 365 miðlar ehf. voru, í Hæstarétti í gær, dæmdir til að greiða Magnúsi Ragnarssyni, fyrrum framkvæmdastjóra Skjás eins, 840 þúsund krónur í miskabætur. Bæturnar eru vegna ummæla sem birtust í Fréttablaðinu og DV.



**MAGNÚS RAGNARSSON**

Tvenn ummæli sem dæmd voru dauð og ómerk sneru að einkalífi Magnúsar. Þá voru ummælin „Maggi glæpur“ og „Geðþekkur geðsjúklingur“ einnig dæmd dauð og ómerk. Þá voru 365 miðlar dæmdir til að greiða Magnúsi 300 þúsund krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hluti miskabótanna, 600 þúsund krónur, bera dráttarvexti frá 7. júní 2007 til greiðsludags. - kóp

Stjórn Verne Holding fundar:

# Bein fjárfesting ekki óheimil

**VIÐSKIPTI Erlendir fjárfestar mega koma með fé inn í rekstur íslenskra fyrirtækja, en þeim er ekki heimilt að selja hlut sinn aftur og fara með fjárfestinguna úr landi.**

**Þetta er túlkun Seðlabankans á reglum um gjaldeyrismál, sem bankinn sendi stjórn félagsins Verne Holding, sem áformar rekstur gagnavers hér á landi.**

**Gjaldeyrishöftin voru rædd á stjórnarfundi Verne Holding í gær. Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður félagsins, segir mikilvægt að hömlunum verði aflétt sem fyrst, enda afar neikvætt fyrir fjárfesta að geta ekki farið með sitt fé aftur. - bj**

# Raunverð fasteigna í höfuðborginni svipað og 2005

**Hækkun á fasteignaverði undanfarin ár virðist að hluta gengin til baka. Raunverð fasteigna á höfuðborgarsvæðinu hefur lækkað um 17 prósent á einu ári. Aukið aðgengi að fé skýrir hækkun sem nú er að hverfa aftur.**

**EFNAHAGSMÁL** Raunverð fasteigna á höfuðborgarsvæðinu hefur lækkað um rúm sautján prósent frá október 2007 til október síðastliðins. Verðið í október er svipað og það var í maí 2005, stuttu eftir að bankarnir komu inn á íbúðalánamarkaðinn.

Raunverð fasteigna er reiknað út frá vísitölu húsnæðisverðs, sem sýnir breytingar á meðalfermetraverði, að teknu tilliti til vísitölu neysluverðs án húsnæðisverðs. Með öðrum orðum er húsnæðisverðið metið og tekið tillit til kaupmáttar almennings.

Þannig má finna nokkurs konar vísitölu raunverðs fasteigna á höfuðborgarsvæðinu. Þegar þessi vísitala er skoðuð sést að þrátt fyrir niðursveiflu frá seinni hluta ársins 2007 er raunverð fasteigna á höfuðborgarsvæðinu nú rúmlega tvöfalt hærra en það var í upphafi árs 1994.

Raunverð fasteigna hafði verið stöðugt frá 1994 til byrjun árs 1999, þegar það tók að hækka hægt og bítandi. Lítils háttar niðursveifla varð árið 2001, en sé tímabilið frá ársbyrjun 1999 fram á mitt ár 2004 skoðað var hækkunin í kringum tíu prósent á ári. Hefði húsnæðisverð haldið áfram að hækka á svipuðum hraða væri raunverð fasteigna á höfuðborgarsvæðinu nú um 20 prósentum lægra en það er í dag.

Sérfræðingar sem rætt var við segja húsnæðisbóluna hafa tekið að blásast upp seinnipart ársins 2004, þegar bankarnir fóru að bjóða íbúðalán á áður óþekktum kjörum. Þá var lánshlutfall Íbúðalánasjóðs einnig aukið í 90 prósent fyrir alla lánþega. Sú hækkun sem hafi orðið frá þeim tíma hljóti að ganga að talsverðu leyti til baka.

Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá Landsbankanum, segir að fasteignamarkaðurinn eigi það til að fara út í öfgar, hvort sem það er í lækkunum eða hækkunum.

Þegar aukið fjármagn hafi komið inn á íbúðamarkaðinn haustið 2004 hafi eftirspurn aukist, en þar sem langan tíma taki að byggja nýtt húsnæði hafi framboðið ekki aukist strax. Það sé uppskrift að verðhækkunum. Þegar byggingariðnaðurinn hafi svo brugðist við hafi mikill hagnaður gert það að verkum að of mikið hafi verið byggt.

Sögulega hefur verðbólgan séð um að lækka fasteignaverð, í stað þess að verðmæti í krónum lækki mikið, segir Edda Rós. Ómögulegt sé þó að spá fyrir um hvað muni gerast nú, en ljóst sé að bæði krónutölulækkun og verðbólga hafi lækkað raunverð fasteigna nú.

Sérfræðingar höfðu spáð því að fasteignaverð færi að lækka fyrr en raunin varð. Ástæður þess að lækkunin kom seinna er einkum rakin til þess að fólksfjölgun hér á landi var mun meiri en víðast hvar annars staðar í Evrópu, auk þess sem kaupmáttur landsmanna jókst mjög.

Lækkun raunverðs á árinu 2008 skýra sérfræðingar með slæmu efnahagsástandi, verðbólgu, miklu framboði á fasteignum, en á sama tíma algeru frosti á lánamarkaði. brjann@frettabladid.is

**ÞRÓUN RAUNVERÐS ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**









## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HORFUR HELGARINNAR**

Almennt má segja að um helgina verði rólegheitaveður og fremur kalt. Á morgun er helst að sjá vind allra austast á landinu með snjómuggu sem teygir sig yfir á norðanvert landið síðdegis. Á sunnudag blæs hann aðeins á landinu vestanverðu með skúrum eða éljum. Það hlánar vestast á landinu á sunnudaginn.



**Á MORGUN**
Hæg, breytileg átt en NV-strekkingur austast

**SUNNUDAGUR**
Sunnan 3-10 m/s, stífastur V-til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Amsterdam | 5° |
| Basel | 1° |
| Berlín | 1° |
| Billund | 2° |
| Eindhoven | 4° |
| Frankfurt | 2° |
| Friedrichshafen | 0° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 8° |
| New York | 4° |
| Orlando | 17° |
| Osló | -3° |
| París | 4° |
| Róm | 12° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Ódýrt í Hagkaup
OPIÐ TIL 22:00 alla daga til jóla
35% afsláttur við kassa
LAMBAHRYGGUR FERSKUR
1.364kr/kg.
Merkt verð 2.098.-
48% afsláttur
774kr/kg
Verð áður 1.498.-
Nautahakk
30% afsláttur við kassa
1.105kr/kg
Merkt verð 1.579.-
Plokkfiskur í sparifötum
- hjúpaður Bernaisesósu
Holta-kjúklingur
45% afsláttur við kassa
1.869kr/kg
Merkt verð 3.398.-
Kjúklingabringur
- ferskar
SS fremstir fyrir bragðið
30% afsláttur við kassa
1.252kr/kg
Merkt verð 1.788.-
Bayonneskinka
- úr læri
OSTAR 3 TEG.
20% afsláttur við kassa
CAMEMBERT
HRÓKUR
GULLOSTUR
JÓLABRAUÐ NÝBAKAÐ
199kr/stk
Verð áður 299.-
RISABRAUÐ 1 KG.
149kr/stk.
Verð áður 249.-
LOACKER ÍSKEX
259kr/stk.
Loacker
FONDENTE
10 dósir
EGILS MALT & APPELSÍN 50CL
990kr/pk
Verð áður 1.199.-
Gleðilega hátíð
MACKINTOSH'S 2.9 KG
2.999kr/stk
Verð áður 4.439.-
Quality Street
Gildir til 14. desember eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Ertu sátt/ur við að greiða tæpar 18 þúsund krónur í nefskatt til RÚV?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 20,8% |
| NEI | 79,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ferð þú í jólaköttinn í ár?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Jóhanna Sigurðardóttir segir gagnrýni forseta ASÍ óskiljanlega:

# Segir kjör öryrkja vera varin

**EFNAHAGSLÍF** „Það er alrangt að öryrkjar verði verst úti og ég skil ekki hvað forseta ASÍ gengur til með svona málflutningi. Við erum fyrst og fremst að verja kjör aldraðra og öryrkja í þessum þrengingum,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

„Fjórðungur lífeyrisþega, 12 þúsund manns, fær vísitöluhækkunina að fullu bætta sem er 20 prósent hækkun. Hjá þeim hækkar lífeyrir um 30 þúsund krónur á mánuði, úr 150 í 180 þúsund krónur, um 20 prósent. Þeir sem eru með tekjur yfir 180 þúsund krónur hækka um 9,6%, líkt og gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Þá eru margs konar kjarabætur sem náðust á síðara ári varðar.



**FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA** Segir bætur lífeyristrygginga á næsta ári aldrei hafa verið hærri miðað við lægstu laun ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Bætur lífeyristrygginga á næsta ári hafa aldrei verið hærri samanborið við lægstu laun ASÍ.“

Jóhanna segir að tveimur milljörðum sé bætt í almannatryggingakerfið miðað við fjárlagafrumvarpið í haust.

„Algjör viðsnúningur hefur orðið á fjárlögum, úr 57 milljarða tapi í haust í 214 milljarða halla og við reynum að spara þar sem hægt er. Ég fullyrði að engu síður er betur gert við aldraða og öryrkja á næsta ári og því sem er að líða, í þessum þrengingum öllum, en í uppsveiflu liðinna ára, þar sem voru 80 til 100 milljarðar í afgang á fjárlögum.“ **- kóp**

Lækkað olíuverð skapar færi:

# Rækjuvinnsla á ný á Siglufirði

**SJÁVARÚTVEGUR Rammi hf. á Siglufirði er að undirbúa að hefja veiðar og vinnslu á úthafsrækju í vor. Ráðgert er að veiða um tvö til þrjú þúsund tonn og að um fimm til átta manns muni stafa við landvinnsluna en verið er að innrétta litla verksmiðju í húsnæði fyrirtækisins á Siglufirði.**

**Ólafur H. Marteinsson, framkvæmdastjóri Ramma, segir að nú þegar olíuverð hafi lækkað sé tækifæri til þess að nýta rækjukvótann sem fyrirtækið eigi en Rammi gerði út fimm togara á úthafsrækju fyrir nokkrum árum en hætti veiðum árið 2005 og vinnslu á aðfluttri rækju í lok árs 2006. - jse**

Lausafjárstaða Árvakurs leyst:

# Glitnir lánar fyrir rekstri

**VIÐSKIPTI** Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, hefur gengið frá skammtímafjármögnun með láni frá Glitni, viðskiptabanka félagsins. Einar Sigurðsson, forstjóri Árvakurs, segir að tryggingar hafi verið lagðar fram fyrir láninu.



**EINAR SIGURÐSSON**

Búið er að gera áætlanir fyrir framtíð Árvakurs og næst á dagskrá sé að vinna að endurfjármögnun með nýju hlutafé, segir Einar. Næstu dagar og vikur verði notaðar til að ræða við þá sem sýnt hafi áhuga á að koma að rekstri félagsins. Einar vildi ekki gefa upp hversu langan tíma megi reikna með að það taki né hvaða tryggingar hafi verið lagðar fram fyrir láninu.

Starfsmenn sem ekki fengu öll laun sín greidd um síðustu mánaðarmót afganginn útborgaðan í gær. Einar vonast til þess að ekki verði dráttur á greiðslum um næstu mánaðarmót. **- bj**

# Málsókn Kaupþings gegn Bretum í óvissu

**Breskir lögmenn hafa miklar áhyggjur af því að frestir renni út og ekki verði hægt að sækja mál vegna Kaupþings í Bretlandi. Lögmaður Kaupþings segir að kröfuhafar verði að ráða hvort farið verði í mál við stjórnvöld í Bretlandi.**

**UTANRÍKISMÁL** „Kröfuhafarnir eiga síðasta orðið,“ segir Helgi Sigurðsson, lögmaður Kaupþings. Þar vísar hann til hugsanlegrar málsóknar á hendur breskum stjórnvöldum.

Hann segir að óvissa sé fólgin í málum af þessu tagi og að ljóst að kostnaður yrði töluverður.

Kaupþing fól breskri lögmannastofu um miðjan október að kanna möguleika á málsókn gegn Bretum vegna dótturfélags Kaupþings í Lundúnum, Singer og Friedlander. Breska fjármálaeftirlitið tók bankann yfir í svörtu vikunni svonefndu, sömu viku og hryðjuverkalögum var beitt gegn Landsbankanum. Þar með féll Kaupþing og víst þykir að gríðarleg verðmæti hafi farið forgörðum.

Lögmennirnir eru nú orðnir mjög áhyggjufullir, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Þeir óttast að ekki verði hægt að hefja málarekstur fyrir 7. janúar næstkomandi, en þá renni út frestur til þess. Takist það ekki, telja lögmennirnir að tækifæri til að sækja rétt Íslendinga fyrir dómstólum heyri sögunni til. Lögmennirnir skrifuðu skilanefnd Kaupþing um þessi mál.

Helgi Sigurðsson bendir á að enn sé beðið álitsgerðar frá lögmönnum, hún komi væntanlega fljótlega.

Eftir því sem næst verður komist telja stjórnvöld óvíst að kröfuhafar verði tilbúnir til þess að leggja út í þann kostnað sem í málsókn gæti falist. Kröfuhafarnir vilji fyrst og fremst fá eitthvað upp í kröfur sínar á hendur bankanum en þeir séu yfirleitt frekar tregir til að leggja út í óvissu í málum af þessu tagi.



**HRYÐJUVERKALÖGUM BEITT Á ÍSLENDINGA** Breski fjármálaráðherrann Alistair Darling var í fararbroddi þegar hryðjuverkalögum var beitt gegn Íslendingum. Lögmenn Kaupþings hafa áhyggjur af málsókn fyrirtækisins. NORDICPHOTOS/GETTY

Samningamenn Íslands gáfu utanríkismálanefnd Alþingis skýrslu í fyrradag um stöðu mála. Nefndarmenn segjast bundnir trúnaði um það efnislega.

„Ég er orðinn langeygur eftir því að málsóknir hefjist, því það er orðið lífsspursmál að við leikum þennan leik gagnvart gamla Kaupþingi og líka gamla Landsbankanum, sem var beittur hryðjuverkalögum. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að við ætlum að klúðra þessu líka,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, fulltrúi Vinstri grænna í utanríkismálanefnd.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Exista, sem átti fjórðungshlut í gamla Kaupþingi, að kanna með möguleika á málsókn. Ákvörðun um framhaldið hefur ekki verið tekin. **- ikh**



**ÓVISSA** Nýir XC-60-jeppar við höfuðstöðvar Volvo í Gautaborg. Fjárhagsaðstoð ríkisins miðar að því að bjarga tugþúsundum starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Bílaiðnaðurinn í Svíþjóð:

# Ríkið býður milljarðaaðstoð

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sænska stjórnin tilkynnti í gær um áform um að leggja allt að 28 milljarða sænskra króna, andvirði um 390 milljarða íslenskra, til stuðnings bílaiðnaðinum í landinu.

Stuðningsáætlunin felur í sér ríkistryggingar fyrir lánum, bein neyðarlán og aukið fé til rannsókna og þróunar til að efla stöðu alls iðnaðar í landinu sem tengist bílaframleiðslu.

Fólksbílaverksmiðjurnar Saab og Volvo hafa lengi kallað eftir ríkisaðstoð vegna fjármálaörðugleika móðurfyrirtækjanna GM og Ford. Líklegt þykir að þau selji bæði sænsku bílamerkin. Tugþúsundir starfa eru í húfi. **- aa**

Embætti ríkislögreglustjóra:

# Skemmtanir um hátíðirnar

**SKEMMTANIR Embætti ríkislögreglustjóra hefur sent frá sér tilkynningu er varðar reglur um skemmtanahald um hátíðirnar.**

**Á aðfangadag, 24. desember, er allt skemmtanahald bannað frá klukkan 18.00. Jóladag, 25. desember, er allt skemmtanahald bannað. Annan dag jóla, 26. desember, er skemmtanahald leyft frá klukkan 6.00 til klukkan 3.00 aðfaranótt 27. desember.**

**Á nýarsdag, 1. janúar, er skemmtanahald leyft til klukkan 3.00 aðfaranótt 2. janúar 2009. - kg**

## SAMGÖNGUR

### Hjólastíganet í Hafnarfjörð

Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar ætlar að óska eftir hugmyndum um reiðhjólastíganet í bænum eftir að nefndinni voru kynntar áætlanir um samgöngunet til hjólreiða og hvernig hagnýta megi reynslu annarra landa við íslenskar aðstæður.

## SJÓNVARP

### Stöð 2 hækkar verð

Mánaðargjald Stöðvar 2 hækkar um tíu prósent um áramótin. Mánaðargjald Stöðvar 2 verður 6.590 krónur. Stærstur hluti samninga Stöðvar 2 um kaup á sjónvarpsefni er í erlendum gjaldmiðli.

CLARINS PARIS

**Clarins kynning** verður í dag í Snyrtistofunni Hrund
Clarins sérfræðingur veitir ráðgjöf um húðumhirðu og kynnir nýju förðunarvörurnar fyrir jól 2008.

Í tilefni dagsins verður boðið upp á 15% afslátt af öllum Clarins vörum

**Gjafabréf frá Hrund**
Dekraðu við hana í ár og gefðu henni gjöfina sem hún gleymir aldrei. Með gjafabréfum í andlits og líkamsmeðferðir frá Clarins fylgir falleg gjöf.

hrund SNYRTISTOFA

**Snyrtistofan Hrund**
**Grænatún 1 - 200 Kópavogur - Sími 554 4025 - hrund@hrund.is**

Karlmaður dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir misnotkun og vörslu barnakláms:

# Ökukennari misnotaði pilta

**DÓMSMÁL** Haukur Helgason ökukennari hefur verið dæmdur í héraðsdómi í þriggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fjórum ungum drengjum. Þeir höfðu ýmist verið að læra á skellinöðru eða bíl hjá honum.

Upphaflega steig einn drengjanna fram og kærði manninn. Sex piltar kærðu svo í kjölfarið.

Nemendurnir voru á aldrinum 14 til 17 ára. Ökukennarinn taldi sig ekki hafa framið lögbrot.

Frá vori 1996 til nóvember 1998 kenndi hann pilti á aldrinum 14 til 17 ára á skellinöðru. Í tugi skipta fróaði hann piltinum. Kynferðismökin áttu sér oftast stað á heimili Hauks eða í bifreið hans í Heiðmörk.

Á sama tímabili kenndi Haukur pilti á sama aldri á skellinöðru og síðar bifreið. Hann fróaði piltinum að jafnaði einu sinni í viku.



NORDICPHOTOS/GETTY

**KENNDI Á MÓTÓRHJÓL** Ökukennarinn fór gjarnan með drengina upp í Heiðmörk.

Hann notaði sömu staði til athæfisins.

Ökukennarinn kenndi þriðja piltinum, 15 til 16 ára, á skellinöðru. Af honum tók maðurinn fjölda nektarmynda, svo og fjórða piltinum. Á heimili Hauks var samtals lagt hald á 3.804 ljósmyndir, sem hann tók margar sjálfur, er sýndu börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. **- jss**

# nettó

**ALGJÖRT VERÐHRUN!**



**50% afsláttur á kassa**

*Sparar 900 kr per kg*

SVÍNAHAMBORGARHRYGGUR

**899 kr/kg**

~~1.799~~ kr/kg




**ÞÚ SPARAR 500 kr**

HUMAR Í ÖSKJU 2 kg

**3.390 kr**

3.990 kr




**ÓTRÚLEGT VERÐ!**

NÓA SIRÍUS KONFEKT
HVÍTUR KASSI

**1.699 kr**




**ÞÚ SPARAR 500 kr**

MACKINTOSH DÓS 2,9 kg

**3.489 kr**

~~3.989~~ kr




**ÞÚ SPARAR 600 kr**

MACKINTOSH DÓS 1,6 kg

**2.599 kr**

~~3.199~~ kr




**ÓTRÚLEGT VERÐ!**

MALT & APPELSÍN
DÓS 500 ml

**99 kr**

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 12. - 14. DESEMBER

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Kíktu á tilboðin á www.netto.is

Tvöfaldir punktar
í Nettó með AMEX!




Birt með fyrirvara um prentvillur.

**VEISTU SVARIÐ?**




1. *Um hversu langan tíma gæti rannsókn á Glitni tafist?*
2. *Hvað heitir nýstofnað ruðningslið á Akranesi?*
3. *Hversu mikið fé á RÚV að fá í gegnum nefskattinn?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

Martti Ahtisaari skorar á Barack Obama að einbeita sér að Mið-Austurlöndum:

# Allar deilur er hægt að leysa

**NOREGUR, AP** Martti Ahtisaari, friðarverðlaunahafi Nóbels í ár, hvetur Barack Obama til að láta það verða sitt fyrsta verk þegar hann tekur við forsetaembætti að gera átökin fyrir botni Miðjarðarhafs að forgangsverkefni stjórnar sinnar.

„Við getum ekki bara haldið áfram, ár eftir ár, að þykjast bara vera að gera eitthvað til að bæta ástandið í Mið-Austurlöndum,“ sagði Ahtisaari í ræðu sinni þegar hann tók við friðarverðlaununum í Ósló á miðvikudag.

„Finna má lausn á öllum átökum, og það er engin afsökun til fyrir því að láta þau dragast að eilífu.“



**OLE DANBOLT MJØS OG AHTISAARI** Formaður norsku Nóbelsnefndarinnar ásamt friðarverðlaunahafa ársins 2008 við afhendingarathöfnina. NORDICPHOTOS/AFP

Ahtisaari fékk verðlaunin í ár fyrir þriggja áratuga starf sitt að friðarmálum víðs vegar um heim, meðal annars í Namibíu, Kosovo og Indónesíu. Hann var forseti Finnlands frá 1994 til 2000, en stofnaði eftir það alþjóðlega friðarstofnun sem hefur unnið að friðarsamningum á nokkrum helstu átakasvæðum heims.

Áður en hann tók við verðlaununum í gær gagnrýndi hann að helstu leiðtogar heims hafi ekki gert nóg til að leysa deilur Ísraela og Palestínumanna.

„Alþjóðasamfélagið og þeir sem völdin hafa sitja aðgerðarlaus og láta þá komast upp með að eyða hvorir öðrum, og þeir láta báða aðila komast upp með að gera líf sitt í framtíðinni enn flóknara og erfiðara en í dag.“ **- gb**

Tveggja ára fangelsi:

## Braut gegn barnfóstrunni

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt mann í tveggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fjórtán ára stúlku sem gætti barna hans á kosninganótt 2007. Auk fangelsisdómsins var manninum gert að greiða stúlkunni 750 þúsund krónur í miskabætur.**

**Við ákvörðun refsingar var litið til þess að verknaðurinn var framinn gagnvart ungri stúlku sem var að gæta barna mannsins. Hann misnotaði sér aðstæður og braut gegn trúnaðartrausti sem ríkja átti í samskiptum þeirra.**

**- jss**



**GRÍMSEYJARHÖFN** Hlutfallslega fá íbúar í Grímsey hæst framlag. FRÉTTABLAÐIÐ/BÞS

Kvótaniðurskurður bættur:

## 250 milljónir til 33 sveitarfélaga

**BYGGÐAMÁL Samgönguráðherra hefur ákveðið skiptingu 250 milljóna króna framlags úr ríkissjóði til sveitarfélaga vegna tímabundins samdráttar í aflamarki þorsks á árinu. Er framlaginu ætlað að koma til móts við tekjumissi sveitarfélaga þar sem samdráttur verður í atvinnu.**

**Framlagi ríkisins er dreift til 33 sveitarfélaga. Mest kemur í hlut Grindavíkur, 35 milljónir, en það er hámarksúthlutun til einstakra sveitarfélaga. Vestmannaeyjabær fær tæpar 25 milljónir, Ísafjarðarbær og Snæfellsbær fá tæpar 24 milljónir. Hlutfallslega hljóta íbúar Grímseyjar hæsta framlagið, um 45 þúsund krónur.**

**- shá**

# Innlán voru stærsti hluti peningasjóðs Kaupþings

**Kaupþing birtir nákvæma samsetningu peningamarkaðssjóðs bankans. Skuldabréf voru keypt úr sjóðnum fyrir um sjö milljarða króna. Á fjórða tug milljarða króna var greitt út úr sjóðnum, en innlán voru tveir þriðju eigna hans. Glitnir og Landsbanki hafa ekki viljað birta upplýsingar um samsetningu sjóða sinna.**

**VIÐSKIPTI** Innlán voru tveir þriðju eigna peningamarkaðssjóðs Kaupþings. Annað var í skuldabréfum, mest frá Kaupþingi og Existu.

Ætla má af yfirliti Nýja Kaupþings um sjóðinn að skuldabréf fyrir sjö milljarða króna hafi verið keypt úr sjóðnum.

Fram kemur í upplýsingum frá Nýja Kaupþingi að 36,3 milljarðar króna hafi verið í sjóðnum þegar greitt var úr honum. Þá hafi tekist að greiða út um 85 prósent af því, um 31 milljarð króna. Skuldabréfin hafi því verið keypt með um 44 prósenta afslætti.

Skuldabréf útgefin af Kaupþingi voru 11,4 prósent af eignum sjóðsins og skuldabréf útgefin af Exista voru tæp sjö. Hlutur annarra útgefenda var minni.

Fram kemur í yfirliti Kaupþings að sjóðurinn hafi smækkað mjög frá því fyrir um ári. Þá voru um 84 milljarðar í sjóðnum. Skuldabréf fjármálafyrirtækja voru um 15 milljarðar af því og skuldabréf annarra fyrirtækja hátt í 40 milljarðar.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst var ákveðið að reyna að draga úr stærð sjóðsins og auka hlutfall innlána þar, eftir að eignarhaldsfélagið Gnúpur fór á hausinn fyrir um það bil ári. Helstu eignir félagsins voru í FL Group, en félagið gaf sjálft út mikið af skuldabréfum.

Talið hefur verið að háar fjárhæðir, jafnvel yfir hundrað milljarðar króna hafi runnið frá nýju ríkisbönkunum inn í sjóðina. Um þetta hefur mikið verið spurt á Alþingi. Ekki hafa enn fengist ítarleg svör, önnur en að viðskiptaleg sjónarmið hafi ráðið kaupum á skuldabréfum.

Fram kom í Markaðnum fyrir skömmu að Nýi Glitnir hefði greitt 13 milljarða króna í sjóð 9. Engar sambærilegar upplýsingar hafa fengist frá Landsbankanum, þrátt fyrir að um það hafi verið spurt.

Þá hefur Fréttablaðið og aðrir fjölmiðlar ítrekað óskað eftir upplýsingum um samsetningu peningamarkaðssjóðina. Kaupþing ríður nú á vaðið. **- ikh**

**SAMSETNING SJÓÐSINS**

| Tegund | Milljarðar króna | hlutfall (%) |
|---|---|---|
| Innlán | 24 | 66,3 |
| Kaupþing | 4,1 | 11,4 |
| Exista | 2,5 | 6,9 |
| Atorka | 2,0 | 5,4 |
| Bakkavör | 1,1 | 3,1 |
| Deutsche bank | 0,7 | 1,9 |
| Fasteignatryggð bréf | 0,6 | 1,6 |
| Marel | 0,4 | 1,2 |
| Eyrir | 0,4 | 1,1 |
| Sparisjóðabankinn | 0,4 | 1,1 |
| Alfesca | 0,0 | 0,1 |



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HÖFUÐSTÖÐVAR KAUPÞINGS** Innlán voru tveir þriðju eigna peningamarkaðssjóða. Annað var í skuldabréfum.




Fréttablaðið spyr um launalækkun forsetans:

## Ekkert bólar á svari

**KJARAMÁL** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, lýsti yfir í nóvember að hann telji eðlilegt að laun forseta og ráðamanna verði lækkuð í ljósi efnahagsaðstæðna. „Ég mundi fagna slíkri ákvörðun,“ sagði forsetinn og taldi að ákvörðun um slíkt ætti að taka sem fyrst.

Ríkisstjórnin hefur kynnt frumvarp um að lækka laun helstu ráðamanna og embættismanna en laun forsetans eru bundin í stjórnarskrána. Fréttablaðið sendi í gærmorgun fyrirspurn til forsetaembættisins til að fá upplýsingar um það hvort forsetinn myndi lækka laun sín. Svar hefur ekki borist.

**- ghs**



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Segist munu fagna ákvörðun um launalækkun.




Debut
Slæða 4.990
Octopus
Eyrnalokkar, leður 5.990
Einnig til í svörtu
Octopus
Hárspöng, leður 5.990
Einnig til í rauðu og hvítu
Debut
Hanskar 2.490
Gjöfin
handa henni
Esprit
6.990
8.990
3.990
3.490
Nærföt
Mexx
24.990
27.990
Leðurstígvél
Taifun
Toppur 6.990
Julian McDonald
Veski 4.990
Esprit
Tölvutaska, leður 9.990
Debut
Pils 12.990
Red herring
Taska 4.990
Handsnyrtisett 2.990
Snyrtikassi 4.990
1.990
3.990
Snyrtivörur og snyrtiveski
Lengri opnunartími. Opið til kl. 22 til jóla
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Við bjóðum Guðrúnu velkomna til starfa



Guðrún V. Eyjólfsdóttir
Stoðtækjafræðingur

STOÐ
Við styðjum þig

Trönuhrauni 8 • Hafnarfjörður • Sími 565 2885 • gudrune@stod.is • www.stod.is

Könnun á trausti því sem landsmenn bera til helstu forkólfanna:

# Jóhanna er efst en Davíð neðst

**SAMFÉLAG** Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra er sá einstaklingur sem Íslendingar treysta best, eða 63,6 prósent þeirra, samkvæmt nýrri könnun Markaðs- og miðlarannsókna (MMR).

Sá maður sem Íslendingar treysta síst er Davíð Oddsson seðlabankastjóri, en 78 prósent segjast bera frekar lítið eða mjög lítið traust til hans.

Næst á eftir Jóhönnu er Ólafur Ragnar Grímsson forseti og treysta 43,7 prósent þjóðarinnar honum mikið. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra er í þriðja sæti yfir þau sem mesta traustsins njóta.

Á eftir Davíð er Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra síst treystandi, að mati úrtaksins. Honum treysta 77,5 prósent lítið. Þriðja minnsta traustsins nýtur Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.

Um 40 prósent sjálfstæðismanna treysta þó þeim Birni og Davíð mikið, sé litið til flokkadrátta, en 23,6 prósent Árna.

Spurt var um traust á 22 þekktum einstaklingum úr stjórnkerfinu; embættismönnum og kjörnum fulltrúum, frá 2. til 5. desember. Könnunin er byggð á 2.464 svörum. - kóþ



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Davíð Oddssyni treysta 9,8 prósent þjóðarinnar mikið, en 13,7 prósent treysta Jóhönnu Sigurðardóttur lítið.

# Kannabisefni skaðlegri og refsing þyngd

**Kannabisefni sem seld eru á götunni nú eru margfalt sterkari heldur en þau voru fyrir nokkrum árum. Þetta á bæði við hér á landi og erlendis. Bretar hyggjast bregðast við með því að þyngja viðurlög við vörslu og sölu efnanna.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það hefur orðið sama þróun á styrkleika kannabisefna hér og erlendis, þau eru miklu sterkari nú en fyrir nokkrum árum.“ Þetta segir Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Bretar undirbúa nú að setja mun þyngri viðurlög við vörslu og sölu kannabisefna en verið hafa undanfarin ár. Innanríkisráðherra landsins hefur mælt með því að refsingar vegna vörslu kannabisefna verði þyngdar að hámarki úr tveimur árum upp í fimm ár. Gert er ráð fyrir að breytingin taki gildi 26. janúar 2009.

Ástæðan fyrir þessari miklu þyngingu á refsingum vegna kannabisefna er sú að svokallaður „skunkur“ hefur nánast tekið yfir kannabismarkaðinn í landinu. „Skunkur“ er virkasti hluti kannabisplöntunnar, það er að segja blómið, sem er í raun kynbætt afbrigði af kannabisplöntunni og inniheldur stærsta skaðsemisþátt kannabisefnanna. „Skunkurinn“ var um 30 prósent af kannabismarkaðinum í Bretlandi árið 2002 en er nú um 81 prósent, að því er fram kemur á vef breska innanríkisráðuneytisins.

Með þessari refsiþyngingu nú eru Bretar að hverfa til baka frá fyrri ákvörðun árið 2004 þegar þeir lækkuðu refsiramma vegna vörslu og höndlunar kannabisefna úr fimm árum í tvö.



**KARL STEINAR VALSSON** Yfirmaður fíkniefnadeildar segir mikilvægt að umræðan taki mið af fyrirliggjandi staðreyndum hverju sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Karl Steinar bendir á fleiri breytingar í Evrópulöndunum. Hollendingar séu að loka tugum af svokölluðum „coffee shops“ í Amsterdam, meðal annars vegna þrýstings frá öðrum löndum. Á þeim stöðum hafi mátt selja kannabisefni.

„Menn hafa svo sem vitað að á mörgum þessara staða hefur verið milliganga um viðskipti á öllum fíkniefnum þótt heimildin hafi eingungis verið til sölu á kannabisefnum,“ segir Karl Steinar. „Það má segja að það sem Bretarnir eru að gera núna og það sem er að gerast í Hollandi séu vísbendingar um að menn hafi farið full frjálslega með að telja kannabisefnin vera skaðlítil.“

Karl Steinar segir enn fremur að skaðsemisþátturinn í kannabisefnum, svokallað THC gildi (Tetra Hydrol Cannabinol) sem sé styrkleiki efnanna, hafi margfaldast í gegnum tíðina.

„Það eru mjög mikilvæg skilaboð sem felast í þessum breyttu áherslum gegn kannabisefnum,“ segir hann. „Þær byggja á rannsóknum, sem sýna stöðu mála hverju sinni og umræðan hérlendis þarf að taka mið af því.“

jss@frettabladid.is

**FÍKNIEFNI OG VIÐURLÖG** - Refsirammar í Bretlandi

| | Varsla | Dreifing/sala |
|---|---|---|
| **Flokkur A** E-töflur, LSD, heróín, kókaín, krakk, ofskynjunarsveppir, amfetamín (stungulyf) | Allt að sjö ára fangelsi eða sekt eða hvort tveggja. | Allt að ævilangt fangelsi, sekt eða hvort tveggja. |
| **Flokkur B** Amfetamín, rítalín, pholcodine (lyf í ópíumlyfjaflokki) | Allt að fimm ára fangelsi eða sekt eða hvort tveggja. | Allt að fjórtán ára fangelsi, sekt eða hvort tveggja. |
| **Flokkur C** *Kannabisefni, róandi lyf, smjörsýra, ketamín (svæfingarlyf) | Allt að tveggja ára fangelsi, sekt eða hvort tveggja. | Allt að fjórtán ára fangelsi, sekt eða hvort tveggja. |

*Áætlað er að kannabisefni færist upp í flokk B 26. janúar 2009.

Nemendur í Valhúsaskóla færðu mæðrastyrksnefnd 200 þúsund krónur:

# Ágóðinn úr Grís fór í aðstoð

**SAMFÉLAGSMÁL** Nemendur í Valhúsaskóla gáfu mæðrastyrksnefnd í gær 200 þúsund krónur sem er ágóði af söngleiknum Grís og öðrum atburðum sem þeir stóðu fyrir í lok nóvember. „Við erum náttúrlega krakkar og unglingar og höfum gaman af því að fá pakka en eins vitum við að nú er kreppa og margir eiga erfitt með að gefa pakka svo við vildum hjálpa til,“ segir Þráinn Orri Jónsson, formaður nemendaráðs Valhúsaskóla.

Spurður um viðtökurnar sem þeir fengu hjá nefndinni þegar þeir komu færandi hendi segir Þráinn Orri: „Formaðurinn [Ragnhildur G. Guðmundsdóttir] var alveg ógeðslega ánægð með okkur. Hún hældi okkur alveg svakalega fyrir þetta.“



**FRÁ SÖNGLEIKNUM GREASE** Arnar Þór Ólafsson og Karen Guðjónsdóttir í hlutverkum Danna og Sandy.

En Ragnhildur á von á meiru úr þessari átt því nemendurnir standa nú fyrir pakkasöfnun. „Þá koma nemendur með pakka til okkar sem við munum síðan fara með til mæðrastyrksnefndar,“ segir Þráinn Orri sem fór með hlutverk Dúdda í Grís-sýningunni við góðan orðstír. - jse

SAMA VERÐ
og í fyrra fyrir alla jólapakka hvert á land sem er

600 kr.
Hámarksþyngd 30 kg,
hámarksstærð 0,09 m³ (t.d. 45X45X45 cm)

Við erum sérfræðingar í matvælaflutningum

Upplýsingar um afgreiðslustaði og opnunartíma er að finna á landflutningar.is

Landflutningar SAMSKIP

desember 2008

# 75 milljónir á einn miða!




## Gefur þú stærstu jólagjöfina í ár?

Allir sem eiga miða í **desember 2009** geta átt von á sérstökum **75 milljóna króna vinningi** sem dreginn verður út í seinni útdrætti þann mánuðinn. Númerið fer einu sinni í pottinn fyrir hvern greiddan mánuð, þannig að sért þú með strax frá upphafi árs, getur þú **tólffaldað möguleikana**.

**Nú fást miðar í sérstakri gjafaöskju í sölubás okkar í Smáralind, hjá aðalumboði og umboðsmönnum um allt land.** Gleddu vin og stuðlaðu um leið að uppbyggingu Háskólans. Svo getur þú auðvitað keypt einn fyrir þig í leiðinni!

**Nánari upplýsingar á sölustöðum, í síma 800 6611 eða á hhi.is.**

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

75 ára
milljónir á einn miða

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 083839



**BARN Á BAKI, VATN Á HÖFÐI** Tvær konur í Harare, höfuðborg Simbabve, á heimleið frá vatnsbrunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Neytendur: GlobalCall

# Ódýrari utanlandssímtöl



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Höskuldur Darri Ellertsson, framkvæmdastjóri GlobalCall, hafði samband. Hann segir GlobalCall sprotafyrirtæki sem stofnað var í sumar í þeim tilgangi að selja ódýrari símtöl til útlanda en áður hafi þekkst. „Við bjóðum símtöl til útlanda á allt að 95 prósent lægra verði en hin símafélögin,“ fullyrðir hann. „Við bjóðum mínútuna til okkar helstu viðskiptalanda (Danmörk, Þýskaland, Bretland, Svíþjóð o.s.frv.) á 3,10 kr./mín. eða rúmlega 2,5 klukkustunda taltíma fyrir aðeins 500 kr.



Þá kostar mínútan hjá okkur til Kína aðeins 4,80 krónur. Hægt er að nýta sér þjónustu okkar úr öllum íslenskum símum og hringja um allan heim.“

Til samanburðar kostar mínútan hjá Vodafone 20,80 kr. til Danmerkur og 92,90 kr. til Kína. Það munar því um minna. Kaupin gerast þannig fyrir sig að keypt er inneign með PIN-númeri. Inneignina má meðal annars nálgast hjá Shell, Olís, 10-11, Krónunni og á globalcall.is. Þar eru líka nánari upplýsingar um þjónustuna.

## Olíuhreinsunarstöð vestra:

# Stóra tækifæri Vesturbyggðar

**ATVINNUMÁL Olíuhreinsunarstöð er stóra tækifærið fyrir Vesturbyggð, segir í skýrslu sem unnin var á vegum Byggðastofnunar. Skýrslan, sem byggir á viðtölum við sveitarstjórnarmenn.**

**Veikleikar Vesturbyggðar, samkvæmt skýrslunni, eru slæmar samgöngur, auk neikvæðar íbúaþróunar. Það vandamál geti hins vegar verið úr sögunni verði olíuhreinsunarstöð reist í Arnarfirði. Samkvæmt skýrslunni á að vera ljóst fljótlega hvort eitthvað kemur í veg fyrir að stöðin verði reist. Hún myndi skapa 500 til 520 störf; alls um 1.500 störf þegar allt er talið.** - shá



**ROD BLAGOJEVICH** Sakaður um að hafa reynt að selja þingsætið sem losnaði þegar Barack Obama varð forseti.

## Þrýst á ríkisstjóra Illinois:

# Ríkissaksóknari hótar málsókn

**BANDARÍKIN, AP Ríkissaksóknari Illinois hótaði því í gær að höfða mál á hendur Rod Blagojevich ríkisstjóra fyrir hæstarétti ríkisins til að lýsa hann vanhæfan til að gegna embættinu, segi hann ekki sjálfur af sér sem fyrst.**

**„Ég er tilbúin að hefja aðgerðir,“ tjáði saksóknarinn Lisa Madigan CNN-sjónvarpsstöðinni.**

**Mjög hefur verið þrýst á Blagojevich að segja af sér síðan alríkislögreglan handtók hann á þriðjudag vegna rannsóknar á ásökunum um að hann hefði reynt að selja þingsætið í öldungadeild Bandaríkjaþings, sem losnaði þegar Barack Obama var kjörinn forseti.** - aa

# Leiðtogar reyna að bjarga Lissabon- og loftslagssáttmála

**Meginverkefni fundar leiðtoga Evrópusambandsins, sem hófst í Brussel í gær, er að bjarga áformum Evrópusambandsins í loftslagsmálum og svonefndum Lissabon-sáttmála sem Írar höfnuðu fyrr á árinu.**

**BRUSSEL, AP** Leiðtogar Evrópusambandsins hófu í gær tveggja daga misserislokafund sinn í Brussel með því að reyna að bjarga metnaðarfullum áformum sambandsins um að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, þrátt fyrir svartar horfur í efnahagsmálum aðildarríkjanna. Horfurnar hafa skapað efasemdir um að sambandið muni standa við „grænan“ metnað sinn.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, lýsti vilja til að öll aðildarríkin 27 lýstu yfir samhljóða stuðningi við áformin, þrátt fyrir efnahagskreppuna. En ítalski forsætisráðherrann Silvio Berlusconi hótaði að beita neitunarvaldi, og ljóst er að leiðtogarnir munu eiga erfitt með að finna málamiðlun sem allir geta sæst á enda miklir hagsmunir í atvinnulífi ESB-landanna í húfi.

Löngu var ákveðið að eitt aðalmálið á dagskrá þessa misserislokafundar yrði svonefnd 20-20-20-áætlun sambandsins í loftslagsmálum: það er markmiðin um að ná 20 prósenta samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og minnst 20 prósenta hlutfalli endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap sambandsins fyrir árið 2020.

Einnig var reiknað með að leiðtogarnir myndu leggja blessun sína yfir fordæmalausa áætlun sambandsins um að dæla allt að 200 milljörðum evra, andvirði hátt í 30.000 milljarða króna, í að bjarga fjármálakerfi aðildarríkjanna og aðrar kreppuvarnaaðgerðir.

Þá kynnir Brian Cowen, forsætisráðherra Írlands, fyrir ESB-kollegum sínum tillögur að því hvernig unnt kann að vera að koma þeim umbótum á stofnana- og ákvarðanatökukerfi sambandsins í framkvæmd, sem til stóð með Lissabon-sáttmálanum svonefnda sem felldur var í þjóðaratkvæðagreiðslu á Írlandi í júní. Tillögur þessar ganga út á að Írar kjósi aftur um fullgildingu sáttmálans fyrir lok október 2009, gegn því að fyrst verði innleidd í hann nokkur ákvæði sem koma til móts við helstu áhyggjuefni Íra.

Þessi ákvæði eru sögð munu lúta að því að hvert aðildarríki muni framvegis halda einum fulltrúa í framkvæmdastjórn sambandsins – til hafði staðið að þeim yrði fækkað – og að því að tryggja hlutleysi Írlands í alþjóðamálum.

audunn@frettabladid.is




**ÍRAFÁR** Mótmælendur við fundarstað leiðtoganna í Brussel halda á loft grímu með andliti írska forsætisráðherrans Brians Cowen, írskum fána og skilti þar sem fordæmdar eru tilraunir til að fá höfnun írskra kjósenda á Lissabon-sáttmálanum hnekkt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




* Innifalið: Flug fram og til baka, skattar og önnur gjöld. Sölutímabil er til 24. des. 2008 kl. 18:00. Bókunartímabil er frá 22. desember til og með 23. jan. 2009.
Jólapakkatilboð gildir til Boston, New York, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Oslóar, London, Manchester, Frankfurt, Parísar og Amsterdam.
Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags nema á Saga Class. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is. Þessar ferðir gefa 750–11.200 Vildarpunkta.



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Samkvæmt tillögunum er kjörnum fulltrúum meðal annars ekki ætlað að þiggja gjafir, fríðindi eða hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim sem leita eftir þjónustu borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Tillaga um siðareglur kjörinna fulltrúa í Reykjavík:

# Borgarfulltrúar þiggi ekki gjafir

**STJÓRNMÁL** Tillögur að siðareglum kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg voru lagðar fyrir fund borgarráðs í gær en þeim er ætlað að ná yfir borgarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum borgarinnar.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 26. ágúst síðastliðinn að stofna starfshóp um gerð siðareglnanna. Hópurinn hefur nú skilað af sér. Í bréfi hópsins til borgarráðs er lagt til að borgarstjórnarflokkarnir fái tillögurnar til umsagnar.

Í tillögunum kemur fram að kjörnir fulltrúar megi ekki nýta sér stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða tengdra aðila. Þá eiga kjörnir fulltrúar ekki að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim sem leita eftir þjónustu borgarinnar, „ef almennt má líta á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu“. Undantekning er þó gerð sé um að ræða „óverulegar gjafir“.

Í siðareglunum kemur einnig fram að kjörnum fulltrúum sé ætlað að halda í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þar með talið gagnsæi í ákvarðanatöku. Þeim er einnig ætlað að halda sig frá því að misnota almannafé. - ovd, bj

# Nú á tímum er nauðsynlegt að sofa vel

## fjárfestu í heilsunni

### Við bjóðum **6 mánaða** vaxtalausar greiðslur

**JÓLATILBOÐ**



**Stór pakki**
**fylgir heilsurúmum frá Svefn og heilsu**
Lök, silkidamask sængurverasett og hlífðardýnur
Verðmæti allt að kr. **55.200**

## S-CAPE
WALLHUGGER

**Sá nýjasti og besti frá Leggett**

**S-CAPE WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú við hlið náttborðsins.**

- Upplýst þráðlaus fjarstýring.
- Uppáhalds stilliminni á fjarstýringu.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Afar hljóðlátir og sterkir þýskir lyftumótorar.
- 2 öflugir nuddmótororar með tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- 12 ára ábyrgð á mótor og grind.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 624.900.
Nú á jólatilboði kr. **499.920** stgr.

## PROFLEX



**Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.**

**Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 1999.**

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stífara mjóbakssvæði.
- 5 ára ábyrgð.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 389.900.
Nú á jólatilboði kr. **331.415** stgr.

**Ein besta heilsudýna í heimi**

## IQ-CARE

**Queen rúm kr. 189.900,-**
**King rúm kr. 269.900,-**

**Amerísku heilsudýnurnar frá**

## Chiropractic®

**Queen rúm kr. 209.000,-**
**King rúm kr. 269.000,-**

## Svefn & heilsa
★★★★★




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# SS HANGIKJÖTIÐ




30%
AFSLÁTTUR

ÚRBEINAÐUR SS HANGIFRAMPARTUR
1574 kr./kg. MERKT VERÐ 2248 KR./KG.




30%
AFSLÁTTUR

ÚRBEINAÐ SS HANGILÆRI
2141 kr./kg. MERKT VERÐ 3058 KR./KG.




30%
AFSLÁTTUR

SS HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
1315 kr./kg MERKT VERÐ 1878 KR./KG.




898

NV UNGNAUTAHAKK 898 kr./kg.




1498

NV UNGNAUTASNITSEL
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.




1498

NV UNGNAUTAGÚLLAS
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.




459

PAPCO JÓLAELDHÚSRÚLLUR
3 stk 459 kr.




698




259

BÓNUS ÍS BRAGÐAREFUR 1 ltr. 259 kr.

COKE LIGHT 6 X 2 LTR. 698 kr.
PEPS 6 X 2 LTR. 698 kr.

SÆLGÆTISBARINN Í BÓNUS
50% afsláttur
ALLA DAGA Í DESEMBER




1398




698



MJÖLL FRIGG ÞVOTTAEFNIÐ
100 SKAMMTAR
1398 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00-19.30

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN



## FERSKUR KJÚKLINGUR



45%
AFSLÁTTUR

ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
549 kr./kg. MERKT VERÐ 998 KR./KG.



1554

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1554 kr./kg. MERKT VERÐ 2220 KR./KG.



498

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 498 kr./kg.



698

ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR 698 kr./kg.

## FROSIÐ KS LAMBAKJÖT



1198

KS FROSIÐ LAMBALÆRI 1198 kr./kg.



1398

KS FROSINN LAMBAHRYGGUR 1398 kr./kg.



VINSÆLASTI HRYGGUR LANDSINS

30%
AFSLÁTTUR

ALI HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
1329 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.




399

KF SVEITABJÚGUN VINSÆLU
399 kr./kg. MERKT VERÐ 499 KR./KG.




498

CHICAGO BRICK OVEN PIZZA
585g aðeins 498 kr stk.

ALLIR BESTU MOLARNIR FRÁ NÓA Í EINUM KASSA.



1598

NÓA KONFEKT
650gr 1598 kr.




GJAFAKORT BÓNUS **VINSÆL JÓLAGJÖF**
RAFRÆNT GJAFAKORT TIL INNKAUPA Í VERSLUNUM BÓNUS. ÞÚ KAUPIR INNEIGN AÐ EIGIN VALI.
FÁST Á SKRIFSTOFU BÓNUS SKÚTUVOGI 13




259

BÓNUS ÍS 2 ltr 259 kr.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00-19.30










## FRÉTTASKÝRING: Niðurskurður hjá ríkinu



**SPARAÐ Í VEGAGERÐ** Geir H. Haarde forsætisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Árni Mathiesen fjármálaráðherra kynntu sparnaðaraðgerðir ríkisstjórnarinnar í gær. Þó að skattar hækki verður ríkið samt að draga úr nýframkvæmdum, þar af helmingur í vegagerð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tekjuskattur fólks hækkar

**Ríkisstjórnin sparar í rekstri og tekjutilfærslum um sem nemur 24 milljörðum króna, eða 5,7 prósent af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Ríkisstjórnin hagræðir í rekstri og frestar verkefnum auk þess sem hún hækkar skatta á einstaklinga. Stefnt er að því að halli ríkissjóðs verði um 45 milljörðum minni en var áætlað.**

Ríkisstjórnin hefur kynnt sparnaðaraðgerðir vegna fjárlagafrumvarpsins og er gert ráð fyrir að sparnaður í rekstrarútgjöldum og tekjutilfærslum nemi um 24 milljörðum króna, eða um 5,7 prósentum af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Bæði er um að ræða hagræðingu í rekstri og frestun verkefna auk þess sem skatttekjur ríkisins aukast. Með þessu verður halli ríkissjóðs 165-170 milljarðar en hefði annars orðið 215 milljarðar.

### Mest í ráðuneytum

Geir H. Haarde forsætisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Árni Mathiesen fjármálaráðherra kynntu sparnaðartillögurnar í gær. Þau segja að gengið sé út frá því að sparnaður komi minnst niður á velferðarkerfinu, menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu og löggæslu. Hlutfallslega mestur samdráttur verði í utanríkisþjónustunni og hjá æðstu stjórn ríkisins. Almennt verður samdráttur í rekstri ráðuneyta um fimm til sjö prósent.

Geir segir að tekjugrunnur fjárlagafrumvarpsins hafi raskast í kjölfar bankahrunsins og heilu tekjustofnarnir séu að hverfa, til dæmis tekjuskattur fyrirtækja og fjármagnstekjuskattur. Aðrir tekjustofnar hafi rýrnað verulega. Við þessu þurfi að bregðast.

### Hækka útsvar

Tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga aukast um sjö milljarða króna á næsta ári því gert er ráð fyrir að skattur á einstaklinga hækki um eitt prósentustig, úr 22,75 í 23,75 prósent. Sveitarfélögin mega hækka útsvar.

Dregið verður úr nýframkvæmdum fyrir 11 milljarða, eða um fimmtung af áætluðum kostnaði. Framkvæmdir munu nema 41 milljarði króna sem er svipað og á þessu ári. Næsta ár verður því eitt mesta framkvæmdaár sögunnar hjá ríkinu.

Helmingur af sparnaði í nýframkvæmdum verður í vegagerð. Framkvæmdum vegna nýrrar flugvélar og varðskips Landhelgisgæslunnar og húsbyggingu Stofnunar Árna Magnússonar verður frestað.

### Lækka laun stjórnenda

Verið er að útfæra smærri aðgerðir til að lækka útgjöld ríkissjóðs og endurskoða útgjaldaþætti. Áformað er að spara í launakostnaði í samráði við stjórnendur ríkisstofnana og hlutafélaga í eigu ríkisins með því að lækka hæstu laun í samræmi við launalækkun þingmanna og ráðherra. Geir vonast til að ekki komi til uppsagna en segir að hver stofnun verði að glíma við það sjálf.

Lágmarks framfærslutrygging almannatrygginga hækkar um tuttugu prósent um áramót fyrir þá sem lægstar hafa bæturnar og 9,6 prósenta hækkun fyrir aðra bótaþega. Kjör lægst settu lífeyrisþeganna hafa aldrei verið hærri samanborið við lægstu laun í landinu, samkvæmt tilkynningu frá ríkisstjórninni.

Breytingar á tekju- og gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins leiða til bættrar afkomu ríkissjóðs sem nemur 42 milljörðum króna. Gert er ráð fyrir að við þriðju umræðu komi fram tillögur sem muni bæta afkomu ríkissjóðs um minnst þrjá milljarða til viðbótar.



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.
ghs@frettabladid.is

### SPARNAÐURINN





Stillanlegt og þægilegt
Við í Betra Bak trúum því að rúm
sé ekki bara staður til að sofa á,
heldur eitthvað miklu miklu meira.
Þú átt það skilið
Nú er rétti tíminn!
20% afsláttur
- notaðu
tækifærið
Fylgir öllum rúmum !
Bókin „Þú getur“ eftir metsöluhöfundinn Jóhann Inga ásamt fleirum fylgir öllum rúmum frá Betra Baki fram að jólum.
Jólagjöfin þín
TempraKON® hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 31.920,-
TEMPUR heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-
Verð áður kr. 9.926,-
TEMPUR heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: 20% afsláttur
Hágæða sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: 20% afsláttur
Fleiri stórglæsileg jólatilboð í verslun okkar
Betra BAK
Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477
Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566
www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardag frá kl. 11-16

## „ORÐRÉTT“

*Örugglega, en finnst hann samt slappur*

**„Gerir hann [Hallgrímur Helgason] sér grein fyrir því hve mikið mæðir á forsætisráðherra Íslands 24 tíma á sólarhring?**

RAGNAR HALLDÓRSSON RÁÐGJAFI
Fréttablaðið 11. desember

*Auglýsingar auglýsingagerðarmannanna vegna?*

**„Í fjórða lagi mun þessi samdráttur í framleiðslu koma mjög illa við íslenska kvikmyndagerð sem hefur stóran hluta tekna sinna af framleiðslu sjónvarpsauglýsinga.“**

BJÖRN B. BJÖRNSSON KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR
Morgunblaðið 11. desember

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR, FYRRUM HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

## *Hefur ekki saknað stjórnmálanna*



„Bara allt fína í Kína,“ segir Ingibjörg þegar spurt er frétta hjá henni á Skaganum. „Ég er meðal annars að vinna fyrir velferðarsjóð barna en Íslensk erfðagreining stofnaði hann fyrir átta árum og lagði í hann hálfan milljarð. Til allrar hamingju náðum við að verja hann gegn öllum þeim áföllum sem dunið hafa yfir svo að við erum að úthluta úr honum núna af fullum krafti.“

Aðspurð hvort hún sakni stjórnmálanna svarar hún ákveðin, „svo aldeilis ekki. Ekki eina sekúndu. En ég veit að það er erfitt hjá stjórninni núna sem fær allan þennan storm í fangið. Mér finnst Geir hafa staðið sig vel og ég sendi mönnum allan þann kraft sem ég á afgangs.“ En Framsóknarflokkurinn, hennar gamli flokkur, hefur líka fengið storminn í fangið og er farinn að þynnast nokkuð að undanförnu. „Já, hann er ekki til skiptanna svo menn verða að koma sér vel saman.“

Hún segist vera í besta hugsanlega félagsskap á Akranesi. „Hér ver ég mestum tíma með barnabörnum mínum en ég á ein tíu sem öll eru hér. Og ég verð að segja að þetta er besti félagsskapur sem ég hef verið í, með fullri virðingu fyrir öllum öðrum.“

## SVÆÐI 51
### LEITA SANNLEIKANS

■ Enginn efast um tilvist svæðis sem gengið hefur undir nafninu Svæði 51 (e. Area 51). Svæðið er í Nevada-eyðimörkinni í Bandaríkjunum og þar er herstöð flughersins. Herstöðin heitir reyndar Groom Dry Lake-herstöðin og flugherinn segir hana eingöngu ganga undir heitinu Svæði 51 hjá áhugamönnum um geimverur. Margir eru sannfærðir um að í herstöðinni séu geymd sönnunargögn um komu gesta úr geimnum til jarðarinnar. Því hafa bandarísk stjórnvöld neitað. Hvort sem geimverur hafa haft viðkomu þar eða ekki leggur mikill fjöldi ferðamanna leið sína á svæðið til að reyna að leita sannleikans.

## SJÓNARHÓLL
### FRUMVARP UM RÍKISÚTARVPIÐ



SIGTRYGGUR MAGNASON
Rithöfundur.

## *Þjóðarútvarp nauðsynlegt*

„Mér virðast hugmyndirnar sem birtast okkur í þessu frumvarpi vera frá því fyrir 6. október. Og skyldi hafa farið fram hjá einhverjum þá upplifðum við hugmyndafræðilegt gjaldþrot. Ríkisútvarpið er gríðarlega mikilvæg menningarstofnun. Þjóðarútvarp er nauðsynlegur vettvangur fyrir lýðræðið í okkar agnarsmáa samfélagi sem eins og sannast hefur er ekki mjög sterkbyggt. Við stöndum á þeim tímamótum að allir ættu að átta sig á því að menning okkar og lýðræði verða ekki rekin á markaði. Veikjum við almannaútvarpið, veikjum við samfélagið.“

# Íslenskur flugstjóri framleiðir íslenskt hvítvín í Móseldalnum

**Hjónin Kári Guðbjörnsson og Anna María Langer eiga óvenjulegt áhugamál en þau framleiða hvítvínið Blindflug í Maring í Móseldalnum í Þýskalandi.**

„Þetta er hörkuvinna en það er mjög gaman að þessu,“ segir Kári Guðbjörnsson um vínframleiðsluna. Sjálfur er Kári flugstjóri hjá Cargolux en Anna María er sálfræðingur. Þau hjónin hafa búið í Móseldalnum í níu ár og segir Kári dalinn alltaf hafa heillað þau. Fyrir nokkrum árum hafi hann, í gegnum flugið, svo kynnst Þjóðverja sem tilheyri fjölskyldu sem ræktað hefur vín í fimm ættliði. Hann segir að hugmyndin hafi verið að fá að kynnast vínræktun aðeins nánar en það hafi endað með því að árið 2005 hafi þeim boðist að leigja vínekru sem gefur af sér 800 til 1000 lítra af víni á ári.




Kári segir uppskeruna þetta fyrsta ár ekki hafa skilað mjög miklu. „Næsta ár kom hins vegar svo mikil uppskera að ég sá ekki fram á að geta stundað vinnu ef ég þyrfti að drekka þetta allt sjálfur og þá fórum við að setja vínið á markað,“ segir Kári.

Vínið, sem unnið er úr Riesling-þrúgunni er hálfþurrt og fæst nú annað árið í röð í vínbúðum ÁTVR. Kári segir viðtökur hafa verið góðar. „Þetta er vín í gæðaflokki en í óbilandi trú á krónunni fastsettum við gengið svo vínið er selt á sama verði og í fyrra,“ segir Kári.

Hann segir vínið ekki vera hefðbundið þýskt vín. „Hefðbundið þýskt vín er sætt en við förum strax með vínið í hálfþurrt og erum að þróa okkur áfram og ætlum að hafa vínið aðeins þurrara á næsta ári,“ segir Kári. Hann segir þau hjónin njóta leiðsagnar gamals vínbónda.

„Við höfum ekki sett þetta vín á markað í Þýskalandi þar sem það er svo stór markaður. Fyrir utan Ísland þá seljum við vínið til Lúxemborgar og Aserbaídsjan þar sem ég flýg þar mikið í gegn. Við önnum eiginlega ekki miklu meira en því,“ segir Kári.

Hann segir vínræktun skemmtilegra áhugamál en til dæmis gæsaskytterí. „Ég var í því öllu á Íslandi áður en það var mjög gaman að skipta yfir í þetta. Starfs míns vegna þarf ég að vera mikið í burtu og þetta er eitthvað sem við í fjölskyldunni getum verið í saman.“

„Þetta er áhugamál sem okkur langar til að halda áfram með en tíminn verður að leiða í ljós hvort við gerum eitthvað meira. Til að byrja með ætlum við okkur þó bara að halda okkur við þessa einu ekru,“ segir Kári.

olav@frettabladid.is



**BLINDFLUG** Kári Guðbjörnsson með flösku af Blindflugi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


# Gorenje eldavél



HI-LIGHT

A Orkunýtni

## Keramik eldavél
EC65121AX

Ryðfrí hönnun. Nýtanlegt rými í ofni: 60 l.
Mál (HxBxD): 90x60x60 cm.
Orkunotkun: 0,79 kWt (blæstri),
0,87 kWt (undir- og yfirhita).

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

PIPAR • SÍA • 82341


VIKA 43

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA



Rachid Benguella

### Jólin snúast um samveru

„Ég er nú eitthvað farinn að huga að jólahátíðinni. Hjá mér snýst þetta nú að mestu um samveru með fjölskyldunni þar sem við borðum góðan mat. Svo á ég eftir að finn einhverjar jólagjafir. Ég verð örugglega eitthvað á Sólheimum um jólin en konan mín vinnur þar. Venjulega er nú eitthvað skemmtilegt um að vera á Sólheimum um jólin og því kann að vera að ég taki þátt í einhverjum hátíðarhöldum þar. Svo verðum við hjónin líklega eitthvað í Hafnarfirði, hjá tengdaföður mínum og njótum þess að vera með pabba hennar og systrum og fjölskyldum þeirra. Við eigum alltaf góðar stundir á jólum og gerum eitthvað saman.“



Algirdas Slapikas:

### Íslenskuprófið gekk afar vel

Algirdas er hin mesta hamhleypa sem fellur sjaldnast verk úr hendi. „Ég var að klára síðasta prófið fyrir jól,“ en hann er í fjarnámi hjá Menntaskólanum á Ísafirði þar sem hann nemur samfélagstúlkun. „Þetta var próf í íslensku og ég held ég hafi bara skilað afar góðu verki. En svo er líka nóg að gera í félaginu,“ en hann er stjórnarmaður í Félagi Lithá á Íslandi. „Við stöndum fyrir litlu jólunum í Alþjóðahúsinu 26. desember og hvetjum öll börn, litháísk sem önnur til að mæta. Annars er ég mikið jólabarn. Ég er búinn að vera að skreyta húsið með konunni og er kominn í jólaskap.“

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier

### Foreldrar í heimsókn



„Foreldrar mínir eru í heimsókn frá Sýrlandi. Þau komu með fulla ferðatösku af dóti, meðal annars ekta hummus sem ég er sólgin í. Það er virkilega gott að fá þau í heimsókn en bara verst hvað veðrið er búið að vera leiðinlegt. Þetta er í þriðja sinn sem mamma mín kemur til Íslands. Hún var hér fyrir um tveimur árum en þá hafði hún ekki komið til Íslands í þrjátíu ár. Pabbi kemur hingað mun oftar enda á hann ættingja hérna. Við höfum gert ýmislegt saman, förum meðal annars út að borða á þriðjudagskvöldið. Á fimmtudaginn átti pabbi kærasta míns afmæli og þá borðuðum við saman, ég, kærastinn minn og foreldar okkar. Foreldrar mínir fara heim á föstudaginn og þá flýg ég með fjölskyldu kærasta míns til Bandaríkjanna. Ég hlakka mikið til ferðarinnar enda gott að komast burt úr skammdeginu.“

© Inter IKEA Systems B.V. 2008




# Nú lækkum við verðið á jólavörum ...

# ... mikið

IKEA®

Opið 11-22 fram að jólum
Veitingastaður opinn 9:30-20:30
www.IKEA.is

# ÞÚ FINNUR JÓLA

## ÚRVAL FALLEGRAR







**FLAME LEIRPOTTARNIR FRÁ *Emile Henry***
Alltaf glæsilegir og spennandi á matarborðinu.
Frönsk leirvara. Frönsk matarmenning.
Betra bragð og meira næringargildi.



**ELDHÚSHNÍFAR AF BESTU GERÐ FRÁ *Zwilling***
Matgæðingar og atvinnukokkar sækjast í þessa hnífa.
– og frábært sett fyrir börnin.





**BÖKUNARVÖRURNAR FRÁ *SiliconZone***
Allt verður skemmtilegra – og þægilegra.



**AEG**

**SKAFT-RYKSUGA**
· Snúrulaus hleðsluryksuga með skafti eða handryksuga
· 9,6 V · Pokalaus - Auðvelt að tæma.
· Tvær hraðastillingar
· Rafdrifinn bursti/sópur. Tveir aukaburstar fylgja
· Hleðslustandur fylgir.

**VERÐ KR. 26.900,-**



**Tefal**

**JAMIE OLIVER PROFESSIONAL SERIES FRÁ *Tefal***
Pottar og pönnur sem slegið hafa í gegn um allan heim.

**Tefal**



Afar traust mínútugrill frá TEFAL.
Afar og ömmur verða nú ánægð.
**VERÐ KR. 16.900,-**



**AEG**

Fáðu þér hollustudrykk í morgunsárið!
***Mikið úrval heimilistækja.***



**AEG**

**DRAUMARYKSUGAN FRÁ *AEG***
Þær gerast ekki betri .!!
**VERÐ FRÁ KR. 21.900,-**

## NÝJA „ÍSLENSKA PARIÐ" ER KOMIÐ TIL LANDSINS

Um árabil hefur ORMSSON boðið sérframleiddar AEG þvottavélar og þurrkara fyrir íslenskan markað. Þúsundir ánægðra eigenda um land allt segir allt sem segja þarf um vinsældir og gæði þessara véla.




**AEG–ÞVOTTAVÉL**
*með íslensku stjórnborði*
**LAVAMAT 76850 · ÍSLAND**
• Taumagn: 7 kg • Vinduhraði: allt að 1600 snú./mín. • Mjög hljóðlát og sparneytin vél • Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sparnaðarkerfi og 20 mín. hraðkerfi • Öryggiskerfi gegn leka • Þvottahæfni: A • Þeytivinduafköst: A Orkuflokkur A+ • 3ja ára ábyrgð • *Vönduð notendahandbók á íslensku*

**AEG–ÞURRKARI**
*með íslensku stjórnborði*
**LAVATHERM 58840 · ÍSLAND**
• Barkalaus þurrkari • Taumagn: 7 kg Hurðarop: 33 cm • Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig auk sérstillingar fyrir ull, sportklæði og straulétt • Krumpuvörn: Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun • ***NÝJUNG***: Þurrkunargrind fyrir íþróttaskó og ullarfatnað • *Vönduð notendahandbók á íslensku*




**UPPÞVOTTAVÉL FRÁ *AEG***
Íslenskt stjórnborð · Orkunýtni: A · Þvottahæfni: A · Þurrkhæfni: A · Einstaklega hljóðlát - Aðeins 41 Db · Fæst hvít og í stáli

**NUDD-SESSAN FRÁ *Nordica***
Nú er landanum nauðsynlegra en oft áður að setjast niður og finna stress og þreytu líða úr kroppnum með því að setjast á Nudd-Sessuna góðu.
Ljúf hitamotta.
Handhægar stillingar.
**VERÐ KR. 69.900,-**

OBH NORDICA



**OPNUNARTÍMAR Í LÁGMÚLA 8 og SÍÐUMÚLA 9:**
*Laugardag 13. desember frá kl. 11-16*
*Sunnudag 14. desember frá kl. 13-18*

**OPNUNARTÍMAR Í SMÁRALIND:**
*Opið til kl. 22 - alla daga til jóla*




*UMBOÐSMENN OG VERSLANIR UM LAND ALLT*

| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LÁGMÚLA 8 | SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 |

**FRÉTTASKÝRING:** Hvernig bregst þjóðin við kreppunni?

# Óttast ófrið eftir hátíðirnar


HÖRÐUR TORFASON

„Það er alveg ómögulegt að gera sér grein fyrir mætingunni,“ segir Hörður Torfason, sem fer fyrir mótmælunum á Austurvelli, aðspurður hvort hann eigi von á fjölmenni þar á morgun.

Hann segir að ýmsar ástæður séu fyrir því af hverju svo miklu færri mættu síðasta laugardag en vikuna þar á undan. Jólahátíðin dragi úr þátttöku fólks og þreytu gæti hjá sumu fólki. „Hins vegar tel ég að fólk muni rísa upp aftur af fullum krafti eftir áramót þegar uppsagnir fólks taka gildi og þá eru engin hátíðarhöld fram undan til að lýsa upp tilveruna. Þá óttast ég það einna helst að okkur takist ekki að halda friðsamleg mótmæli. Auðvitað leggjum við áherslu á að þau séu friðsamleg en við erum líka raunsæ og ég tel að yfirvöld ættu að vera það líka og búa sig undir það að fólk fari að bregðast við ástandinu með ófriðsamlegum hætti.“

## LÍÐAN ÞJÓÐARSÁLARINNAR

**Hvaða tilfinningu finnur þú mest fyrir sem tengist ástandinu í landinu?**




*691 atkvæði*

**Heimild: persona.is**



vilborga@centrum.is

# Kraftmiklar ryksugur fyrir öll heimili

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er fáanlegt með vélini.

MOST TRUSTED BRAND 2008

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele ryksugurnar.

best brands 2008 das deutsche markenranking

Verð frá kr.: 22.995

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200




**MÓTMÆLI VIÐ AUSTURVÖLL** Þó að færri hafi látið óánægju sína í ljós í síðustu viku er landanum ekki runnin reiðin. Viðmælendur Fréttablaðsins segja hann nú þurfa að gera upp við sig hvort hann vilji bölva í hljóði og búa í samfélagi sem er honum lítt að skapi eða þreyja þær þrautir sem felst í að byggja gott samfélag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Fjöldinn skiptir ekki máli heldur áhrifin

**Er reiðin að renna af þjóðinni eða finnur hún engan farveg fyrir hana? Prestur segir komið að eins konar úrvinnsluferli, annar segir þjóðina bæla reiðina. Hvað sem því líður stendur hún frammi fyrir því að velja hvort hún taki slaginn eða lækka þjáningaþröskuldinn og láta hlutina yfir sig ganga.**

Það hafa orðið þáttaskil í viðbrögðum þjóðarinnar við kreppunni. Eftir röð fjölmennra mótmæla- og borgarafunda er eins og að dregið hafi úr ákafa fólks og færri láti til sín taka. Færri mæta og færri vilja hafa sig í frammi í fjölmiðlum, sé mið tekið af aðsendum greinum hér á Fréttablaðinu. En hvað er að gerast? Er þjóðin að koðna niður eða að búa sig undir næsta leik?

„Það er þekkt að þegar fólk lendir í áföllum finnur það til mikillar reiði fyrst um sinn en svo er eins og það fari af stað einhvers konar úrvinnsluferli,“ segir Björn Harðarson sálfræðingur. Hann segir að þá byrji fólk að venjast nýjum aðstæðum. „En það er svo hægt að deila um hvað það er að venjast hlutunum. Hjá langveiku fólki getur þetta falist í því að lækka sársaukaþröskuldinn þó að öll einkennin séu enn til staðar.“ Þá er það bara spurningin hvort þjóðin ætli að vinna úr vandanum eða lækka þjáningaþröskuldinn sinn.

## MINNA ÞUNGLYNDI Í KREPPU

En ekkert er svo með öllu illt að ei boði neitt gott og í öllum þessum hremmingum hefur Björn Harðarson sálfræðingur góð tíðindi til að færa okkur. „Rannsóknir hafa sýnt að þunglyndi er mun algengara í velmegun en kreppu,“ segir hann. „Í kreppunni þjappar fólk sér saman og styður hvað annað í baráttunni þar sem hver og einn veit sitt hlutverk. En þunglyndi getur oft verið velmegunarsjúkdómur; þegar allt gengur vel og fólk hefur ekkert til að berjast fyrir, þá fer því oft að líða illa.“

Bjarni Karlsson sóknarprestur telur að ofsareiðin sem fyrst greip um sig sé að mestu runnin af þjóðinni og að tími úrvinnsluferlis sér runninn upp.

Hann telur einnig að fólk sé nú að verða meðvitað um að það voru fjölmargir þættir sem fóru úrskeiðis með þeim afleiðingum að við erum nú í þessum þrengingum. „Það hefur átt sér stað mikil samræða í samfélaginu og með henni verður til það sem ég vil kalla þjóðarvilji,“ segir sóknarpresturinn. „Þá sjáum við hvernig samfélag við viljum hafa en áttum okkur jafnframt á því að leiðin að því samfélagi er ekki fólgin í einfaldri lausn. Hún byggist ekki á einni atvinnugrein, einum leiðtoga eða einni ákvörðun. Og það sem við þurfum að gera upp við okkur núna er hvort við ætlum að taka slaginn og vera sjálfstæð og þróttmikil þjóð þrátt fyrir allar þær þrautir sem því mun fylgja eða ætlum við að leggja örlög okkar í hendur einhvers fámennisvalds.“

Hann segir þjóðina einnig glíma við ákveðna skömm. „Hluti af því sem landinn er að glíma við núna er skömm fyrir að hafa farið sofandi í átt að feigðarósi. „Við sofnuðum á verðinum og þjóðarsálin stendur frammi fyrir eigin þrælslund. En nú er það spurningin: Nennum við hafa fyrir því að hafa hér raunverulegt lýðræði, að byggja þessa eyju í friðarmenningu þar sem ríkir sátt og jöfnuður. Ef svo er þá verðum við að segja upp þessari sigurvegaramenningu þar sem fáir veðhlaupahestar gátu talið okkur í trú um það að aðeins fremstu hlauparar skiptu máli en hlutverk hinna væri að hirða það sem dettur af gnægtaborði þeirra.“

Einar Már Guðmundsson rithöfundur segir að ekki megi draga of miklar ályktanir af fjölda þeirra sem mæta á mótmæla- eða borgarafundi. „Þetta er nefnilega ekki spurning um fjölda heldur áhrif,“ segir hann. „Annaðhvort fer ríkisstjórnin eða ekki. Annaðhvort verður tekið á spillingunni eða ekki. Stjórnvöld og auðmenn bíða eftir að rykið setjist eins og þeir orða það. Sem sé, að ekkert breytist en það vill fólk ekki. Þess vegna tel ég að mótmælin haldi áfram. En ef svo skyldi fara að þjóðin ákvæði að sætta sig við þetta þá verður þetta mjög vont þjóðfélag til að búa í.“



FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is

## FÓLKIÐ ER LÁTIÐ KYNGJA REIÐINNI

Hjörtur Magni Jóhannsson fríkirkjuprestur segir það síður en svo að dregið hafi úr reiði fólks og það sé spurning um almannaheill að stjórnmálamenn og embættismenn axli ábyrgð og viðurkenni mistök. „Ég held að fólk sé mjög reitt enn þá,“ segir hann. „Og þar sem enginn ætlar að axla ábyrgð og fáir látnir svara til saka þá tel ég mikla hættu á því að þessi reiði verði bæld niður því það er ekki tekið á henni og það er hættulegt. Það getur valdið skaða seinna meir og þá í formi félagslegra vandamála og andlýðræðislegra athafna.“

Hann segir það ekki til merkis um að reiðin sé liðin hjá þótt færri mæti til mótmæla og borgarafundi síðustu viku en vikurnar þar á undan. „Fólk er einfaldlega að taka á sínum málum og reyna að lágmarka skaðann eins og hægt er. Þó að fólk hafi ekki tíma til að standa niður á Austurvelli þá er ekki þar með sagt að það sé ekki reitt. Svo er skammt til jóla og þá hrannast upp fleiri viðfangsefni sem geta verið erfið hjá mörgum í ár.“



**HJÖRTUR MAGNI JÓHANNSSON** Ef stjórnmálamenn og embættismenn taka ekki pólitíska ábyrgð getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir samfélagið, segir fríkirkjuprestur.

## FÓLKSFJÖLDI Á MÓTMÆLAFUNDUM Í ÞÚSUNDUM



# Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni



**Veiðiflugur Íslands**
Sannkölluð biblía fluguveiðimanna og hnýtara
**Verð aðeins 3.995**



**Danvise**
Langvinsælasti fluguhnýtingavæsinn á markaðnum árum saman.
**Fullt verð 11.995 – Jólatilboð aðeins 8.995**



**Sage Launch fluguveiðisett**
Góð fluguveiðistöng í fjórum hlutum ásamt hjóli og línu. Hólkur fylgir
**Verð aðeins 39.900**



**Mad derhúfa með ljósi**
Frábærar derhúfur með innbyggðu ljósi í skygginu. Þægilegt í myrkrinu
**Verð aðeins 3.995**



**Scientific Anglers fluguveiðisett**
Góð fluguveiðisett frá þessum virta framleiðanda. Henta byrjendum sem lengra komnum.
**Verð aðeins 19.995**



**Gerviandasett**
12 stokkendur. Blýsökkur og bönd fylgja. Góður poki undir allt settið fylgir með.
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**



**Scierra tvíhendusett**
Trúlega mest keypta tvíhendusettið á markaðnum. Vönduð stöng, hjól, skotlína og kastkennsla á DVD á frábæru verði.
**Fullt verð 54.900 – Jólatilboð aðeins 45.995**



**Buffalo River verðmætahólf**
Lítill öryggisskápur fyrir skotfæri eða verðmætin á heimilinu
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**



**Scierra fleece samfestingur.**
Hlýr og góður samfestingur undir veiðigallann, skíðagallann og í alla útivist.
**Verð aðeins 12.995**



**Simms Freestone dömu vöðlupakki**
Simms Freestone öndunarvöðlur með kvensniði ásamt sterkum Simms skóm.
**Fullt verð 44.800 – Jólatilboð aðeins 34.900**



**Simms L2 Gore tex vöðlupakki**
Vandaðar Simms Gore-tex vöðlur ásamt Simms skóm.
**Fullt verð 56.800 – Jólatilboð aðeins 45.800**



**DAM öndunarvöðlur með stígvélum**
Þriggja laga öndunarvöðlur með áföstum stígvélum
**Verð aðeins 29.995**



**Ron Thompson vöðlupakki**
Vandaðar neoprenvöðlur ásamt vatnsheldum veiðijakka með útöndun.
**Fullt verð 27.990 – Jólatilboð aðeins 21.995**



**Gæsa- og andaflautur**
Úrval af flautum fyrir skotveiðimanninn í fjölskyldunni.
Verð aðeins frá 2.995



**Outers hreinsisett**
Úrval hreinsisetta fyrir haglabyssur og riffla. Skotveiðimenn aðstoða þig við valið.
**Verð aðeins frá 3.995**



**Gunslick hreinsistöð**
Þarfaþing fyrir skotveiðimanninn til smáviðhalds og hreinsunar skotvopna
**Verð aðeins 16.995**




**Ameristep rúllubagginn**
Vinsælasta felubirgið í gæsaveiðina. Rúmar vel 2 veiðimenn.
**Verð aðeins 19.995**



**Cass Creek kalltæki**
Vinsæl kalltæki og æfingatæki fyrir skotveiðimenn. Gæsa- og andahljóð
**Verð aðeins 3.995**



**Nikko Stirling tvífótur**
Traustur, stillanlegur tvífótur fyrir riffla. Frábært jólatilboðsverð
**Fullt verð 16.995 – Jólatilboð aðeins 11.895**



**Norconia sjónaukar**
Gott úrval vandaðra sjónauka frá þessum virta framleiðanda
**Verð aðeins frá 16.995**



**Champion leirdúfukastarar**
Kröftugir kastarar fyrir 2 dúfur.
**Verð aðeins 7.995.**
**Einnig ódýrir handkastarar á 3.995**

## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðimaðurinn 1940 | SPORTBÚÐIN | VEIÐIHORNIÐ

**Veiðibúðin á netinu**
**veidimadurinn.is**

**Krókhálsi 5 - Sími 517 8050**
**sportbudin.is**

**Síðumúla 8 - Sími 568 8410**
**veidihornid.is**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
381 **-2,14%**

**Fjöldi viðskipta:** 171
**Velta:** 259 milljónir

MESTA HÆKKUN
**EXISTA** 20,00%
**ATLANTIC PETROL.** 6,25%

MESTA LÆKKUN
**STRAUMUR-BURÐA.** 4,21%
**MAREL** 3,59%
**ÖSSUR** 2,31%

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** 200,4 +0,90%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,90 +0,00% ... Bakkavör 3,55 -0,84% ... Eimskipafélagið 1,32 -0,75% ... Exista 0,06 +20,00% ... Icelandair Group 13,20 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 75,30 -3,59% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 2,73 -4,21% ... Össur 97,20 -2,31%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Heimskreppan og fyrsta dómínóið



Boðið verður upp á áhugaverðan fyrirlestur í Hátíðarsal Háskóla Íslands í hádeginu í dag, þegar Gylfi Magnússon, dósent í viðskiptafræði, heldur fyrirlestur um þær slæmu horfur sem nú eru í efnahagslífi um heim allan. Ætlar Gylfi að leita skýringa á þessari stöðu og hvað verið geti fram undan, sérstaklega hér á landi. Yfirskrift erindisins ætti að gefa ágæta mynd af efnistökunum, en það er: „Heimskreppan og fyrsta dómínóið." Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.

### Sheikinn tapaði stórt

Sheik Mohammed Bin Khalifa Al-Thani lítur á 25,5 milljarða kr. fjárfestingu sína í Kaupþingi sem glatað fé. Vísir hafði eftir Telmu Halldórsdóttur, talsmanni Q Iceland Finance, í gær, að Al-Thani hafi greitt fyrir 5 prósenta eignarhlut sinn í Kaupþingi með reiðufé og mjög tryggum veðum í eignum sínum erlendis.

„Ég reikna samt með að hann sé ekki á flæðiskeri staddur þrátt fyrir þetta tap sitt á Kaupþingi," segir Telma aðspurð.

Al-Thani tilheyrir konungsfjölskyldunni í Qatar en fjölskyldan hefur stjórnað þessu auðuga arabaríki frá því á nítjándu öld.



## Fasteignaverð fjarri jafnvægi

Til þess að fasteignaverð nái hér jafnvægi á ný þarf það að lækka um 25 til 30 prósent á næstu þremur árum. Er þá miðað við að laun hækki á sama tíma um 10 til 15 prósent.

Þetta kemur fram í fyrsta hluta úttektar IFS-Greiningar um fasteignir og vænleika þeirra sem fjárfestingarkosts.

Þar kemur jafnframt fram að hér hafi fasteignaverð lækkað að raunvirði um 16 prósent síðustu tólf mánuði og að lækkunin hafi ekki verið meiri í yfir 20 ár. Í fyrra, þegar fasteignaverð var hvað hæst, segir í skýrslunni að það hafi verið ofmetið um 40 til 50 prósent. **- óká**

## Íslandsvatn í einkaþotum

Vatnsfyrirtækið Icelandic Water Holdings, sem er í eigu Jóns Ólafssonar, sonar hans og bandaríska drykkjavörurisans Anheuser Busch, og framleiðir átappað vatn á flöskum í Ölfusinu, hefur landað þriggja ára samningi við NetJets, eina umsvifamestu einkaþotuleigu Evrópu.

Fátt liggur fyrir um verðmæti samningsins en ætla má að þetta jafngildi útflutningi á tuttugu gámum af vatni á ári, að sögn Jóns, stjórnarformanns fyrirtækisins. Hann er jafnframt afar ánægður með samninginn.

Helstu viðskiptavinir NetJets er fólk í viðskiptalífinu og fyrirtæki. Þorstlátir farþegar í vélunum geta nú svalað þorsta sínum með eins lítra og 330 millilítra flöskum næstu þrjú árin. **- jab**



**VATNIÐ RENNUR Á FÆRIBANDI** Vatn á flöskum úr Ölfusinu verður fáanlegt næstu þrjú árin hjá umsvifamestu einkaþotuleigu Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Tap Existu hleypur á hundruðum milljarða

**Fleiri hundruð milljarðar hafa tapast hjá Existu á síðustu mánuðum þessa árs, eftir að níu mánaða uppgjör félagsins var birt. Hlutir félagsins í Sampo, Storebrand og Bakkavör voru seldir á mun lægra verði en nemur því verðgildi sem fram kom í bókum félagsins í septemberlok.**



**HELSTU EIGENDUR EXISTU** Lýður og Ágúst Guðmundssynir eru helstu eigendur Existu. Svo virðist sem félagið hafi tapað hundruðum milljarða frá síðasta uppgjöri. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Ætla má að fjárfestingarfélagið Exista hafi tapað yfir 400 milljörðum króna á seinasta fjórðungi þessa árs, miðað við uppgjör sem félagið birti í september.

Forsvarsmenn Existu segjast ekki geta tjáð sig um einstakar tölur varðandi reikninga félagsins, enda sé félagið skráð á markaði. Hins vegar sé ljóst að félagið hafi orðið fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni eftir lok síðasta uppgjörstímabils.

Exista seldi hlut sinn í Sampo, norrænu fjármálafyrirtæki, fyrir ríflega 200 milljörðum króna lægri fjárhæð en bókfærð var í uppgjöri félagsins fyrir þriðja ársfjórðung. Þá var hluturinn í Sampo færður til bókar á 2,7 milljarða evra, en skömmu síðar var hann seldur fyrir 1,3 milljarða evra.

Þá var eignarhlutur Existu í Kaupþingi metinn á 1,2 milljarða evra, um 180 milljarða íslenskra króna miðað við gengið í haust, í níu mánaða uppgjörinu, en hann gufaði upp í bankahruninu.

Hlutirnir í Sampo og Kaupþingi voru færðir í bækur Existu með svonefndri hlutdeildaraðferð, sem felur í sér að ekki er miðað við markaðsverð þeirra.

Ætla má að Exista hafi tapað tugum milljóna evra á sölunni á Storebrand, eða hátt í tíu milljörðum króna.

Svipað tap má ætla að Exista hafi tekið á sig með sölu á næstum fjörutíu prósenta hlut í Bakkavör.

Því má ætla að samanlagt tap Existu frá því að níu mánaða uppgjör félagsins var birt, nemi yfir 2,6 milljörðum evra, eða yfir 400 milljörðum króna, miðað við gengi krónunnar í byrjun október, rétt fyrir hrun.

Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu, sagði við kynningu á uppgjörinu að í lok september hefði efnahagsreikningur félagsins sýnt styrk félagsins. „Bókfært eigið fé nam þá tveimur milljörðum evra, eitt það mesta meðal íslenskra fyrirtækja," sagði hann.

Við uppgjörið var greint frá því að eftir bankahrunið væri mikil óvissa um félagið. Það hafi átt eignir umfram skuldir í bankakerfinu „og er enn ekki ljóst hvort og þá hvenær skuldbindingum bankanna gagnvart Exista verður fullnægt. Þess vegna liggur eignastaða félagsins ekki fyrir."

Eftir því sem næst verður komist munu þær skuldbindingar felast að einhverju leyti í gengisvörnum Existu. **ingimar@markadurinn.is**





Jólabók veiðimannsins

Veiðisumarið 2008 í máli og myndum

Fæst hjá útgefanda og á öllum helstu bóksölustöðum.

Litróf
Vatnagörðum 14 – 104 Reykjavík
Sími 563 6000 – www.litrof.is






Jólin öll!
úr kjötborði
FK Hamborgarhryggur m/beini
1.098,kr./kg.
ÁÐUR 1.398,kr./kg.
úr kjötborði
Svínabógur
498,kr./kg.
ÁÐUR 748,kr./kg.
Kók og steiktur kjúklingur
989,kr.
FK Hangilæri úrb.
2.446,kr./kg.
ÁÐUR 3.057,kr./kg.
Hangilæri úrb.
Fjarðarkostur
2.446,kr./kg.
ÁÐUR 3.058,kr./kg.
Ali Hamborgarhryggur úrb.
1.874,kr./kg.
ÁÐUR 2.498,kr./kg.
Hangiframpartur úrb.
Fjallalamb
1.609,kr./kg.
ÁÐUR 2.298,kr./kg.
Nóa konfekt í lausu
1.868,kr.
Merrild kaffi nr. 103
479,kr.
Lindu konfekt 750g
995,kr.
Egils maltöl 0,5 l.
89,kr./stk.
Egils appelsín 2l.
129,kr./stk.
Hátíðarostur
1.099,kr./kg.
ÁÐUR 1.374,kr./kg.
Quality Street 2,9 kg
3.518,kr.
Northland eldiviður
499,kr.
Opið föstudag - 9:00 - 19:00
Opið laugardag - 10:00 - 18:00
Tilboð gilda fimmtudaginn 11. des. til og með 13. des.
FK
FJARÐARKAUP

Troðfullar verslanir af Jólagjöfum fyrir alla fjölskylduna

# Jólagjafir

## DVD




## Tölvuleikir






Póstkröfusími 591-5320

# fyrir alla

SKÍFAN
Nýtt upphaf!
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is

## Tónlist




**Áritanir**
**í Kringlunni í dag**

**Bubbi kl. 17:00**
Spilar og áritar

**Tómas R. kl. 18:00**
Spilar og áritar

**Gjafir sem gleðja**

www.skifan.is

LAUGARDAGUR 13. DESEMBER 2008

LESBÓK

Skáld og bankamenn




Ímynd bankamannsins

Hefur hún beðið hnekki? Kristín Loftsdóttir gerir úttekt á málinu

Guðrún Eva Mínervudóttir
Sköpun Skaparans



Hver eru tengsl véla og manna?
Þau hafa verið mér hugstæð að undanförnu, segir Jóhann Jóhannsson tónlistarmaður




Njóttu laugardagsins til fulls. Tryggðu þér áskrift á mbl.is/askrift eða í síma 569 1122

Morgunblaðið



# JJB semur um framlengingu lána

Breska íþróttavörukeðjan JJB Sports hefur samið við lánardrottna sína um lengingu á lánum.

Á meðal þeirra eru 75 milljónir punda við tvö bresk banka og tuttugu milljóna punda brúarlán frá Kaupþingi, sem var á gjalddaga á mánudag í næstu viku.

Viðræður JJB Sports um frekari endurskipulagningu í rekstri, svo sem fyrirætlanir um sölu á líkamsræktarstöðvum, munu halda áfram, að sögn Bloomberg-fréttaveitunnar.

Exista keypti 29 prósenta hlut í versluninni í félagi við Chris Ronnie, nú forstjóra JJB Sports, í júní í fyrra fyrir 190 milljónir punda, jafnvirði 24 milljarða króna.



**DÚNDRAÐ Í TUÐRUNA** Emile Heskey, leikmaður Wigan, með auglýsingu frá JJB á búningi sínum. Fjárfesting Exista í JJB hefur gufað upp frá í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PARTNERS

Væntingar voru miklar þá. Það gekk ekki eftir líkt og sést á gengi hlutabréfa í versluninni, sem hefur hrunið um tæp 97 prósent síðan þá. Það sat í níu pensum á hlut í gær og hafði aldrei verið lægra.

Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu, sagði í samtali við Markaðinn á dögunum, að kaupendur hefðu haft ákveðna rekstraráætlun í vasanum á sínum tíma en hremmingar á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og skellur í breskum verslanarekstri hafi gert hana að engu. - jab

# Fimmtungur lífeyrissparnaðar gufar upp

**Í nýju riti Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) kemur fram að lífeyrissjóðir aðildarríkja stofnunarinnar hafi tapað 5.000 milljörðum Bandaríkjadala milli októbermánaða þessa og fyrra árs. Hlutur Íslands í þeirri tölu nemur 42,5 milljörðum króna, samkvæmt nýbirtum tölu Seðlabanka Íslands.**

Séreignalífeyrissjóðir innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) töpuðu fimm þúsund milljörðum Bandaríkjadala frá desember í fyrra til októbermánaðar. Þetta jafngildir tæplega tuttugu prósenta tapi, eða um 580 þúsund milljörðum íslenskra króna, sem hurfu úr bókum sjóðsfélaga.

Á sama tíma drógust heildareignir íslensku lífeyrissjóðanna saman um 3,6 prósent, samkvæmt nýlegum tölum Seðlabankans. Munar þar mestu um verðfall á hlutabréfum, ekki síst þeim íslensku eftir bankahrunið í október.

Heildareignir erlendu séreignalífeyrissjóðanna námu 28 þúsund milljörðum Bandaríkjadala, að því er fram kemur í riti OECD um stöðu sjóðanna í skugga hruns á fjármagnsmörkuðum.

Í ritinu kemur fram að 66 prósent tapsins liggi í Bandaríkjunum en afgangurinn í Bretlandi, Ástralíu, Kanada, Hollandi og Japan.

Frændur okkar á Írlandi koma verst undan hremmingum á hlutabréfamörkuðum en þeir horfðu á 30 prósent sparnaðarins gufa upp á árinu.



**KÁTIR ELLILÍFEYRISÞEGAR** Unnið er að því að breyta fjárfestingarstefnu erlendra séreignalífeyrissjóða innan aðildarríkja OECD til að tryggja hag viðskiptavina.

Í ritinu er bent á nauðsyn þess að hraða breytingum á fjárfestingarstefnu sjóða innan aðildarríkja OECD með það fyrir augum að tryggja hag sjóðsfélaga. Slík vinna standi þó fyrir dyrum og sé jafnvel von á að nýjar reglur líti dagsins ljós í næsta mánuði.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær standa íslensku lífeyrissjóðirnir sterkir þrátt fyrir bankahrunið. Þeim sé hins vegar sniðinn þröngur stakkur á hlutabréfamarkaði enda fjárfestingarkostir fáir. Á sama tíma bólgna bankabækur og aðrar innistæður sjóðanna.

Sjóðirnir hafa takmarkaðar heimildir til fjárfestinga lögum samkvæmt en unnið er að því að veita þeim auknar heimildir til kaupa í óskráðum félögum.

jonab@markadurinn.is

# Jólafötin líkast til dýrari í ár

## IFS-Greining spáir verðbólgu í 17,2 prósent í desember. Matarverð hækkar mest.

Verðbólga í desember eykst um prósent milli mánaða gangi spá IFS-Greiningar, sem birt var í gær, eftir. Tólf mánaða verðbólga mælist þá 17,2 prósent og hækkar um 0,1 prósentustig frá fyrra mánuði.

„Mikil óvissa er um verðþróun milli mánaða, en tíðar og miklar sviptingar í gengi krónu hafa leitt til tíðari breytinga á vöruverði,“ segir í spánni, en þar kemur fram að tveir þættir togist á í verðþróuninni. „Annars vegar mikil lækkun á eldsneyti, bensíni og dísilolíu, og hins vegar hækkun á öðrum innfluttum vörum.“

Fram kemur að þótt viðsnúningur hafi orðið í gengisþróun krónunnar síðustu daga, hafi styrking hennar líklega lítil áhrif á vöruverð nú. „Áhrif gengisbreytinga á vöruverð eru að öllu jöfnu nokkra mánuði að seytla inn og gerir IFS greining ráð fyrir að áhrif gengisveikingar krónu séu enn að koma inn í vöruverð.“



**VIÐ BÚÐARKASSANN** Hækkun á verði matvöru vegur þungt inn í verðbólgumælingu desembermánaðar samkvæmt spá IFS-Greiningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í verðkönnun IFS-Greiningar kom fram töluverð hækkun á verði matvöru á milli nóvember og desember. „Mestu munar þar um mikla hækkun á grænmeti og ávöxtum. Sömuleiðis er mikil hækkun á innfluttum matvörum og gosdrykkjum,“ segir í greiningu fyrirtækisins. Einnig virðist verð á fatnaði hækka töluvert. „Og virðist því sem jólafötin verði dýrari í ár,“ segir þar, en um leið er bent á að mikill munur geti verið á milli verslana. „Sums staðar hefur verð fatnaðar staðið í stað eða lækkað á meðan það hækkar um 30 til 40 prósent annars staðar. „Á móti kemur lækkun á eldsneytisverði, frá því um miðjan nóvember hefur verð á bensíni og dísilolíu lækkað um 10 til 12 prósent. „IFS-Greining gerir ráð fyrir að eldsneytisverð muni enn lækka.“ - óká


OPIN BÚÐ
ÍSLENSK HÖNNUN
WWW.CINTAMANI.IS
CINTAMANI
NÝ ÚTIVISTARVERSLUN
LAUGAVEGI 94 // 101 REYKJAVÍK
OPNAR 12. DESEMBER KL. 11.00

OPIÐ TIL 22:00 alla daga til jóla

# Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.887
Bókatíðindaverð 5.980,-




9-10. sæti** Ævisögur
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.170
Bókatíðindaverð 4.880,-




30% afsláttur
TILBOÐ 2.44
Bókatíðinda 3.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 10.409
Bókatíðindaverð 14.870,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-




6. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-




5. sæti** Ævisögur
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.240
Bókatíðindaverð 4.990,-







8. sæti** Barnabækur
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.440
Bókatíðindaverð 3.490,-




6. sæti** Barnabækur
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.300
Bókatíðindaverð 3.290,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.790
Bókatíðindaverð 3.990,-




6 titlar

Jólin vaxtalaus
fyrsta afborgun í mars
Jólalán Hagkaups

* Afsláttur reiknast af almennu verði eða bókatíðindaverði.
** Samkvæmt sölulista 1. des. - 7. des.

Gildir 12.-14. desember

# 30-50% afsláttur
## af vinsælum bókum




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.480
Bókatíðindaverð 4.980,-




1. sæti** Ævisögur
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.890
Bókatíðindaverð 6.990,-




8. sæti** Almennt efni
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.090
Alm. verð 2.999,-

**Höfundar árita:**
Kringlu laugard. og sunnud. kl. 15:00
Smáralind laugard. og sunnud. kl. 16:15



30%* afsláttur
TILBOÐ 2.300
Bókatíðindaverð 3.290,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.440
Bókatíðindaverð 3.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.780
Bókatíðindaverð 3.980,-




2. sæti** Ævisögur
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.240
Bókatíðindaverð 4.990,-




2. sæti** Almennt efni
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.480
Bókatíðindaverð 4.980,-

**Óttar áritar:**
Laugardag í Kringlu kl. 16:00
Sunnudag í Smáralind kl. 15:00



50%* afsláttur
TILBOÐ 750
Alm. verð 1.499,-




7. sæti** Barnabækur
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.790
Bókatíðindaverð 3.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 1.880
Bókatíðindaverð 2.690,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.300
Bókatíðindaverð 3.290,-

Allir titlar fást í Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Áherslur í rannsókn á orsökum bankahrunsins:

## Sérstakar aðgerðir til að sefa reiðina

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR

Á vettvangi stjórnmálanna virðast menn reiðubúnir að grípa til fljótfærnislegra aðgerða sem jafnvel eru taldar vega að grunnstoðum réttarríkisins til þess að sefa reiði almennings eftir fall bankanna.

Nýsamþykkt eru lög um stofnun embættis sérstaks saksóknara „til að annast rannsókn á því hvort einhverjir hafi orðið sekir um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við hinar sérstöku aðstæður á íslenskum fjármálamarkaði“. Meðal yfirlýstra markmiða er að stuðla að auknu trausti almennings á fjármálakerfinu. Þá liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um stofnun sérstakrar rannsóknarnefndar sem á að „leita sannleikans“ um aðdraganda og orsök falls bankanna og tengdra atburða.

Vissulega er nauðsynlegt að grafast fyrir um brotalamir sem hér kunna að hafa verið. Mikilvægt er hins vegar að standa þannig að þessum málum að ekki sé fórnað grundvallarmannréttindum, jafnvel þótt liggi á „að sefa reiði almennings“. Heilbrigðasta útrásin fyrir þá reiði er vitanlega í kjörklefanum og ólíklegt að hún dofni á meðan mál eru skoðuð í nefnd.

Þá er vert að benda á að í umsögnum Lögmannafélags Íslands, bæði um saksóknarann og nefndina sérstöku, eru gerðar alvarlegar athugasemdir við málatilbúnaðinn. Bent er á að frumvörpin snerti réttindi á borð við friðhelgi einkalífs, málsmeðferð opinberra mála og fleiri, sem séu sérstaklega vernduð í stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.

Vísasta leiðin til að stuðla að auknu trausti á fjármálakerfinu, yfirlýstu markmiði lagasetningarinnar, er að setja fram raunhæfa sýn á framtíð þessa lands til lengri tíma litið. Fólk þarf að vita hvert skal stefna og hverju á að kosta til. Hver á að vera framtíðarskipan gengismála hér? Einhliða upptöku annarrar myntar fylgja ókostir og telji menn ekki fullreynt að halda úti krónunni þarf að upplýsa þjóðina um hvað eigi að kosta miklu til í að halda henni á floti.

Stefnulaust gutl sérstakra saksóknara og rannsóknarnefnda þar sem óvíst er um alla útkomu er síst til þess fallin að efla traust á nokkrum hlut. Lögregluembætti landsins hljóta að ráða við að rannsaka grun um afbrot og vísa málum til dómstóla. Þótt bankarnir hafi fallið þá er það ekki næg ástæða til að víkja frá reglum á borð við að hver maður skuli talinn saklaus þar til sekt hans er sönnuð.

Í umsögn Viðskiptaráðs Íslands um sérstaka saksóknarann er jafnframt bent á að hætt sé við að fyrirtæki og fjárfestar færi frá landinu og til ríkja „þar sem hægt er að treysta því að hið opinbera hafi sett sér ófrávíkjanlegar reglur um meðferð persónuupplýsinga og vernd einkalífs“. Bent er á að afnám bankaleyndar og aðrar hliðranir á grundvallarreglum dragi ekki bara úr trúverðugleika stjórnvalda og fjármálakerfisins heldur gangi beinlínis gegn hagsmunum þjóðarinnar. Sé sú raunin væri nær að horfa fremur fram á veginn og velja sér til fulltúa sem treystandi er fyrir þeirri framtíð. Uppgjör við brotamenn á að vera á könnu lögreglu og dómstóla.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ráðagerðin

21. nóvember, fyrir tuttugu og einum degi, sögðust formenn ríkisstjórnarflokkanna hafa komist að samkomulagi um breytingar á lögum um eftirlaun þingmanna, ráðherra og æðstu embættismanna. Helstu efnisatriði voru útlistuð. Þessu var víða fagnað, þó ekki alls staðar. Sumum þótti of skammt gengið. Formennirnir ráðgerðu að leggja fram frumvarp um málið í vikunni á eftir. Sú vika er liðin. Og gott betur. Reyndar eru fjórtán dagar liðnir. Og ekkert frumvarp sést.



### Bunkarnir

Á vormánuðum boðaði forsætisráðherra samráð allra flokka um breytingar á eftirlaunalögunum. Nokkrir fundir voru haldnir síðsumars en án niðurstöðu. Fór svo að VG leiddist þófið og lagði á endanum fram eigið frumvarp. Eftir að hafa legið í bunka þingforseta í fimm vikur var það loks tekið til umræðu á þriðjudagskvöldið. Ögmundur Jónasson og Pétur H. Blöndal ræddu um það í hálftíma áður en því var vísað í nefnd. Í annan bunka.



### Viljinn

Mánuður er liðinn síðan Ólafur Ragnar Grímsson sagðist í Fréttablaðinu myndu fagna því ef Alþingi eða kjararáð lækkaði launin hans. Sagðist hann raunar vilja að það gerðist sem fyrst. Þegar Ólafur lét þessi orð falla var honum fullkunnugt um að launin hans eru stjórnarskrárvarin enda vel lesinn í stjórnarskránni. Hverju ætli forsetinn hafi þá í raun verið að fagna? Varla að þingið bryti stjórnarskrána?

bjorn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Sökudólgar og blórabögglar

Rækileg rannsókn hlýtur að fara fram á aðdraganda íslenska bankahrunsins, eins og Davíð Oddsson krafðist á Viðskiptaþingi á dögunum. Erfitt er að fela hana íslenskum mönnum vegna návígis og tengsla. Ef rannsóknin leiðir í ljós lögbrot, mistök eða stórfelld og vítavert gáleysi, ber að bregðast við samkvæmt því, höfða mál gegn lögbrjótum og víkja þeim, sem mistök gerðu eða voru sekir um gáleysi. Eftir slíka rannsókn geta kjósendur metið ábyrgð stjórnmálamanna, fremur en við æsingar síðustu vikna.

Hins vegar gleymist að örlagavaldar hrunsins voru flestir utan landsteina. Lánsfjárkreppan er alþjóðleg. Í öðru lagi vildu seðlabankar í öðrum EES-löndum ekki liðsinna Íslendingum þegar á reyndi. Í þriðja lagi gerði Gordon Brown endanlega út af við íslensku bankana með beitingu hryðjuverkalaga.

Sumir, sem æsingamenn nefna til sögu, eru frekar blórabögglar en sökudólgar. Einn blóraböggullinn er Seðlabanki Íslands. Vitaskuld má deila um peningastefnu hans frá 2001, en óvíst er að önnur peningastefna hefði



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Í DAG | Efnahagshrunið

afstýrt vandanum. Ekki hefur orðið bankahrun í Nýja-Sjálandi, sem fylgdi sömu peningastefnu. Ákvörðunin um að leggja hlutafé í Glitni í stað þess að veita honum lán hefur einnig verið nefnd. Það ákvað ríkisstjórnin, ekki seðlabankinn. En þeir, sem skoðað hafa málið, vita að það hefði verið óðs manns æði að lána bankanum 80 milljarða af almannafé.

Þá segja sumir, að seðlabankinn íslenski hafi vanrækt að standa vörð um fjármálalegan stöðugleika. En Davíð Oddsson varaði hvað eftir annað við miklum skuldum bankanna erlendis síðustu tvö árin fyrir bankahrunið, þótt hann gæti auðvitað ekki talað á þann veg opinberlega og leitt yfir þá áhlaup. Ég get sjálfur borið vitni um ótal viðvaranir og ábendingar Davíðs, auk þess sem næg önnur gögn eru til um þau.

Annar blórabögglunn er Íslendingar sjálfir. Sagt er að þeir hafi eytt of miklu. Velmegun þeirra hafa verið í krafti greiðslukorta. Þetta er hæpið. Íslendingar spöruðu talsvert meira en aðrar þjóðir á tveimur sviðum. Þeir áttu flestir húsnæði sitt sjálfir og greiddu hátt hlutfall launa í lífeyrissjóði. Þess vegna var ekki óeðlilegt, að þeir notuðu afganginn af tekjunum til að njóta lífsins. Hefðu bankarnir látið sér nægja útlán hér á landi þá hefðu þeir ekki hrunið.

Hér er komið að hinum íslenska þætti bankahrunsins og verðugu rannsóknarefni. Íslensku bankarnir höfðu tekið stór lán erlendis í því skyni að endurlána nokkrum íslenskum auðjöfrum. Hvernig stendur á því að þessir auðjöfrar gátu safnað í bönkunum þúsund milljarða skuldum, sem þeir notuðu ekki aðeins í lystisnekkjur sínar og einkaþotur, heldur líka í margvísleg kostnaðarsöm ævintýri erlendis? Hvers vegna veittu fjölmiðlar, embættismenn og stjórnmálamenn þeim ekki aðhald?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is*
ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**HJÓLIN Í KÍNA** er yfirskrift ljósmyndasýningar sem opnar á morgun klukkan 15.00 í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Myndirnar tók Jóhann Ágúst Hansen þegar hann var í námi við Shanghai-háskóla í Kína.




**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447






# Jólahlaðborð Perlunnar

*20. nóvember - 30. desember*

Lifandi tónlist: *Þrjár raddir* alla fimmtudaga og sunnudaga, *Þórir Baldurs og Óli Sveinn Jónsson* alla föstudaga og laugardaga.

Verð 7.250 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

*6.250 kr.*

| | |
|---|---|
| 23. des. | Skötu- og jólahlaðborð í hádeginu |
| 1. jan. | Nýárskvöldverður Perlunnar |
| 6. jan. | Þrettándakvöld í Perlunni *Sannkölluð þrettándastemmning! Flugeldar og „Allt í steik" seðillinn!* |

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is




„Ég tek eigið krydd og myl það út í súpuna," segir Áslaug en í nýrri bók hennar, Skrímslapest, færir litla skrímslið stóra skrímslinu heita súpu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Alltaf til efni í naglasúpu

**Bókverkakonan Áslaug Jónsdóttir á alltaf til gott hráefni í súpu heima hjá sér. Hún fær nefnilega sent ferskt, íslenskt grænmeti vikulega og lumar svo á kryddi úr eigin ræktun í krukkum og frysti.**

„Ég reyni að kaupa lífrænt ræktað grænmeti og ávexti og núna í kreppunni hugsa ég: Ég hlýt að geta sparað eitthvað annað. Maturinn verður að ganga fyrir og ódýrasta ánægjan er að borða hollt á hverjum degi," segir Áslaug sem er í vikulegri áskrift hjá Græna hlekknum og fær þaðan lífræna ávexti og ferskt, íslenskt grænmeti.

„Ávextirnir koma vissulega frá útlöndum en ég fæ mér oft þeyting og er háð þeim," segir hún. „Svo er ég með pínulítið gróðurhús í sveitinni og rækta þar krydd sem ég þurrka og frysti til vetrarins."

Áslaug skrifar og myndskreytir barnabækur. Í nýju bókinni hennar, sem heitir Skrímslapest, færir litla skrímslið stóra skrímslinu heita súpu því til heilsubótar. Því liggur beint við að spyrja Áslaugu hvort hún lumi ekki á góðri súpuuppskrift. Þá hlær hún.

„Ég geri aldrei súpu eftir uppskrift. Hins vegar geri ég oft naglasúpur því alltaf er eitthvað til í þær, laukur, gulrætur, sellerí og kartöflur. Ég nota líka chili og hvítlauk frá honum Þórði á Akri í súpur, hvort tveggja styrkir og hressir. Svo er fínt að setja smá af linsubaunum og mér finnst kóríander og engifer líka gott í allt. Auk þess að bragðbæta súpur með teningi tek ég kryddið mitt úr krukku eða frystinum og myl það út í súpuna," segir Áslaug og kemur með hollráð í lokin.

„Ég frysti kóríanderinn ferskan og það ráðlegg ég fólki að gera ef það kaupir ferskt krydd og notar það ekki samstundis. Hver kannast ekki við að finna eitthvað dáið í ísskápnum af því það var ekki notað strax? Betra er að frysta kryddafganginn og brjóta hann frosinn út í súpuna eða réttinn. Það er sparnaður."

*gun@frettabladid.is*


# Íslensk hrísgrjón!

Við hjá Nings erum afar stolt af því að geta boðið upp á ljúffenga og bráðholla rétti þar sem uppistaðan er íslenskt lífrænt ræktað bygg. Byggið er ræktað af Eymundi bónda í Vallanesi á Héraði og kallar hann byggið ***„hrísgrjón norðursins"***.



| Næringargildi í 100g af byggi | |
|---|---|
| Orka kkal. | 319 |
| Orka kj. | 1334 |
| Prótein | 11,8 |
| Kolvetni | 65 |
| Fita | 1,9 |
| Trefjar | 12,3 |

Íslenskt bygg með kjúklingi, grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.
Kynningartilboð lítill 590 kr. | stór 990 kr.

Íslenskt bygg með grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.
Kynningartilboð lítill 390 kr. | stór 690 kr.

Viðskiptavinum stendur einnig til boða að fá íslenskt bygg í stað hvítra hrísgrjóna í flesta rétti sem Nings býður upp á.

www.nings.is

TRANS FITA · LO SALT · MSG

NINGS

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899



**SOKKABUXUR** eru mikið notaðar af kvenþjóðinni um jólin. Ágætt er að eiga sokkabuxur fyrir ólík tilefni um hátíðarnar og jafnvel nokkrar auka ef eitthvað kemur upp á þegar allar búðir eru lokaðar.


LAGERSALA
LAGERSALA

Opið hús í Heildverslun
að Dalshrauni 17, Hafnarfirði,

fimmtudag og föstudag frá kl:1200-19:00
laugardag frá kl 11:00-16:00

SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
FATNAÐUR OG MARGT FLEIRA

KOMIÐ OG GERIÐ
GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN




# Flikkað upp á flíkurnar

**Þegar ætlunin er að klæða sig upp á til hátíðarbrigða er fátt sparilegra en slaufur. Breyta má hversdagslegum klæðnaði í spariföt á svipstundu með slaufum frá Guðbjörgu Jakobsdóttur fatahönnuði.**

„Ég gerði fyrstu slaufuna núna í haust en ég er svo nýjungagjörn og vantaði eitthvað nýtt og skemmtilegt skraut á mig sjálfa. Eflaust er það frumhvöt allra fatahönnuða að búa til eitthvað nýtt þegar maður er kominn með leiða á öllu í kringum sig,“ segir Guðbjörg Jakobsdóttir fatahönnuður og brosir.

„Mér þótti slaufuhugmyndin prýðisgóð og hún hlaut góðar undirtektir, vakti eftirtekt og eftirspurn. Þannig að þegar kreppan skall á þótti mér það bara kjörið tækifæri til að gera eitthvað meira úr þessu og setti ég allt á fullt eiginlega um leið og slæmu fréttirnar tóku að berast,“ útskýrir Guðbjörg áhugasöm og segir að hún hafi því ákveðið að snúa vörn í sókn.

Slaufurnar má nota á ýmsan máta. Þær er hægt að nota á barminn, um hálsinn, í hárið eða sem belti. „Slaufurnar eru tilvaldar til að flikka upp á gamla jólakjóla en annars er um að gera að láta hugmyndaflugið ráða. Ég útbý tvenns konar slaufur. Annars vegar eru það fíngerðar silkislaufur sem eru fyrst og fremst hugsaðar um hálsinn og svo beltisslaufur. Annars má nota þær hvernig sem er,“ segir Guðbjörg og nefnir að einfaldur klæðnaður breyti algjörlega um svip með slaufunni.



Guðbjörg skartar hér einni af slaufum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Slaufurnar fást í alls konar litum og mynstrum og eru handgerðar úr silki. „Þær fást í Trilogiu á Laugaveginum og engin þeirra er eins. Þær eru allar skrautlegar og eru bara fyrir djarfar konur,“ segir Guðbjörg og hlær. „Við þurfum líka á litagleðinni að halda í þessu ástandi.“ Hægt er að skoða verk Guðbjargar nánar á vefsíðunni myspace.com/goodbjork.

*hrefna@frettabladid.is*




**JÓLASVEINARNIR** eru farnir að tínast til byggða og sá fyrsti, Stekkjastaur, er væntanlegur á Þjóðminjasafnið klukkan 11 í dag. Bræður hans mæta síðan einn á dag á safnið á sama tíma fram að jólum.





# Nýmóðins og spennandi

**Í listelskandi hugum íslenskra ungmenna leynast fjársjóðir frumlegrar sköpunar sem í senn ber með sér fegurð og fágun. Handverks þeirra má njóta á jólamarkaði Hins hússins á morgun.**

„Ungt fólk á Íslandi er ótrúlega frumlegt og skapandi, en við auglýstum eftir þátttakendum á jólamarkað Hins hússins á netinu og viðtökurnar létu ekki á sér standa,“ segir Berglind Sunna Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi hjá Hinu húsinu – miðstöð ungs fólks, þar sem opinn verður glæsilegur og spennandi jólamarkaður ungs fólks á aldrinum 16 til 25 ára á laugardag milli klukkan 13 og 18.

„Við héldum jólamarkað með svipuðu sniði í fyrra og ákváðum að prófa aftur í ár. Hingað kemur hópur ungs fólks með handverk sitt og hönnun, eins og fatnað, skartgripi, list, nytjamuni og fleira fallegt sem býðst gestum til kaups sem nýta vilja tækifærið og kaupa flottar og nýmóðins jólagjafir handa sínum nánustu,“ segir Berglind Sunna í fagurskreyttu Hinu húsinu við Pósthússtræti.

„Við eigum von á góðum gestum og vonumst til að fólk kíki til okkar á rölti sínu við jólainnkaupin í miðbænum. Við höfum skreytt allt hátt og lágt og virkilega hátíðleg stemning sem ræður hér ríkjum. Boðið verður upp á heitt súkkulaði og smákökur, og tónlistarmennirnir My Summer as a Salvation Soldier, Loji, Einar Indra og Pikknikk munu spila fyrir gesti og gangandi,“ segir Berglind Sunna sem hlakkar til að sjá hvað listelsk ungmennin setja á markaðsborð laugardagsins.



Berglind Sunna Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi í Hinu húsinu, í jólalegum glugga gamla pósthússins á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis. Í bakgrunni er plakat jólamarkaðarins í ár, eftir Sigurð Atla Sigurðsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er kjörið tækifæri fyrir unga fólkið til að koma sér á framfæri og sýna hvað það er að fást við, en þetta eru allt krakkar sem fylgjast með því sem er að gerast og stunda enga eftiröpun, heldur orgínal og frumlega listsköpun, enda með skemmtilegar skoðanir og nálgun á lífið og tilveruna,“ segir Berglind Sunna.

Þess má geta að nemendur á listasviði Fjölbrautaskólans í Breiðholti opna samsýningu í Gallerí Tukt í Hinu húsinu á laugardag klukkan 16, en sú sýning endurspeglar vel þann mikla kraft og gerjun sem á sér stað hjá listnemum FB.

Allir eru velkomnir, og hvattir til að kynna sér hvað unga fólki hefur fram að færa. *thordis@frettabladid.is*










**UPPSKRIFTIR** að alls konar gómsætum jólamat má finna á jólavef Júlla, julli.is/jol. Meðal annars er þar að finna leiðbeiningar um hvernig á að búa til fyrirtaks heimalagað rauðkál.

# Ómótstæðileg jólakort

**Jólakort úr hvítu súkkulaði með jólakveðju og mynd eru til þess fallin að gleðja ættingja og vini með óvæntum hætti. Sumir veigra sér þó við því að borða sína nánustu en erfitt er að standast freistinguna.**

Súkkulaðijólakort að hætti súkkulaðimeistarans Hafliða Ragnarssonar í Mosfellsbakaríi eru skemmtileg tilbrigði við hefðbundin jólakort.

Hafliði prentar kveðju og ljósmynd á sérstaka filmu sem hann bræðir á hvíta súkkulaðiplötu. Hann notar til þess sérstaka súkkulaðiliti og er platan því fullkomlega æt. „Það er svo bara spurning hvort fólk tími að borða ættingja og vini," segir hann og hlær. „Platan geymist þó vel við stofuhita og því engin ástæða til að gleypa hana í einum bita."

Kveðjan er öðru megin á plötunni en hina hliðina bragðbætir Hafliði gjarnan með súkkulaðikúlum og öðru góðgæti sem gerir kortin ómótstæðileg. Þau eru yfirleitt gerð í hefðbundinni kortastærð en Hafliði tekur þó við sérpöntunum hafi fólk aðrar hugmyndir. Hann segir kortin sniðug við hin ýmsu tækifæri og að í fyrra hafi þau til að mynda verið notuð sem boðskort í jólaboð. Þá kaupa einstaklingar þau í auknum mæli til að gleðja ættingja og vini með óvæntum hætti.

Hafliði býður upp á fleira jólagóðgæti og má þar nefna dísætt jólapúsl. Það er úr mjólkursúkkulaði og skreytt gamaldags jólamyndum. Til eru hinar ýmsu útgáfur sem ættu að geta glatt unga sem aldna.

*vera@frettabladid.is*



Hafliði segir súkkulaðijólakortin skemmtilegt tilbrigði við hefðbundin jólakort. Þau eru úr hvítu súkkulaði og fullkomlega æt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Súkkulaðijólakort með mynd og kveðju koma á óvart.



Gómsætt súkkulaðipúsl með gamaldags jólamyndum fæst í Mosfells-

## Borið fram í blómavasa

Margir eru sífellt að leita leiða til að finna nýjar og óvenjulegar aðferðir við að bera fram mat.
Sniðugt ráð til að framreiða eftirrétti er að taka blómavasana, sem oft eru ekki nóg notaðir, út úr skápunum, og setja réttina í þá.
Sá möguleiki er fyrir hendi að leika sér með stærð vasanna og form því sjaldan eru þeir nú eins en muna verður að þvo þá vel ef þeir hafa áður verið notaðir undir blóm. *-mmf*



Blómavasar sem eru sérstakir í laginu geta verið skemmtilegir undir hina ýmsu rétti.



Gott úrval af fóðruðum leðurstígvélum fyrir dömur.
Stærðir: 36 - 40
Verð frá 16.750.- til 21.650.
Misty skór
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán-fös 10-18
lokað á sunnudögum
Á Þorláksmessu verður opið 10 - 20

Auglýsingasími 512 5473
;ALLT


Búum til pening núna
„KOLAPORT"
Í FJÖRÐINN
Örfáir básar lausir.
Vantar þig vinnu? Básapantanir í síma 587-3040

Falleg vasaúr

Vasaúr nr. 16 með festi
Verð aðeins Kr 18.900
Trekt vasaúr í miklu úrvali. Gyllt, stál og tvílit. verð frá kr 10.900 til kr 68.000
GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson
úrsmíðameistari
MJÓDDINNI
Álfabakka 16
sími 587 4100

Sigma linsur fyrir flestar gerðir myndavéla

FOTO VAL
Myndavéla-viðgerðir
Skipholti 50B
Sími 553 9200
www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is

Jólakjólar

kjólar
leggings
ermar
skór
Ótrúlegt úrval
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

;ALLT HEIMILI
Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;
Jóna María
512 5473
Hugi
512 5447

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 12. desember 2008



Rósa Guðmundsdóttir ætlar að ná langt á tónlistarferlinum

## ÆVINTÝRIN GERAST Í NEW YORK

### HANNAR BOLI FYRIR V-DAGINN

Söngkonan Ragnhildur Gísladóttir er komin í stjórn V-dagsins

### ERLENDIR BLAÐAMENN Í HEIMSÓKN

Helga Ólafsdóttir hönnuður töfraði fram íslenska veislu fyrir blaðamennina

### FERSKIR OG FUNHEITIR GRIPIR

Hin íslenska Sif Jakobs gerir það gott í heimi skartgripanna




SUPRA
SKYLOW - KR. 13.990



SUPRA
VAIDER - KR. 16.990



SUPRA
TUF SPORT - KR. 14.990



SUPRA
SKYTOP - KR. 17.990

noland
KRINGLUNNI (3.HÆÐ, VIÐ KRINGLUBÍÓ)
OG LAUGAVEGI 32
S. 772 0045 WWW.NOLAND.IS

# núna

✻ ballið er að byrja...

## ERLING EGILSSON, SÖNGVARI OG TEIKNARI

„Ég ætla að klára og skila af mér albúm-artworki fyrir hljómsveitina Villains, undirbúa DJ-sett fyrir þriðjudaginn á Bungalow8. Svo ætla ég að finna föt fyrir útgáfutónleika Steed Lord á Club101 26. desember. Svo ætla ég að vera rómantískur við Sögu konuna mína og jafnvel hoppa á milli nokkurra klúbba.“



helgin MÍN

### Sjálfhverfur Bubbi



Í mánudagsblaði Fréttablaðsins birtist ljóð Bubba Morthens sem hann tileinkaði vini sínum heitnum, Rúnari Júlíussyni. Við ljóðasmíðarnar dettur Bubbi ofan í þann pytt að fjalla aðallega um sjálfan sig en í þessum þremur erindum eru tvö þeirra eiginlega um Bubba sjálfan.



### Arnar Gauti á Range Rover

Síðustu vikurnar hefur sést til tískulöggunnar Arnars Gauta undir stýri á kolsvörtum Range Rover sport. Þar sem Arnar Gauti er yfirleitt með puttana á púlsinum þá skýtur þetta pínulítið skökku við því flestir sem eiga svona bíla þurfa hauspoka í umferðinni. Nú er bara spurning hvort þessir bílar séu komnir aftur í tísku eða hvort Arnar Gauti hafi eitthvað ruglast?

þetta HELST



Snæfríð Þrosteins:

# Hannaði dýrustu bókina í jólabókaflóðinu

Þetta var náttúrulega hellings vinna enda býsna margar blaðsíður,“ segir Snæfríð Þorsteins sem hannaði bókina Flora Islandica, en hún hefur margsinnis unnið til hönnunarverðlauna FÍT fyrir verk sín. Eggert Pétursson listamaður teiknaði myndirnar í bókinni sem er hvorki meira né minna en 560 blaðsíður og er án efa dýrasta bókin í jólabókaflóðinu í ár, eintakið kostar 75.000 krónur.

„Við byrjuðum á þessu í sumar og það er mikið búið að nostra við bókina. Ef maður breytti smáatriði í texta var dagurinn farinn því þá þurfti að fara í gegnum allar blaðsíðurnar, en það munar alveg um nokkur hundruð blaðsíður í tíma. Prentmiðlarinn fylgdi svo bókinni eftir til Kína þar sem hún var prentuð svo það er búið að hugsa um hana eins og ungabarn,“ segir Snæfríð og brosir.



„Eggert hugsar þetta sem listaverk, enda var hún aðeins prentuð í 500 eintökum og verður ekki endurgerð. Hvert eintak er númerað og áritað af Eggerti svo hún er í fullkomnum hátíðarbúningi,“ segir Snæfríð og óttast ekki að kreppan komi í veg fyrir sölu á bókinni „Vægi þess að nostrað er við hlutina verður ekkert minna þótt það kreppi að. Bókin selst kannski bara á lengri tíma en hún hefði gert í fyrra og ekki í einhverju græðgiskasti. Þeir sem kaupa hafa þá raunverulegan áhuga á efninu og það er gott að vita að hún rati í réttar hendur.“ -ag

*„Eggert hugsar þetta sem listaverk, enda var hún aðeins prentuð í 500 eintökum og verður ekki endurgerð. Hvert eintak er númerað og áritað af Eggerti.*



**Öflug** Snæfríð Þorsteins hannaði bókina Flora Islandica sem er án efa dýrasta bókin í jólabókaflóðinu.


MAMBO

tískuvöruverslun

Sími: 544 2044

Jólagjöfin hennar í ár!

Mikið úrval af glæsilegum vörum fyrir öll tækifæri.

Firðinum Hafnarfirði / Nýtt kortatímabil.




**Flott** Ragnhildur Gísla var meðal þeirra sem hönnuðu boli í Nakta apanum, en þeir verða seldir í versluninni fram til jóla.

NAKTI APINN OG V-DAGS SAMTÖKIN:

# Endurhönnuðu boli

„Maður vissi að ungir krakkar væru skapandi, en það kom manni á óvart hvað þeir gátu gert mikið,“ segir Björn Ingi Hilmarsson, leikari og meðlimur í V-Dags samtökunum, um hönnunarvinnustofu sem haldin var í Nakta apanum síðastliðinn þriðjudag. Í tilefni af sextán daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi ákváðu V-Dags samtökin og Nakti apinn að taka saman höndum og láta endurhanna V-Dags boli sem verða seldir í versluninni fyrir jólin og mun allur ágóðinn renna til neyðarmóttöku vegna nauðgana.

„Við vildum vekja unga krakka til meðvitundar um tilvist neyðarmóttökunnar og virkja ímyndunarafl þeirra með því að gefa þeim lausan tauminn og leyfa þeim að endurhanna bolina,“ segir Björn Ingi. Hópur ungra og upprennandi hönnuða úr MH og MS kom á vinnustofuna auk starfsfólks Nakta apans og stjórnar V-Dagssamtakanna, þar á meðal var Ragnhildur Gísladóttir tónlistarkona. „Þetta var mjög skemmtilegt í alla staði og fólk fór á svo mikið flug að það fóru allir að búa til boli.“ - ag

### ✻ augnablikið



**TÍSKUSLYS?**

Af hverju er ekki hægt að hanna smekklega búninga handa fólki í opinberum störfum?


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir *martamaria@365.is* **Penni** Alma Guðmundsdóttir *alma@frettabladid.is* **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Jóla glaðningur
stk. 1.224 kr.
2.990 kr.
Hot make-up
Hot make-up Eyeliner í öllum regnbogans litum.
Hot make-up á augu og varir.
3.189 kr.
Naomi Campell - Cat delux
Gjafakassi með Edt. 15 ml, sturtugeli 200 ml.
5.990 kr.
8.990 kr.
Babyliss
Babyliss Professional keramik sléttujárn.
Babyliss blásari 2000 w Turbo.
frá 2.390 kr.
Pink Sugar
Frábærir gjafakassar frá Pink Sugar.
9.730 kr.
Omron M2 Compact
Alsjálfvirkur blóðþrýstingsmælir fyrir upphandlegg.
Góður mælir á góðu verði.
OROBLU
Oroblu
Glæsilegt úrval frá Oroblu fæst í verslunum Lyfju um land allt.
Van Gils
2.799 kr.
Van Gils - Between Sheets
Gjafakassi með Edt. 30 ml og svitalyktareyðir 75 ml.
Heilsan er hverjum munaði betri
Gjafakort á heilsufarsmælingar - jólatilboð!
Við mælum blóðfitu, blóðþrýsting, blóðsykur, beinþéttni og öndun. Fæst í Lágmúla og Smáratorgi.
Jólatilboð 3.890 kr.
Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður
www.lyfja.is
LYFJA
- Lifið heil

# núna

✻ toppurinn á ísjakanum...



**FRÍÐA OPNAR SÝNINGU** Fríða Kristín Gísladóttir myndlistarkona opnar sýningu í dag kl. 17 í versluninni Heimili og hugmyndir. Sýningin ber heitið Ísland er landið og þar mun Fríða sýna olíumálverkin sín. Þetta er sýning sem enginn má missa af.

## Erlendir blaðamenn í heimsókn



**Helga Ólafsdóttir, fatahönnuður hjá Latabæ og Isay í Danmörku, töfraði fram ekta íslenskt matarboð á dögunum. Það sem er óvenjulegt við boðið er að það var haldið fyrir blaðamenn frá tímaritunum Monocle og New Yorker. Blaðamennirnir komu til Íslands til að taka púlsinn á unga fólkinu í versnandi efnahagsástandi. Aðalhugmynd blaðamannanna var að skrifa jákvæða grein um ástandið á Íslandi. Helga töfraði fram matarboð með íslensku þema. Fiskisúpu og skyrköku í eftirrétt. Með þessu var að sjálfsögðu drukkið malt og appelsín. Helga var þó ekki ein í matarboðinu því Bergur Ebbi í Sprengihöllinni var á svæðinu ásamt Rán Ingvarsdóttur, Daníel Frey Atlasyni hjá Johnson & Lemark´s auglýsingastofunni og Jóni Hauki Baldvinssyni hjá Marel.** *- mmj*

Rut Marrow Theodórsdóttir innanhússhönnuður:

# TÍSKUSÝNING Í VÍN

Okkur langar til að gefa ungum íslenskum hönnuðum tækifæri til að sýna verk sín í borginni," segir Rut Marrow Theodórsdóttir innanhússhönnuður sem rekur arkitektastofuna Room-Service í Vínarborg með eiginmanni sínum, Norbert Grabensteiner. Þau hafa rekið stofuna síðastliðin þrjú ár í glæsilegu húsnæði í miðborginni, en stofan skiptist niður vinnustofu þar sem hönnunarvinnan fer fram og sýningarsal þar sem haldnar eru vínkynningar, málverkasýningar, matarboð og plötusnúðakvöld. Verkefnin sem Rut og Norbert hafa unnið að eru ekki af verri endanum, en það nýjasta er húsnæði fyrir Traunsteinsport-heildsöluna í nágrenni við Salzburg sem selur hátísku sportfatnað og á teikniborðinu er nýtískulegt vínhús fyrir vínbóndann Hubert Sandhofer.

Rut segist heilluð af íslenskri hönnun. Sjálf prjónar hún og þæfir úr íslensku ullinni og langar nú, í samvinnu við Helgu Steinþórsdóttir í Linz, að gefa ungum fatahönnuðum tækifæri til að sýna verk sín í Vínarborg. „Yngri kynslóðin er mjög meðvituð um náttúruperlur og tækifæri Íslands. Okkur langar að halda tískusýningu fyrir unga íslenska fatahönnuði og þá er hugmyndin að hafa hana í portinu á bak við arkitektastofuna okkar," útskýrir Rut sem var byrjuð að skipuleggja sýninguna þegar bankakreppan skall á og tónlistin, sem er samin af Ívari Marrow, er nú þegar tilbúin. „Ég var komin í samband við tvo hönnuði og við vorum að fara að hrinda verkinu í framkvæmd þegar kreppan skall á. Það reyndist því erfitt fyrir hönnuðina að fá styrk til að koma, en við ætlum að kýla á þetta í byrjun næsta árs," segir Rut. *- ag*



**Öflug** Rut vill gefa ungum íslenskum fatahönnuðum tækifæri til að sýna verk sín í Vínarborg þar sem hún rekur arkitektastofuna Room-Service.



**Hvítt** Húsnæði Traunsteinsport-heildsölunnar, sem selur hátísku sportfatnað, er alhvítt og viðskiptavinir fá sérstaka inniskó þegar þeir koma og kaupa inn.



**Glæsilegt** Rut og Norbert hönnuðu vínhús Schilhans sem var tilbúið í júní. Það er í Suður-Styria, við landamæri Slóveníu.


Nú er komið af því loksins á Íslandi

Trivial Pursuit

Stelpur á móti strákum

Hvað myndar bókstafinn O í plakati kvikmyndarinnar The simpsons Movie?

Hvert var söluhæsta ítalska tískuvörumerki heims árið 2007?




Hvaða íslenska hljómsveit söng um kindina Einar?

Hvaða söng-og leikkona kallaði fyrsta ilmvatnið sitt Glow?

Fæst í verslunum um land allt

Inniheldur:
1200 spennandi spurningar fyrir stelpur og stráka
2 teningar fylgja
Hægt er að spila án spilaborðs

Dreifingaraðili:
REYKJALUNDUR


öðruvísi
jól
í Pier
3 fyrir 2
af allri
jólavöru
dæmi:
590+590+590
= kr. 1.770
þú borgar
kr. 1.180!
Okkar hugmynd að
jólagjöf
á lægra
verði
Jólakúlur
Handmálaðar innanfrá!
Merktar með ártali.
Koma í fallegum öskjum.
tilvalin jólagjöf
Mæðrastyrksnefnd fær eitt kerti frá
hverjum viðskiptavini PIER helgina 12-14 des.
30% afsláttur af skarti!
Kerti
30%
afsláttur
Kommóður
40%
afsláttur
rúmteppi
og púðar
30%
afsláttur
Gefur góðan
raka og
næringu bæði
á hendur og
neglur
Dagkrem og
næturkrem
3 fyrir 2
af
snyrti-
vörum
the
PIER
OPNUNARTÍMAR TIL JÓLA
13-14. des til kl. 22:00 á Korputorgi en til kl. 18:00 á Smáratorgi
15-17. des kl. 11:00-19:00
18-23. des til kl. 22:00
24. des kl. 9:00-12:00
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870



HUMARTILBOÐ

Fyrsta flokks stór íslenskur humar kostar nú **5.500 kr/kg**

Verið velkomin

FYLGIFISKAR

Tilboðið gildir meðan birgir endast

Suðurlandsbraut 10 • sími 533 1300 • fylgifiskar.is


# núna

✻ ítalskur desember...

**FRÍÐA FRÆNKA Í JÓLAGJÖF** Ef þig langar að gefa hlut með sál skaltu heimsækja verslunina Fríðu frænku á Vesturgötu.

MARGRÉT RÓSA EINARSDÓTTIR LÆTUR EKKERT STOPPA SIG

## Nýr *ítalskur* veitingastaður

Margrét Rósa Einarsdóttir, veitingakona og staðarhaldari í Iðnó, lætur efnahagsþrengingar ekki stoppa sig. Á dögunum opnaði hún splunkunýjan veitingastað í Lækjargötu 6b sem hún kallar Pisa. Hún er ekki óvön því að reka ítalska staði því hún stofnaði veitingastaðinn Caruso sem lifir enn góðu lífi í Bankastræti og á undan honum rak hún Pisa í Austurstræti. Þegar hún er spurð út í hvernig þetta hafi komið til segir hún að maðurinn hennar hafi keypt húsið að Lækjargötu 6b og afhent henni húsnæðið til að leika sér í.



**Ævintýrin gerast enn** Margrét Rósa Einarsdóttir opnaði hinn ítalska Pisa á dögunum. Staðurinn sérhæfir sig í ódýrum gourmet-réttum. MYND/GVA

„Maðurinn minn vissi að það væri draumur minn að opna ítalskan veitingastað og lét mig hafa lyklavöld," segir Margrét Rósa. Í leiðinni rættist einnig annar draumur því á efri hæðinni er gistiheimili og því sameinar Pisa þetta allt saman. „Það er svo gaman að gera ítalskan mat og svo skemmir ekki fyrir hvað ég er með frábæra kokka," segir hún og nefnir Úlf Uggason, Þorkel Garðarsson og Allessandro sem sjá um að töfra fram ítalska rétti. Margrét Rósa sá algerlega um að innrétta staðinn eftir eigin höfði og blandar hún saman antíkmunum við íslenska myndlist.

Er ekki glapræði að opna veitingastað á tímum sem þessum?

„Nei, þetta er ekki slæmur tími til að opna stað sem býður upp á ódýran mat. Á tímum sem þessum, þegar fólk er ekki eins mikið að ferðast, finnst því gaman að fara út að borða í fallegu umhverfi," segir hún en á Pisa er hægt að fá bæði huggulegt snarl og þriggja rétta máltíðir. Þegar hún er spurð út í sinn uppáhaldsrétt nefnir hún kjúklingalifrar-mús.

„Þetta er reyndar forréttur en með honum er glóðuð bruchetta með kanil, kryddaðri lauksultu og klettasalati." *- mmj*


# ÍSLENSK ÞJÓÐFRÆÐI
## NÝ BÓK EFTIR ÞÓRÐ Í SKÓGUM




Forneskja, fornt handverk, huldufólk, heyannir og ættarfylgjur eru aðeins nokkrir þeirra þátta sem fjallað er um í þessari glæsilegu bók Þórðar Tómassonar. Ennfremur er fjallað um fornleifauppgröftinn á Stóru-Borg, kveðskap og margt fleira.

**Enn eitt eljuverk hins aldna fræðaþular í Skógum.**

NÝJAR BÆKUR GAMALT VERÐ!

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is





BORGIN mín

## BOLTON

### Manúela Ósk Harðardóttir

**MORGUNMATURINN?** Ég elda alltaf hafragraut á morgnana, en ég er heppin ef ég næ að skófla upp í mig tveimur skeiðum því ég er alltaf á fullu að koma syninum í skólann og karlinum í vinnuna. Þá finnst mér voða notalegt að fara á Starbucks í rólegheitum og fá mér cappucino og lesa blöðin.

**SKYNDIBITINN?** Ég hef sem betur fer aldrei verið mikið fyrir skyndibita en finnst gott að fá mér Subway þegar ég er á hlaupum – eða súpubarinn í Trafford Center, þegar ég er þar.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA?** Lítill ítalskur fjölskyldurekinn veitingastaður í Bolton. Við förum þangað ansi oft og eigum alltaf frátekið borð.

**UPPÁHALDSVERSLUN?** Ætli það sé ekki Selfridges í Manchester. Þar er allt til alls og ég er ansi örugg um að finna þar það sem mig vantar.



**BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ?** Spilakassinn í bíóinu í Bolton. Þar getum við hjónin eytt löngum stundum og skemmt okkur konunglega!

**BEST VIÐ BORGINA?** Ætli ég verði ekki að segja vinalegt viðmót íbúanna. Mér finnst reyndar líka gott hvað Bolton er í raun lítil og róleg, stutt í sveitina en samt sem áður líka stutt í stórborgina Manchester.

**LÍKAMSRÆKTIN?** Ég er með æfingaherbergi heima, sem mætti reyndar vera í meiri notkun. Ætli ég fái ekki mína líkamsrækt að mestu með því að hlaupa á eftir fjögurra ára gömlum prakkara og þrífa alltof stórt hús.

**HVERNIG ER BEST AÐ EYÐA DEGINUM?** Ég er heimakær og finnst best að eyða deginum mínum með fjölskyldunni. Laugardagar eru alltaf skemmtilegir, sérstaklega ef Grétar á heimaleik. Þá förum við mæðginin á völlinn, með íslenskt nammi í poka, og styðjum okkar lið!




Íslensk hönnun
í sinni fjölbreytilegu mynd

ERUM MEÐ VÖRUR EFTIR
RÚMLEGA 20 ÍSLENSKA HÖNNUÐI

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is




# „FESTIST“ Á ÍSLANDI Í TVÖ ÁR

**Rósa Guðmundsdóttir byrjaði að spila á píanó fyrir fjögurra ára aldur og var í klassísku píanónámi þar til hún varð átján ára. Eftir það lét hún til sín taka á mörgum sviðum en hefur nú lagt tónlistina fyrir sig og er búsett í New York.**

Viðtal: Alma Guðmundsdóttir
Ljósmyndir: Stefán Karlsson

Þegar ég flutti frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur átján ára gömul brann ég yfir á tónlistinni og fór að reka næturklúbbinn Spotlight, sem ég gerði í tvö ár.

Þegar ég varð nítján ára og eignaðist kærustu í fyrsta sinn gerðist ég sjálfskipaður talsmaður Samtakanna ´78 því mér fannst svo margt þurfa að breytast hér. Ég varð fyrir fordómum fyrir að vera öðruvísi í Vestmannaeyjum og fann fyrir því sama þegar ég kom út úr skápnum,“ segir Rósa sem var ófeimin við að tjá skoðanir sínar.

„Ég var umdeild á sínum tíma því ég var að takast á við mjög heit málefni, eins og til dæmis mál innflytjenda. Ég var einn af forsprökkum þáttagerðarmanna Skjás eins og var með þátt sem auglýsendur bökkuðu svo út úr að kosta því þeir voru hræddir við hvað ég var eldfim,“ útskýrir Rósa og hlær.

„Ég stofnaði svo fyrstu íslensk/amerísku umboðsskrifstofuna á Íslandi með amerískum fjárfesti. Þar kynnti ég til dæmis Þórunni Antoníu og Erp Eyvindarson á erlendri grundu,“ segir Rósa. Eftir 11. september 2001 voru þau með stórt verkefni í burðarliðnum sem hét Sýnum lit gegn kynþáttafordómum og var unnið í samstarfi við Reykjavíkurborg. Þau voru búin að fá helstu tónlistarmenn landsins ásamt Jungle Brothers til að spila á Broadway. Eftir 11. september varð þetta að engu.

Árið 2002 fór Rósa til Jamaíku og tók upp í hljóðveri sem Björk, Gorillaz og No Doubt höfðu meðal annars tekið upp í. Ári síðar fór hún til London í upptökur hjá Martin Heath, sem tók hljómsveitina The Killers upp á sína arma, og bauðst samningur sem lagahöfundur. „Þá var ég með um 30 lög tilbúin en þeir vildu að ég myndi byrja að semja nýtt efni með öðrum höfundi og skipta öllu jafnt með honum.

Ég vildi hins vegar bara einbeita mér að því sem ég var komin með svo ég afþakkaði tilboðið,“ segir Rósa sem hélt ótrauð áfram.



**Eftirsótt** Rósa Guðmundsdóttir skoðar nú tilboð frá plötufyrirtækjum sem hafa sýnt henni áhuga í New York.

## FÖST Á ÍSLANDI

„Árið 2005 hélt ég tónleika á Joe's Pub í New York þar sem Motown Records sýndu mér mikinn áhuga. Ég planaði því aðra tónleika sem áttu að vera stuttu síðar og var að öllum líkindum að fara að skrifa undir samning við þá. Ég fór heim til Íslands í stuttan tíma í millitíðinni en þegar ég kom aftur út í byrjun 2006 kom í ljós að ég hafði óvart gist yfir leyfilegan tíma í Bandaríkjunum fyrir heimförina, svo þegar ég lenti var ég bara sett í járn og send aftur til Íslands. Ég fékk algjört áfall og veröld mín hrundi,“ útskýrir Rósa sem var þá í sambandi við ameríska stelpu. „Kærastan mín mátti ekki einu sinni koma að sjá mig áður en ég var send aftur heim, svo við skildum ástfangnar á þessum tímapunkti og höfum ekki sést síðan,“ bætir hún við, en Rósu var meinaður aðgangur inn í Bandaríkin í fimm ár í kjölfarið.

„Ég réði lögfræðing í Bandaríkjunum og höfðaði mál. Ég fékk mikinn stuðning frá Andreu Jóns og Óla Palla á Rás 2, Jakobi Frímanni Magnússyni og tónlistarmanninum Lionel Richie sem ég hafði kynnst í New York, en þau skrifuðu öll undir stuðningsyfirlýsingu til að styrkja mitt mál ásamt fleirum. Jón Baldvin Hannibalsson bauðst líka til að fara í sendiráðið fyrir mig hérna heima til að útskýra mína stöðu. Ég er mjög þakklát þessu góða fólki sem lagði sitt af mörkum til að hjálpa mér, því ég vann málið og fékk inngöngubannið stytt úr fimm árum niður í tvö,“ segir Rósa.

„Þegar ég kom út í byrjun þessa árs smalaði ég saman stelpum sem ég hafði verið að spila með áður en ég „festist“ og hef notað allt þetta ár í að æfa, semja og útsetja strengjatónlist. Ég sem og útset allt sjálf frá a til ö svo það er gífurleg vinna,“ segir Rósa, sem hefur umboðsmanninn John Doumanian sér til halds og trausts, en hann var hátt settur í Columbia Records á sínum tíma og hefur framleitt kvikmyndir Woodys Allen.

„Við stelpurnar köllum okkur The Ultra Tight og héldum tónleika í The Cutting Room í New York fyrir ýmis plötufyrirtæki um miðjan nóvember. Það gekk vonum framar og ég er núna í viðræðum við NBC Universal og Jive Records sem Britney og Pink eru meðal annars hjá. Ég er samt bara að skoða málin og ætla ekki að taka neina ákvörðun fyrr en ég hef haldið tvenna tónleika í viðbót og vonandi fengið fleiri tilboð,“ segir Rósa sem fékk frábæra dóma eftir fyrstu tónleikana hjá blaðamanni Rolling Stone. Þar segir blaðamaðurinn Tiffany Bakker meðal annars að Rósa sé eflaust næsta nafn á lista yfir heimsþekkta íslenska tónlistarmenn, með Sigur Rós og Björk.

## Í STÓRA EPLINU

Spurð hvort það sé dýrt að búa í New York og reyna fyrir sér í tónlistinni segir hún svo vera. „Ef maður hefur tilgang og fjárhagsöryggi í New York vinnur borgin með manni, ef maður er ekki með tilgang og áhyggjur étur borgin mann upp. Þannig upplifi ég það. Það er rándýrt að búa sæmilega í New York en ég er með fjársterkan aðila með mér sem ég stofnaði fyrirtækið mitt með og er viðskiptafélagi minn til tíu ára. Við gerðum fjármagnssamning og fjárfestum í mínum ferli svo ég er á launum á meðan ég er að vinna í tónlistinni. Þegar ég næ svo mínu markmiði semjum við um arðskiptingu,“ útskýrir Rósa sem býr í íbúð við Empire State-bygginguna og segist kunna vel við sig í borginni.

## FRAMTÍÐARDRAUMAR

„Í framtíðinni langar mig að byggja mér hús á Íslandi og kaupa íbúð á Manhattan, svo langar mig að stofna fjölskyldu þegar ég er búin að því. Þó svo ég muni líklegast enda með konu ef mér er ætlað samband, höfum við viðskiptafélagi minn ákveðið að eignast saman börn einn daginn, sama hvort ég verði komin í samband þá eða ekki. Ég hef aldrei orðið ástfangin af karlmanni, en hann kemst svona næst því að vera maðurinn í mínu lífi,“ segir Rósa og hlær við. „Annars á tónlistin hug minn allan í dag. Ég á efni á yfir tvær og hálfa plötu, svo næsta skref er bara að gera góðan samning við það plötufyrirtæki sem ég enda hjá og koma tónlistinni minni á framfæri.“

## * bak við tjöldin

**Stjörnumerki:**
Fiskar.

**Besti tími dagsins:**
Kvöldin og nóttin.

**Geisladiskurinn í spilaranum:**
Spilarinn er heilinn á mér.



**Uppáhaldsmaturinn:**
Hollir grænmetisréttir.

**Líkamsræktin:**
Stefna lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur frá stofnun embættisins verið að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa. Til þess að vinna að þessum mikilvægu markmiðum hefur verið horft til nokkurra lykilatriða á sviði löggæslu, eins og t.d. aukins sýnileika lögreglu og öflugrar hverfa- og grenndarlöggæslu. Þegar kemur að rannsóknum sakamála er að því unnið að auka gæði og skilvirkni rannsókna með ýmsum hætti, þar á meðal aukinni sérhæfingu og markvissri greiningarvinnu. Þessir þættir ásamt mörgum öðrum skipta miklu máli ef árangur á að nást.

Lögreglan og raunar réttarkerfið í heild hefur á liðnum árum verið gagnrýnt fyrir frammistöðu sína vegna meðferðar kynferðisbrotamála. Þessi gagnrýni hefur að mörgu leyti verið réttmæt. Til þess að auka gæði og skilvirkni á þessu sviði sérstaklega var við stofnun LRH ákveðið að setja á laggirnar sérstaka rannsóknardeild sem hefði það hlutverk að rannsaka kynferðisbrot. Það var mat embættisins að með stofnun sérstakrar rannsóknardeildar mætti bæði auka gæði og skilvirkni rannsókna á þessu flókna og erfiða sviði og um leið tiltrú almennings og einkum þolenda kynferðisbrota á getu og áhuga lögreglu til að takast á við rannsóknir þessara alvarlegu brota. Margt bendir til að það hafi gengið eftir.

Hjá LRH er nú unnið að endurskoðun á skipulagi rannsóknardeildar embættisins, í samræmi við stefnu embættisins og með hliðsjón af gildistöku nýrra laga um meðferð sakamála. Í þeirri vinnu er m.a. horft til aukinnar sérhæfingar á ýmsum sviðum, aukinnar samvinnu milli eininga og aðgerða gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Eitt af því sem nú er til skoðunar er að auka áherslu embættisins á rannsóknir heimilisofbeldismála, m.a. með það að markmiði að grípa mun fyrr til aðgerða en áður á þessu viðkvæma og mikilvæga sviði. Markmið slíkra breytinga er að koma í veg fyrir áframhaldandi heimilisofbeldi, auka gæði og skilvirkni rannsókna og um leið tiltrú almennings á lögreglu. Vonir standa til að tillögur að nýju skipulagi verði kynntar dóms- og kirkjumálaráðherra um næstu áramót og breytingar á skipulagi taki í kjölfarið þegar gildi.

*Höfundur er lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Taktu betri myndir með flassi – það fylgir með í kaupauka.





## Jólagjöfin frá Nikon!

Kauptu Nikon D60 og þú færð aukalega flass-pakka sem inniheldur: SB-400 flassljós, linsuklút og  og hálsól að verðmæti kr. 30.000.

Verð kr.
**109.995***




*Með AF-S DX VR NIKKOR 18-15mm linsu með innbyggðri titringsjöfnun (VR).

## Vertu betri ljósmyndari - notaðu flass!

Flassljós gerir gæfumunin þegar taka á góða mynd. Flestir ljósmyndarar staðhæfa að lýsingin skipti öllu máli! – sem er til marks um hversu mikilvægt flassið er. Þú sérð hvernig skuggarnir jafnast eðlilega út, þegar þú notar ásett flassljós á borð við SB-400. Ljós sem er látið endurkastast frá lofti gefur ljósmynd, sem tekin er innanhúss, eðlilegri blæ. Einnig getur þú stjórnað lýsingunni betur við nærmyndatöku. Flassljós er, með öðrum orðum, mikilvægt fyrir þig! Kaupir þú Nikon D60 hjá viðurkenndum söluaðila Nikon á Íslandi, þá færðu ekki bara SB-400 flassljós í kaupauka heldur einnig, linsuklút og hálsól frá Nikon. Ekki missa af þessu tilboði sem gildir til 31. desember 2008.

MAX RAFTÆKI · BECO · FOTO VAL

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Heimilistæki
www.ht.is
REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK SELFOSS

*At the heart of the image*

Nikon

# Tvíþætt þörf jafn brýn

**UMRÆÐAN**

Anna M. Þ. Ólafsdóttir skrifar um Hjálparstarf kirkjunnar



ANNA M. Þ. ÓLAFSDÓTTIR

Á ferð í Eþíópíu í október fór ég um austurhluta landsins, hrjóstrugt nágrenni Jijigaborgar. Þar styður Hjálparstarf kirkjunnar nýtt verkefni á vegum Lútherska heimssambandsins af því að aðstæður þar eru ömurlegar og engin önnur hjálparstofnun er þar að verki. Landið er skorpið, vart stingandi strá og ráðgáta hvernig skepnur finna sér eitthvað að bíta – hvað þá að drekka. Mannfólkið hefur þurft að ganga 6 klukkustunda leið til að ná í vatn – óhreint vatn því ekki hefur verið völ á öðru. Úr þessu m.a. átti verkefnið að bæta. Endurtekinn rigningar- og uppskerubrestur um margra missera skeið olli því hins vegar að ekki var hægt að fara af stað með nýja vatnsöflun, áveitur og jarðræktarbætur fyrr en nokkuð var liðið á fyrsta tímabil þessa verkefnis.

### Stóru Kreppu-kái breytt í lítið

Aðstæður ollu því að þau tæpu 25.000 sem áttu að njóta aðstoðar í verkefninu og jafnframt leggja til vinnu við framkvæmd þess voru svo máttfarin af viðvarandi Kreppu með stóru k-ái, að þau höfðu ekki bolmagn til að nýta stuðninginn sem í boði var. Neyðaraðstoð var þá veitt, fólki hjálpað með korn, olíu og annan mat. Það þurfti að næra fólkið og styrkja áður en verkefnið gat farið að rúlla því það er hugsað til varanlegrar sjálfsbjargar. Verkefnið veltur á fólkinu, vilja þess og getu til að vinna að framförum sem kostaðar eru héðan.

### Að hafa borð fyrir báru

Hjálparstarfið skuldbatt sig til að leggja í þetta þróunarverkefni í Eþíópíu 1.220.000 dollara á þremur árum í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Þegar samningurinn var gerður í lok árs 2007 jafngilti sú fjárhæð 96 milljónum króna. En þegar þetta er skrifað þarf að afla 136 milljóna króna. En við ætlum okkur ekki að láta veikara gengi bitna á fólki sem við höfum lofað hjálp. Við viljum standa við gefin loforð enda skuldbundin þessu fólki sem getur á engan annan treyst. En auk liðsinnisins við þjáð örbirgðarfólk á mestu neyðarsvæðum heims hefur Hjálparstarfið búið sig undir hugsanleg áföll hér heima. Búið sig undir að erfiðara gæti orðið að safna eða svo gæti farið að fjármunir þyrftu að renna ekki síst til Íslendinga sjálfra. Vegna þessarar fyrirhyggju getum við nú rækt báðar skyldurnar, lagt lið íslenskum fjölskyldum í neyð og áfram staðið við bakið á fólki í fjarlægð sem er ennþá verr sett. Það er landsmönnum að þakka, þeim ótal mörgu sem brugðist hafa vel við kallinu um hjálp við náungann, að Hjálparstarfið getur nú staðið í skilum við fólk í neyð. Það er stuðningi landsmanna að þakka að Hjálparstarfið hefur getað gefið fólki von sem rætist.

### Heima og úti; ekki andstæður

Þar sem kreppa geisar úti í heimi heldur Hjálparstarf kirkjunnar áfram. Og meðan kreppan geisar hér heima, aukum við starfið innanlands. Matarúthlutun er í fullum gangi. Hjálparstarf kirkjunnar þakkar landsmönnum öllum stuðning í vilja og verki og minnir á jólasöfnun sem nú er í gangi. Það er einlæg von okkar sem vinnum hjá Hjálparstarfi kirkjunnar að allir sem til Hjálparstarfsins leita, bæði heima og heiman, fái þar úrlausn sem styrkir von þeirra og trú á framtíðina.

*Höfundur er verkefnastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar.*

# Veljum íslenskt og gerum betur

**UMRÆÐAN**

Helgi Kristófersson skrifar um Múlalund



HELGI KRISTÓFERSSON

Þegar við veljum íslenska framleiðslu er verið að gera margt fleira í leiðinni en einungis að versla því það kemur svo margfalt inn í kerfið um leið. Þá er greitt fyrir vöru með pening sem skilar sér út í laun til þess sem vinnur við framleiðsluna.

Íslensk framleiðsla skilar til þjóðfélagsins pening sem fer í gegnum kerfið á margan hátt. Því er það aðdáunarvert að vinnustaðir sem eru að framleiða útvega um leið þeim vinnu sem eiga erfitt með að fá vinnu annars staðar. Þessir vinnustaðir eru út um allt land og er hægt að sjá þá á heimasíðunni hlutverk.is. Sá stærsti þeirra er Múlalundur en þar er unnin vinna af mörgu tagi. Þar er um að ræða pökkun á ýmsu fyrir fyrirtæki og stofnanir. Eins og staðan er í dag er erfitt að fá næg verkefni en það hefur verið þannig að erfitt hefur verið að klára allt sem hefur þurft að gera fyrir jólin. Það eru þrengingar í þjóðfélaginu og verðum við öll að standa saman í því að beina verkefnum á þessa vinnustaði ef möguleiki er á því.

Í Múlalundi eru framleiddar möppur og er sennilega vinsælast EGLA-bréfabindi. Þá eru framleiddar möppur úr plasti þar sem hráefnið kemur á rúllum hingað til lands og það er sneitt niður eftir kúnstarinnar reglum og settur pappi innan í þær og plastið soðið utan um möppuna og að lokum eru þær járnaðar. Vinnuferlið við plastmöppur frá Múlalundi sér 4 til 5 mönnum fyrir vinnu þannig að þegar ein mappa eða einn kassi af möppum frá Múlalundi er seldur skilar sú sala miklum verðmætum til þjóðfélagsins. Þarna er framleiðsla sem skilar sér margfalt, auk þess sem hún verður til þess að einstaklingur kemst aftur út á vinnumarkaðinn vegna þess að þú keyptir eina möppu sem er framleidd í Múlalundi. Þessi eina mappa skilaði fimm manns vinnu. Einn er kannski að komast aftur út á vinnumarkað eftir að hafa jafnað sig eftir slys, er hættur að taka inn meðul og þiggur ekki lengur bætur. Hann er orðinn starfsmaður á hinum almenna vinnumarkaði. Húrra! Við völdum íslenska framleiðslu og með því unnum við stóran sigur.

Það er svo margt fleira sem er framleitt í Múlalundi og má þar nefna sérprentaðar möppur. Þar eru möguleikar í útliti á möppu óþrjótandi og hugarflug hvers og eins getur fengið að njóta sín. Þegar nóg er að gera í því að framleiða slíkar möppur sér það fimm starfsmönnum fyrir vinnu. Við framleiðum alls kyns vasa, umslög og gatapoka af öllum stærðum og gerðum úr plasti og bjóðum upp á að merkja þá framleiðslu eftir óskum hvers og eins. Jafnframt er nokkur aukning í framleiðslu á músarmottum og mottum til að skrifa undir posakvittanir á afgreiðsluborðum. Það er skemmtileg nýjung og hefur verið að aukast sérstaklega fyrir jól að fólk láti framleiða nokkrar eða jafnvel eina músarmottu með mynd af ástvini. Framleiddir eru vasar fyrir geisladiska og er hægt að merkja þá.

Vinnuumhverfi eins og í Múlalundi byggist upp á því að taka tillit, klappa á bakið og sýna hverjum og einum umburðarlyndi og skilning, þannig að hverjum og einum líði vel og endurheimti sjálfstrausti og virðingu fyrir sér og lífinu. Múlalundur verður 50 ára á næsta ári. Þá er um að gera að fólk reyni eftir fremsta megni að versla hjá okkur. Hvernig hefðu hlutirnir þróast ef Múlalundar hefði ekki notið við?

Bæði ríkið og Reykjavíkurborg hafa sparað hundruð milljóna á þeim árum sem Múlalundur hefur starfað.

Sem sagt, veljum íslenskt og látum það vinna okkur öllum gagn um leið. Þannig náum við á Múlalundi okkar markmiði: að skapa þeim vinnu sem ekki fá vinnu annars staðar.

*Höfundur er framkvæmdastjóri SÍBS, vinnustofu SÍBS.*

GLEÐILEG BÓKAJÓL

SAGA SÁRSAUKA OG SIGRA

*Svipmyndir* • LÁRUS PÁLSSON flytur ljóð og sögur, og heyra má brot úr nokkrum leikritum hans. Upptökurnar eru á tveimur safndiskum, allar úr safni Ríkisútvarpsins og spanna nær þrjá áratugi á ferli Lárusar.

*Svipmyndir* fást í verslunum Pennans Eymundsson og Máls & menningar







*LÁRUS PÁLSSON leikari* er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

LP ÚTGÁFA

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Hvað er Samtónn?

**UMRÆÐAN**

Gunnar Guðmundsson skrifar um Samtón



GUNNAR GUÐMUNDSSON

Tímabært er að varpa ljósi á tilurð og tilvist Samtóns, samtaka tónlistarrétthafa á Íslandi. Samtökin voru formlega stofnuð árið 2002. Stofnendur fyrir hönd höfunda voru tvö aðildarfélög Samtaka tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEFs), Tónskáldafélag Íslands (TÍ) og Félag tónskálda og textahöfunda (FTT). Stofnandi fyrir hönd flytjenda og framleiðenda var Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH), annars vegar fyrir hönd átta flytjendafélaga með Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) í broddi fylkingar og hins vegar Félag hljómplötuframleiðenda (FHF).

Tilgangur Samtóns er að vinna að sameiginlegum hagsmunum og styrkja stöðu höfunda, flytjenda, framleiðenda og annarra rétthafa tónlistar. Samtónn er þannig sameiginlegur málsvari fyrir hönd íslenskra tónlistarrétthafa í þeim verkefnum sem Samtónn tekur sér fyrir hendur hverju sinni.Eitt af höfuðverkefnum Samtóns er jafnframt að leita tækifæra til að efla og skapa sóknarfæri til handa rétthöfum tónlistar innan lands sem utan.

Helstu verkefni sem Samtónn hefur komið í framkvæmd á síðustu árum eru þessi:

- Stofnun Tónlistarsjóðs. Lög gengu í gildi um starfsemi hans um mitt ár 2004. Hlutverk sjóðsins er m.a. að styðja kynningu og markaðssetningu á tónlist og tónlistarmönnum hér á landi og erlendis. Aukinn fjárhagslegur stuðningur til tónlistarstarfsemi úr einkageiranum
- Átak varðandi kynningu á hagrænu gildi íslenskrar tónlistar.
- Kynningarátak og aðgerðir til að sporna gegn notum á tónlist án heimildar rétthafa.
- Lækkun virðisaukaskatts af hljómplötum úr 24,5% í 7% til þess að hljómplötur nytu jafnræðis við bækur.
- Stafræn varðveisla á útgefnu islensku tónlistarefni.
- Stofnun Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (Útón / IMX) sem varð að veruleika árið 2006. Aðildarfélög Samtóns hafa lagt umtalsvert fé til starfsemi Útóns en ríki og einkaaðilar hafa ennfremur stutt verkefnið fjárhagslega. Þrátt fyrir takmörkuð efni hefur skrifstofan staðið fyrir mjög kraftmiklu útrásarstarfi með stuðningi við íslenska tónlistarmenn og framleiðendur, haldið úti myndarlegri heimasíðu, átt gott samstarf við sendiráð erlendis og verið mjög öflug í samstarfi við systurskrifstofur á Norðurlöndunum. Þar að auki hefur skrifstofan komið á fót alþjóðlegri ráðstefnu sem fjallar um framtíð menningarviðskipta í stafrænum heimi. Ráðstefnan nefnist You are in Control, og hefur vakið athygli víða um heim fyrir vandaða dagskrá og áhrifamikla þátttakendur.

Auk þeirra verkefna sem getið er hér að ofan er Samtónn bakhjarl og meginkostunaraðili Íslensku tónlistarverðlaunanna, en iðnaðarráðuneytið, menntamálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Landsbanki Íslands hafa verið á meðal styrktaraðila hátíðarinnar í samstarfi við Samtón.

Reykjavík Loftbrú er einnig styrkt myndarlega úr sjóðum nokkurra aðildarfélaga Samtóns. Þetta fé er nýtt til niðurgreiðslu á ferðakostnaði hundruða tónlistarmanna og útgefenda þeirra vegna alþjóðlegra tónleikaferða. Aðrir samstarfsaðilar að Reykjavík Loftbrú eru Reykjavíkurborg og Icelandair.

Samtónn stendur einnig að framkvæmd og fjármagnar að meginstefnu Dag íslenskrar tónlistar, vitundarvakningu og verðlaunaafhendingar í nafni tónlistarinnar, sem haldinn er að jafnaði í lok ársins. Í ár er Dagur íslenskrar tónlistar hinn 12. desember. STEF og SFH tilnefna bæði þrjá í stjórn Samtóns og hafa formenn samtakanna yfirleitt skipst á að vera formenn Samtóns.

Eins og að framan er rakið er Samtónn vettvangur samstöðu í sameiginlegum verkefnum tónlistarrétthafa. Hin viðamiklu verkefni sem stjórn Samtóns hefur unnið að og tilgreind eru hér að framan snúast um heildarhagsmuni innan íslensks tónlistarlífs. Vegur íslenskrar tónlistar hefur vaxið með ári hverju og þrátt fyrir tímabundna niðursveiflu í efnahagsmálum munum við njóta tónlistar sem aldrei fyrr. Öflugt samstarf allra höfunda, flytjenda og framleiðenda á vettvangi Samtóns treystir tvímælalaust undirstöðurnar sem byggja þarf á til áframhaldandi sóknar í framtiðinni.

Með þessum skrifum er vonast til að þeir sem láta sig málefni tónlistarinnar varða hafi skýrari mynd af Samtóni, innviðum samtakanna og starfsemi þeirra.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Samtóns, samtaka tónlistarrétthafa á Íslandi.*

SALTFÉLAGIÐ

HEIMILIÐ ER HEILAGT

Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

# 20-70% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM Í DAG OG Á MORGUN.
Ný sending af klassísku Eames-stólunum.
Á morgun kl. 13.00 tekur Bogomil Font
lagið af landskunnri yfirvegun.



**Te & Kaffi** opið alla daga. Opið frá kl. **10-18 virka daga** og **11-16 laugardaga.**

ENNEMM / SÍA / NM36373

# Höfuðborg í herkví

**UMRÆÐAN**

Örn Sigurðsson skrifar um Reykjavíkurflugvöll



ÖRN SIGURÐSSON

Vegna greinar Birnu Lárusdóttur 6.12. 2008 er bent á eftirfarandi: Flugvöllur í Vatnsmýri er aðalorsakavaldur þess að miðbær Reykjavíkur koðnaði niður, útþensla byggðar á höfuðborgarsvæðinu er stjórnlaus (135 km² svæði á við París og San Francisco), fæstir komast erinda sinna gangandi, grunnur nærþjónustu og Strætó hrundi, mestöll verslun er í „kringlum“, þar er nú bílasamfélag án hliðstæðu.

Einkaneysla bílasamfélagsins kemur þjóðinni illa í hruninu: sóun í bíla, ómarkvissar byggingar, lífsstílsbruðl og óskilvirkan rekstur heimila, fyrirtækja og sveitarfélaga. Birna Lárusdótti og aðrir landsbyggðarforkólfar bera þunga ábyrgð á stöðu höfuðborgarinnar. Þeir misnota illa fengin yfirráð samgönguráðherra yfir flugvelli í Vatnsmýri og misvægi atkvæða til að þrýsta á flokkssystkin í ráðhúsi Reykjavíkur til undanhalds í helstu hagsmunamálum borgarbúa, brotthvarfi flugvallar og betri stofnbrautum. Borgaryfirvöld bregðast kjósendum og láta undan þrýstingi í stað þess að efla borgina. Skipulagsvaldið er þó hjá borgarstjórn og henni ber að hafa hag borgarbúa að leiðarljósi. Reykjavík hefði þróast áfram sem „evrópsk“ borg án flugvallar, líkt og fram að stríði og hefði þá m.a. hamlað fólksflótta á „mölina“.

Tjónið er mikið. Á 60 árum nemur það þúsundum milljarða í auknum stofn- og rekstrarkostnaði heimila, fyrirtækja og sveitarfélaga, í tímasóun, aksturskostnaði og heilsutapi í stækkandi borg. En ábati af byggð með 45 þúsund íbúum og störfum í Vatnsmýri er mikill: Stjórnlaus útþensla byggðar stöðvast, vítahringur bílasamfélagsins rofnar, akstur minnkar um 40% og borgin verður mannvæn og skilvirk. Og völlurinn er enn í Vatnsmýri. Hann gagnaðist aldrei dreifbýlinu í að sporna við fólksflótta enda er íbúafjöldi víða kominn niður fyrir þau mörk þjónustu, sem flestir vilja. Hann stuðlar hins vegar að fólksflótta því af hans völdum uxu þéttbýli, sem buðu upp á góða millilendingu fyrir nýaðflutta. Völlurinn líkist leikvangi en þjónar þó þörfum forkólfa, sem einatt fljúga og aka á annarra kostnað. Hann virðist hluti byggðarstefnunnar, oft nýttur til að sefja landsbyggðarbúa, sem eru enn án boðlegra vega af því að þingmenn þeirra fóru illa með vegafé. Völlurinn sameinar sveitarstjórnir í glímu við tilvistarangist og brottflutning vegna vondrar byggðastefnu, óvægins framsals kvóta og vítahrings fábreytni. Stofnbrautir, vegafé og flugvöllur eru á valdi samgönguráðherra, sem ræður því, sem máli skiptir um þróun borgarinnar. Og hann beitir valdinu ótæpilega gegn borgarbúum í þjónkun við ímyndaða hagsmuni, sem forkólfar móta í bakherbergjum og berjast fyrir með kjafti og klóm á landsfundum landsmálaflokka. Þar ráðast örlög þjóðar, oft með ólýðræðislegri hætti en orð fá lýst sbr. landsfundi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar.

Í þessu ljósi eru skrif Birnu Lárusdóttur og annarra landsbyggðarforkólfa ekki verð þess að eltar séu við þau ólar. Þeim væri sæmst að stuðla að framtíðarlausn flugs á Suðvesturlandi.

*Höfundur er arkitekt og áhugamaður um lýðræði og skilvirka borg.*







# Á bara að spila fyrri hálfleikinn?

**UMRÆÐAN**

Tryggvi Gunnarsson skrifar um átak gegn fíkniefnum



TRYGGVI GUNNARSSON

Undanfarna mánuði hafa lögregluembættin á Norðurlandi verið í átaki vegna fíkniefna. Aldrei áður hafa komið upp fleiri fíkniefnamál og ekki hefur verið lagt hald á meira efni en í þessu átaki. Hafa lögreglumenn gert víðreist svo sem í skólum, heimavistum, pósthúsum, flugvöllum, heimilum og víðar. Það má því með sanni segja að átakið er að skila tilteknum árangri.

Ég mun seint hætta að taka hattinn ofan fyrir þessum lögregluembættum sem leggja allt sitt að veði að halda þessum vágesti frá framtíð landsins. Með þessum orðum er ég ekki að segja að unga fólkið okkar sé eingöngu að nota fíkniefni, það er langur vegur frá.

Nú berast þær fréttir að líklega mun þetta átak leggjast af um áramót. ástæðan er talin vera skortur á fjármagni. Ég sem gamall keppnismaður í knattspyrnu vill líkja þessu við að nú sé fyrri hálfleik að ljúka og staðan sé 5-0 fyrir okkur. En í upphafi seinni hálfleiks taka þjálfaranir til sinna ráða og skipta út öllu liðinu og setja inn varaliðið og vona það besta þ.e.a.s. halda góðri stöðu. Undantekningalaust gengur það ekki upp, andstæðingunum vex ásmegin og rétta stöðu sína af áður en leik lýkur og jafnvel stela sigrinum í lokin. Þetta má ekki gerast, við verðum að spila með okkar besta lið allan tímann.

Það vekur hjá mér óhug ef átakinu verður ekki haldið áfram, því langar mig að spyrja ykkur, hvað kostar svona átak? Er höggvið stórt skarð í fjárhagsáætlun ráðuneytisins með svona átaki? Hvað með framhaldið?

*Höfundur er sölumaður.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Jólagjöf Íslendinga í ár

**UMRÆÐAN**
Benedikt S. Lafleur skrifar um samfélagsástandið


BENEDIKT S. LAFLEUR

Aðskilnaður löggjafarvalds og framkvæmdavalds er einn helsti hornsteinn lýðræðissamfélags. Það hlýtur því að sæta undrun að langflest lagafrumvörp skuli koma frá handhöfum framkvæmdavalds en ekki löggjafarvaldinu. Óhóflegt vald hefur í gegnum tíðina safnast saman á hendur örfárra manna sem hafa í raun mótað samtíð okkar og hagkerfi, þó þeir hafa jú haft meirihluta þings á bak við sig og vissulega sótt vald sitt upphaflega til þjóðarinnar.

Bæði almenningur og þingheimur þráðu sterka leiðtoga til að þurfa ekki að taka þátt í stjórnmálum sjálf, leiðtoga sem hvikuðu aldrei frá sannfæringu sinni en tóku um leið ekki nauðsynlegum breytingum. Þó að þjóðin hafi þroskast smám saman frá þessari þörf, hefur umgjörð stjórnsýslunnar ekki breyst í takt og enn hefur framkvæmdavaldið þingheim meira og minna í vasanum. Þjóðin hefur uppskorið það sem hún sáði í upphafi: Ráðþrota þing sem hlýtur þau niðurlægjandi örlög að þurfa að sætta sig við vanmátt sinn. Hvað hefur nú orðið um stolt okkar af elstu þinghefð í heimi? Í skjóli valdsins hafa æðstu embættismenn þjóðarinnar hrundið málum sínum í gegn á undrahraða án þess að fara í gegnum hreinsunareld gagnrýnnar umræðu. Útkoman birtist á víxl í leiftursnöggri lagaframkvæmd ellegar töfum á brýnum lagafrumvörpum sem gætu aukið skilvirkni í ríkisfjármálum og spornað gegn stjórnlausri þenslu. Allar umræður, hvort heldur um breytingu á stjórnarskránni til að skerpa skil þrígreiningar ríkisvaldsins ellegar um hugsanlega aðild Íslands að ESB, hafa ekki fengið að njóta sín í eðlilegum og heilbrigðum farvegi því ráðherrar hafa stýrt þeirri umræðu frá A til Z.

Trúnaðarbrestur þjóðarinnar í garð stjórnmálamanna, sem fjármálakreppan ýtir nú upp á yfirborðið, er því í raun bara birtingarmynd þess stjórnmálaleiða og sofandaháttar sem einkennt hefur íslenska pólitík alltof lengi og drepið hefur í dróma þátttöku almennings í stjórnmálaumræðunni. Hreinskilin orðaskipti ráðamanna og alþýðunnar í hópsamkomum er því í sjálfu sér merk tímamót í íslenskum stjórnmálum og til þess fallin að styrkja lýðræðið. Ljóst er að til að hrinda í framkvæmd meiriháttar breytingum á stjórnskipan landsins og hagstjórn, t.d. með myntbreytingu og/eða aðild Íslands í ESB, þarf trúlega að sækja um það umboð til kjósenda. Tímasetning þeirra kosninga skiptir þó sköpum núna og miklu máli skiptir að endurnýjun og endurstokkun í stjórnmálum komi í senn innan frá, þ.e. innan raða núverandi flokka sem og utan frá, það er að segja með endurnýjun í flokkunum og heilbrigðara viðhorfi æðstu ráðamanna sem sýni á sannfærandi hátt að þeir hlusti á kröfur fólksins í landinu. Höfum samt hugfast að það skiptir ekki máli hver er við stjórnvölinn ef rætur þeirrar kreppu sem nú kemur upp á yfirborðið eru ekki upprættar að fullu heldur fá að krauma áfram í sjúkri þjóðarsál.

*Þjóðin hefur uppskorið það sem hún sáði í upphafi: Ráðþrota þing sem hlýtur þau niðurlægjandi örlög að þurfa að sætta sig við vanmátt sinn.*

Allir þeir flokkar sem nú eru við lýði þurfa fyrst að vinna heimavinnuna sína: Greina vandann, kalla einstaklinga til ábyrgðar og bjóða upp á róttækar leiðir til að skapa nýtt og betra þjóðfélag. Þetta á jafnt við um stjórnarandstöðuna og ríkisstjórnina. Geir og Ingibjörg hafa alla burði til að leiða flokka sína og þjóðina í gegnum hið stórkostlega umbreytingarskeið sem þjóðin stendur frammi fyrir núna og þá áskorun sem það felur í sér svo fremi sem þau gæta þess að hlusta á fólkið í landinu. Í janúar á næsta ári, fara áhrif björgunaraðgerðanna að skila sér og í febrúar ættu stjórnvöld að vera búin að varða nýjan stjórnarsáttmála inn í framtíð Íslendinga. Sá stjórnarsáttmáli ætti að fela í sér gagngerar breytingar í stjórnskipan landsins og peningastjórn.

Óvitlaust væri af hálfu ríkisstjórnar Íslands að taka ofurlitla pólitíska áhættu þegar nær dregur jólum og láta í ljós vilja sinn um að eitthvað slíkt væri á döfinni. Mikilvægast af öllu er þó að viðurkenna sem fyrst þau mistök sem hafa verið gerð og boða skýlausan vilja um endurnýjun, óháð kosningum, og koma þannig ekki aðeins til móts við háværar kröfur almennings heldur og þær sem gerjast nú í stjórnarliðinu sjálfu. Sameinumst öll um óhjákvæmilegar og skynsamlegar breytingar á stjórnarháttum. Tökum örlögin í okkar hendur og missum ekki af þeim dýrmætu möguleikum sem þau hafa fært bæði land og þjóð um þessar mundir. Þjóðin er ekki fórnarlamb eins eða neins, heldur fyrst og fremst sinn eigin gæfu smiður. Afdráttarlaus viðurkenning á þessu er trúlega farsælasta jólagjöfin sem Íslendingar geta gefið sjálfum sér í ár.

*Höfundur er forleggjari.*







FRANK SINATRA FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1915

*„Ég ætla að lifa þangað til ég dey.“*

***Söngvarinn Frank Sinatra lést 14. maí 1998 tæplega 83 ára að aldri.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 12. DESEMBER 1904

## *Fyrstu rafljósin kveikt*



Fyrstu rafljósin voru kveikt á Íslandi á þessum degi árið 1904 að undirlagi Jóhannesar Reykdal sem setti upp fyrstu rafmagnsveituna í Hafnarfirði. Jóhannes hafði áður notað lækinn í Hafnarfirði til að knýja trésmiðju, en hann var menntaður trésmiður og hafði kynnst virkjunum þegar hann heimsótti systur sína í Noregi.

Hann vildi þó nýta lækinn betur og keypti rafal í Noregi. Þá hóf hann samstarf við Halldór Guðmundsson, fyrsta íslenska rafræðinginn, sem var nýkominn úr námi frá Þýskalandi, og trésmiðinn Árna Sigurðsson, sem lagði raflagnir.

Virkjunin tók til starfa 12. desember 1904 og sama dag voru kveikt ljós í fimmtán húsum í Hafnarfirði og kveikt á fjórum götuljósum. Meðal þeirra húsa sem nutu birtunnar voru barnaskólinn og Góðtemplarahúsið við Suðurgötu. Jóhannes lét þó ekki þar við sitja heldur reisti nýja rafstöð á Hörðuvöllum. Sú rafstöð framleiddi 37 kW sem var nóg rafmagn fyrir allan Hafnarfjörð.

### MERKISATBURÐIR

**1901** Marconi-félaginu tekst að senda útvarpsskeyti yfir Atlantshafið í fyrsta skipti.

**1914** Dow Jones-vísitalan fellur um 24,39 prósent sem var þá mesta prósentulækkun á einum degi frá upphafi vísitölunnar.

**1947** Björgunarafrekið við Látrabjarg er unnið og 12 skipverjum úr togaranum Dhoon er bjargað.

**1963** Kenía hlýtur sjálfstæði frá Bretlandi.

**1987** Hótel Ísland er tekið í notkun.

**1990** Gísli Sigurðsson læknir, sem hafði verið gísl Íraka í Kúveit í fjóra mánuði, kemur aftur heim.



## Kristinn Kristbjörn Bjarnason

bifreiðastjóri, Grundargerði 13, Reykjavík,

er látinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Ástvinir þakka vináttu, hlýhug og kærleika.

**Aðstandendur.**



*Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Ágústína Guðrún Ágústsdóttir

Fellsmúla 2, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum þann 8. desember.

**Gísli Baldur Jónsson**
**Kristrún B. Jónsdóttir** **Magnús Sigurðsson**
**Romeo D. Rosario**



*Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,*

## Lára Kristín Sigurðardóttir

Laugateigi 54, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 9. desember. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 18. desember klukkan 13.00.

**Skúli Þór Magnússon** **Guðrún Jóhannesdóttir**
**Árni Magnússon**
**Jóhanna Magnúsdóttir** **Óskar Margeirsson**



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Páll Helgason

frá Kaldárholti,

lést á Dvalarheimilinu Lundi á Hellu þann 9. desember. Jarðsett verður frá Árbæjarkirkju laugardaginn 13. desember kl. 14.00.

**Þorbjörn Helgi Pálsson** **Sóley Pálmadóttir**
**Jóhanna Ósk Pálsdóttir** **Viðar Þór Ástvaldsson**
**Anna Lára Pálsdóttir**
**Ragnheiður Pálsdóttir** **Þórarinn B. Þórarinsson**
**Árni Pálsson** **Elín Grétarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.




Guðrún R. Axelsdóttir ásamt starfsstúlkunum; þeim Hjördísi, Önnu og Rannveigu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BENHARÐ LAXDAL:** ELSTA STARFANDI KVENFATAVERSLUN LANDSINS 70 ÁRA

# Eitt af kennileitum miðbæjarins

Bernharð Laxdal, elsta starfandi kvenfataverslun landsins, fagnar 70 ára afmæli í ár. Verslunin var stofnuð á Akureyri árið 1938 af Bernharð Laxdal klæðskera en flutti í Kjörgarð, fyrsta íslenska stórmarkaðinn, þegar hann opnaði í kringum 1960.

„Verslunin var á annarri hæð Kjörgarðs og muna margir eftir rúllustiganum upp á efri hæðina en hann var sá fyrsti sinnar tegundar og þótti merki um nýja tíma,“ segir Guðrún R. Axelsdóttir sem keypti verslunina með eiginmanni sínum, Einari Eiríkssyni, árið 2001. Hún hafði fram að því verið í eigu Laxdal-fjölskyldunnar.

„Þetta var stærðarinnar verslun og ég held að hér hafi um tíma verið í kringum sjö afgreiðslustúlkur. Lengi vel var megináhersla á breitt kápuúrval og áttu margar stúlkur fermingarkápur úr versluninni, þar á meðal ég,“ upplýsir Guðrún.

Árið 1982 flutti verslunin í þá nýbyggt húsnæði við Laugaveg 63, þar sem hún er enn í dag. Enn er rík áhersla lögð á vandaðar kápur og yfirhafnir en auk þess dragtir, spariföt og almennan klæðnað. Í dag starfa þar fjórar konur og selja vandaðan kvenfatnað meðal annars frá þýska framleiðandanum Gery Weber. „Viðskiptavinir okkar eru flestir frá 35 ára og upp úr en þó er allur gangur á því. Við erum með allt frá mjög litlum upp í stórar stærðir og fjölbreytt úrval,“ segir Guðrún og bætir því við að á síðasta ári hafi verslunin fengið andlitslyftingu þegar ráðist var í stækkun og gagngerar breytingar á innréttingum.

Guðrún segir verslunina eitt af kennileitum Laugavegarins, ásamt verslunum á borð við Guðstein og Lífstykkjabúðina, og að það sé ánægjulegt hversu vel þessum verslunum hafi vegnað.

Vörumerki verslunarinnar hefur einnig staðist tímans tönn. „Magnús Pálsson listamaður á heiðurinn að því en hann var góðvinur Vigdísar Finnbogadóttur forseta sem var vinkona Þyríar Laxdal, fyrrverandi eiganda verslunarinnar.“ Merkið, sem sýnir konu í síðri kápu með regnhlíf, er sígilt og klassískt og lýsandi fyrir úrvalið í versluninni.

**vera@frettabladid.is**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Bjarni Sigurðsson

bifreiðastjóri og ökukennari,
Heiðargerði 56, Reykjavík,

er látinn. Útförin auglýst síðar.

**Kristín Ólafsdóttir**
**Fríða Bjarnadóttir** **Kristín Bjarnadóttir**
**Ólafur Bergmann Bjarnason** **Ólafía Aðalsteinsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



*Ástkær systir mín og frænka okkar*

## Vigfúsína Bjarnadóttir

Hrafnistu, Reykjavík,
áður Vífilsgötu 20, Reykjavík,

lést 10. desember. Útför hennar verður gerð frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 18. desember, kl. 11. Fyrir hönd annarra ættingja,

**Ingibjörg Bjarnadóttir**
**Elsa Margrét Níelsdóttir**
**Guðmundur Elías Níelsson**

# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR





MELISSA

**Melissa 646071**
500w BLANDARI með 2 stillingar, 1,5 lítra glerskál sem þolir klakabrot. Burstað stál.

VERÐ **9.995**
FRÁBÆRT VERÐ



KENWOOD

**Kenwood KM266**
Öflug 900w 4,3l hrærivél með 4,3l skál úr ryðfríu stáli, breytilegum hraðastilli, blandara, safapressu, sítruspressu, hakkavél, þeytara, hnoðara og hrærara. CD diskur með 90 uppskriftum fylgir.

TILBOÐ **49.995**
FULLT VERÐ 59.995



UNITED

**United MWO7103**
20 lítra og 700w ÖRBYLGJUOFN með snúningsdisk og afþýðingarmöguleika.

VERÐ **8.995**
FRÁBÆRT VERÐ



elna

**Elna ELNA2100**
Einföld og góð SAUMAVÉL með 15 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðir saumfóta, Overlock ofl.

VERÐ **34.995**
FRÁBÆRT VERÐ



OBH NORDICA

**OBH 6088**
Vönduð NUDDSESSA sem auðvelt er að festa við stól. Shiatsu og víbringsnudd. 6 mismunandi kerfi. Ótrúleg upplifun.

VERÐ **39.995**
FRÁBÆRT VERÐ



DēLonghi

**DeLonghi ESAM4000**
Fullkomin 1,8l Espresso KAFFIVÉL með kaffikvörn, Cappucino System - blandar saman gufu, lofti og mjólk. Malar kaffibaunir og býr til kaffið.

VERÐ **72.995**
FRÁBÆRT VERÐ



Lenco

**Lenco IPD3100**
ÚTVARPSVEKJARI með hleðsluvöggu fyrir iPod, Digital FM útvarpi, tónjafnara, Jack tengi fyrir MP3 spilara ofl. iPod fylgir ekki.

TILBOÐ **9.995**
FULLT VERÐ 14.995



PHILIPS

**Philips DVP3120**
Fjölkerfa DVD SPILARI með Progressive Scan, Dolby Digital, Scart (með RGB), Component og CVBS tengi, Digital Coaxial tengi ofl.

TILBOÐ **11.995**
FULLT VERÐ 13.995

DVD VIDEO

## MEÐ 250 GB HÖRÐUM DISK



Panasonic

**Panasonic DMREH58**
Fjölkerfa DVD SPILARI með upptöku á innb. 250GB harðan disk, Video uppskölun í 1080p í gegnum HDMI, Quick Start (1 sek), tekur upp á DVD+R/RW, DVD-R/RW og DVD Dual Layer, Pause Live, Dolby Digital, VIERA Link, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394) og USB 2.0, 2 Scart ofl.

TILBOÐ **59.995**
FULLT VERÐ 74.995

DVD VIDEO



PHILIPS 2009

Panasonic

iA LEICA DC LENS

FÆST BÆÐI BLEIK OG SILFURLIT



**Panasonic DMCLS80**
Stafræn MYNDAVÉL með 8,1 milljón punkta upplausn, Venus Engine III, LUMIX DC Vario linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.5 - 16.5mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hreyfimyndatöku og rauf fyrir SD/SDHC kort.

VERÐ **21.995**
FRÁBÆRT VERÐ

FULL HD UPPTAKA MEÐ 3CCD

3CCD



**Panasonic HDCSD9**
Háskerpu TÖKUVÉL með 3 3CCD upptökuflögum, Full HD upplausn, Advanced O.I.S titringsdeyfi, Leica Dicomar Linsu, 10x Optical og 700x Digital Zoom ofl.

TILBOÐ **99.995**
FULLT VERÐ 109.995

**Philips 19PFL3403**
19" LCD BREIÐTJALD með 1440x900 punkta upplausn, Crystal Clear III og Progressive Scan, HD Ready, 1000:1 skerpu, Anti Reflection, 6w Nicam Stereó með Incredible Surround, Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, tölvutengi (VGA) textav. ofl.

TILBOÐ **64.995**
FULLT VERÐ 84.995

**Heimilistæki** ht.is

EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** SÍMI 480 3700 GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1600 GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** SÍMI 460 3380 SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** SÍMI 569 1500








# Búum til betri jólabörn

NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

„Horfðu á björtu hliðarnar“ sungu fjandvinirnir Stefán Hilmarsson og Sverrir Stormsker fyrir margt löngu. Enn fyrr höfðu ensku æringjarnir í Monty Python-hópnum hvatt alla til að „Always look on the bright side of life“, og þannig tekið enn dýpra í árinni. „Eru álfar kannski menn?“ velti Magnús Þór Sigmundsson fyrir sér, en það er önnur saga og flóknari.



Ég kýs að hlíta tilmælum þeirra fyrrnefndu á séríslenskan hátt, með gamaldags, sígildri afneitun. Ég horfi á björtu hliðarnar með því að neita staðfastlega að trúa því, sem víða hefur komið fram í fréttum síðustu daga, að landsmenn ætli sér að viðhalda jólagjafabrjálæðisstigi síðustu ára nú í miðri efnahagskreppu. Í mínum huga er málið einfalt. Þjóðin hlýtur hreinlega að vera nægilega skynsöm til að átta sig á því að það er margt, allt!, þarfara við aurana að gera nú fyrir jólin en að spreða þeim í jólagjafir í tugatali.

Þú og ég, diskógrúppan góða, gerði vel í að skilja kjarnann frá hisminu:

„þetta aðfangadagskvöld
fyrsta aðfangadagskvöld
er enn barnahátíðin mest,
la la la la, barnahátíðin best.“

Höfum það í huga að jólin eru fyrst og fremst fyrir börn. Ekki svokölluð „jólabörn“, sem er í raun fínt orð yfir seinþroska fullorðið fólk, heldur alvöru börn á leik- og grunnskólaaldri.

Gerum því vel við börn og maka þessi jólin, og jafnvel ung skyldmenni ef þess er þá kostur. Ef eitthvað er aflögu er ekki úr vegi að gefa þær krónur í hjálparstarf. Aurarnir gera meira gagn þar en í formi kertastjaka handa Lovísu langömmusystur eða geisladisks handa Bödda bekkjarbróður.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Dagur íslenskrar tónlistar er í dag
Sálin hans Jóns míns
- Hér er draumurinn
★★★★★ Fréttablaðið
★★★★ Morgunblaðið
Pétur W. Kristjánsson
- Algjör sjúkheit
★★★★★ Fréttablaðið
★★★★ Morgunblaðið
Hinn íslenzki Þursaflokkur og Caput
- Í Höllinni á þorra 2008
★★★★★ Fréttablaðið
★★★★ Morgunblaðið
Lay Low
- Farewelll Good Night's Sleep
★★★★ Fréttablaðið
★★★★ Morgunblaðið
★★★★ DV
Sprengjuhöllin
- Bestu kveðjur
★★★★ Fréttablaðið
Morgunblaðið
Ragnheiður Gröndal
- Bella & Her Black Coffee
Morgunblaðið
Baggalútur
Nýjasta nýtt
★★★★ Fréttablaðið
★★★★ Morgunblaðið
Haukur Morthens
- Með blik í auga
★★★★★ Fréttablaðið
Dagur íslenskrar tónlistar er í dag og er hann heiðraður minningu Rúnars Júlíussonar
100% ÍSLENSKT
sena
okkar heimur || þín skemmtun

**!** **kl. 12**
*Gylfi Magnússon, dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands í dag. Fyrirlesturinn fjallar um þær slæmu horfur sem nú eru í efnahagslífi um heim allan, hverjar skýringar þess virðast vera og hvað geti verið fram undan. Sérstaklega er horft til stöðunnar á Íslandi. Að erindinu loknu mun Gylfi svara fyrirspurnum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Garðar heldur tónleika

Garðar Cortes, hinn dáði tenórsöngvari, mun halda tvenna hádegistónleika á Kjarvalsstöðum þar sem hann flytur helstu jólaperlur tónbókmenntanna með píanóleikaranum Robert Sund. Tónleikarnir verða mánudaginn 15. og þriðjudaginn 16. desember og hefjast kl. 12.15.

Á síðari árum hefur það orðið fátíðara að Garðar hafi sungið opinberlega og því mikill happafengur að fá að njóta hæfileika söngvarans nú á aðventunni. Garðar og sænski píanóleikarinn Robert Sund hafa starfað reglulega saman frá árinu 1980. Á tónleikunum munu Garðar og Robert einnig flytja lög af nýjum geisladisk sem er að koma út um þessar mundir og seldur verður á Kjarvalsstöðum. Þeir halda síðan tónleikaför sinni áfram til Uppsala í Svíþjóð.

Garðar Cortes þarf vart að kynna fyrir landsmönnum en hann hefur á síðari árum beint kröftum sínum æ meira að hljómsveitarstjórn. Garðar er skólastjóri Söngskólans í Reykjavík og stjórnandi Óperukórsins. Robert Sund hefur um langt skeið kennt við Tónlistarháskólann í Stokkhólmi, leikið á píanó, útsett, samið og stjórnað en leiðir tvímenninganna lágu fyrst saman á norrænu kóramóti þar sem þeir voru báðir stjórnendur.

Tónleikarnir hefjast kl. 12.15 og standa yfir í um 40 mínútur. Aðgangseyrir er 1.000 kr. en frítt er fyrir eldri borgara og námsmenn. Fyrir og eftir tónleika býður veitingasalan á Kjarvalsstöðum upp á úrval rétta á hagkvæmu verði.

- pbb



**> Ekki missa af …**

aðventutónleikum söngsveitarinnar Fílharmóníu undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar „Með gleðiraust og helgum hljóm“ sem verða í seinna sinnið í kvöld í Langholtskirkju og hefjast kl. 20. Miðasala er við innganginn.

# Enn má skrá sig í ljóðaslamm

Ljóðaslamm Borgarbókasafns Reykjavíkur fer fram í annað sinn á safnanótt í febrúar en frestur til að skrá sig rennur út 15. desember. Þemað að þessu sinni er hrollur.

Ljóðaslamm er túlkað frjálslega í þessari keppni og í raun er eina krafan sú að flutningur frumsamins ljóðs sé lifandi og má notast við leikræna tilburði, tónlist, myndlist, dans eða hvaðeina sem fólki dettur í hug. Tíu atriði voru flutt í keppninni í fyrra, en Halldóra Ársælsdóttir bar sigur úr býtum fyrir ljóðið „Verðbréfadrengurinn“, sem þekkt er orðið.

Í dómnefnd eru Bóas Hallgrímsson tónlistarmaður, Bragi Ólafsson skáld, Freyr Eyjólfsson útvarpsmaður, Ilmur Kristjánsdóttir leikkona og Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur. Skráning fer fram í útibúum Borgarbókasafns Reykjavíkur og á www.borgarbokasafn.is.



**SLAMMAÐ Á BÓKASAFNI** Keppnin gengur út á lifandi flutning frumsamins ljóðs, en notast má við leikræna tilburði, tónlist, dans og fleira.






# Sjaldheyrð verk á tónleikum

**Jólatónleikar Kammersveitar Reykjavíkur verða haldnir á sunnudag og eru með nokkuð óvenjulegri dagskrá.**

Á tónleikum Kammersveitar Reykjavíkur verða einungis flutt verk eftir tónskáldið Jan Dismal Zelenka, en hann var bæheimskur og starfaði mest í Prag, fæddur 1679 og lést 1745. Tónleikarnir bera yfirskriftina Prag 1723. Fjögur verk eftir Zelenka eru á efnisskránni. Robert Hugo, sérfræðingur í tónlist Zelenka, kemur frá Prag til að leiða Kammersveitina en einleikarnir í verkunum sem flutt verða eru þau Una Sveinbjarnardóttir fiðla, Matthías Birgir Nardeau óbó, og Rúnar H. Vilbergsson fagott.

Það er fátítt að verk eftir Zelenka leggi undir sig heila tónleika. Hann var samtímamaður J. S. Bachs. Þessir meistarar barokktónlistarinnar störfuðu í nágrannaborgunum Dresden og Leipzig. Líkt og gerðist með verk Bachs féllu verk Zelenka í gleymsku þegar barokktíminn rann sitt skeið og var tónlist hans enduruppgötvuð á 19. öld. Það er þó fyrst eftir 1960 sem vakning verður á verkum hans og voru þau þá gefin út á hljómplötum. Þykir tónlist hans sérstaklega áhugaverð og skemmtileg vegna óvenjulegrar hljómanotkunar og kontrapunkts. Hún er í hávegum höfð meðal þess hóps sem hefur einbeitt sér að hinu fjölskrúðuga safni tónlistar Evrópu sem kennd er við barokk. Er haft á orði í þeim hóp að í tengslaneti áhugamanna um barokkflutning hafi tónleikarnir vakið athygli víða um lönd.

Árið 1723 voru mikil hátíðarhöld í Prag vegna krýningar Karls VI. keisara. Zelenka var falið að semja verk fyrir þetta tækifæri og stjórnaði því við þessa hátíðlegu athöfn. Verkin fjögur á tónleikunum voru einmitt samin þetta ár: Forleikur í F-dúr fyrir 7 concertanti, Hipocondrie í A-dúr fyrir 7 concertanti, Konsert í G-dúr fyrir 8 concertanti, og Sinfonía í A-moll fyrir 8 concertanti.

Tónleikarnir verða í Áskirkju á sunnudaginn og hefjast kl. 17.00. Miðasala er við innganginn.



**TÓNLIST** Kammersveit Reykjavíkur á æfingu.

# Hlíf í Friðriksborg

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari heldur tónleika á morgun í hallarkirkjunni í Friðriksborgarhöll á Sjálandi. Þar leikur hún í tilefni af sýningu á portrettmyndum föður síns, Sigurjóns Ólafssonar, sem stendur þar yfir og lýkur um áramót. Á efnisskránni eru Partíta nr. 2 í d-moll eftir Bach og Vetrartré fyrir einleiksfiðlu, sem Jónas Tómasson skrifaði fyrir Hlíf og tileinkaði henni.

Svo skemmtilega vill til að langafi Hlífar var prestur í kirkjunni á sínum tíma. Hlíf stendur í ströngu þessa dagana. Hún er nýbúin að gefa út disk með sónötum og partítum eftir Bach fyrir einleiksfiðlu sem hún hljóðritaði í Reykholtskirkju fyrr á þessu ári, en sónöturnar og partíturnar, þrjár í hvorri deild, þykja með mest krefjandi verkum sem samin hafa verið fyrir einleiksfiðlu og eru því vel þekktar í túlkun marga helstu meistara fiðlunnar. Er diskurinn kominn í dreifingu.

Eftir dvöl í Danmörku við tónleikahald og kennslu vindur Hlíf sér til Rómar en þar verður hún með tónleika þann 19. desember í tónleikaröð Sant'Agnese in Agone ásamt Sebastiano Brusco píanóleikara. Á efnisskrá eru Sónata nr. 1 í g-moll fyrir einleiksfiðlu eftir Bach, Sónata fyrir fiðlu og píanó eftir Cesar Frank og Vetrartré Jónasar.



**TÓNLIST** Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari.
MYND EDDI


Mikið úrval ljósa
Aves
Xandra
Monique
Selene
Morfeo
Evia
Drim
Pyton
Aves
Anastasia
Clavius
Selene
Ms11354
Anastasia
Subzero
Liberty
Aves
Msraf17
Comforty
Liberty
Opið laugardag 11:00 - 16:00
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
www.rafkaup.is

# Danskar myndir á Sundance

Nú er að koma í ljós hvaða kvikmyndir komast inn á Sundance-hátíðina en sjálfstæðum framleiðendum víða um heim þykir mikill heiður að ná þangað með myndir sínar. Þannig hafa dönsku leikstjórarnir Nicolas Winding Refn og Lone Scherfig fengið þar inni fyrir sínar nýjustu myndir. Myndir beggja eru framleiddar fyrir enskumælandi markað. Bronson eftir Winding Refns „Bronson“, var frumsýnd í London í haust en mynd Lone Scherfigs „An Education“, verður frumsýnd á Sundance.



KVIKMYNDIR Nicolas Winding Refn leikstjóri.

„Bronson“ er ævisöguleg og segir frá Charles Bronson, sem hefur samtals setið í fangelsi 35 ár í 120 ólíkum stofnunum og mestan hluta þess tíma í einangrun vegna ofbeldistilhneiginga og afbrota. Winding Refn hefur áður leikstýrt verkefnum á ensku, „Fear X“, en hann er kunnastur fyrir þríleik sinn um Pusher-klíkuna. Beðið er með eftirvæntingu eftir næstu mynd hans „Valhalla rising“ sem er tekin að hluta til hér á landi og skartar Mads Mikkelsen en hún er líka leikin á ensku. Er það fyrsta tilraun norrænna framleiðenda að búa til mynd sem gerist á víkingatímanum.

Mynd Lone Scherfig kallast „An Education“ og er handritið eftir hinn kunna höfund Nick Hornby og byggir á frægum endurminningum bresku blaðakonunnar Lynn Barber frá London á sjöunda áratugnum. Í stærstu hlutverkum eru Peter Sarsgaard, Alfred Molina og Emma Thompson. Þriðja myndin sem komin er inn á Sundance frá Danmörku er heimildamyndin „Burma VJ“ sem byggir að hluta á ólöglegum tökum sem smyglað var út úr Burma. Leikstjóri er Anders Østergaard en hún átti mikla sigurför á heimildarmyndahátíðinni CPH:DOX í Kaupmannahöfn og nú í nóvember á IDFA, hinni virtu heimildamyndahátíð í Amsterdam.

Sundance er nú orðin mikilvægasta kvikmyndahátíð vestanhafs og talin standa jafnfætis Toronto-hátíðinni í Kanada. - pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 12. desember**

### Tónleikar

**20.00 Söngsveitin Fílharmónía** verður með tónleika í Langholtskirkju við Sólheima. Einsöngvarar verða Margrét Sigurðardóttir og Benedikt Ingólfsson.

**20.30 KK og Ellen Kristjánsdóttir** verða með tónleika í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði.



**22.30 Geir Ólafsson og Jón Páll Bjarnason, Guðmundur Steingrímsson og Bjarni Sveinbjörnsson** verða með tónleika á Kaffi Central við Pósthússtræti. Aðgangur ókeypis.

### Leiklist

**Rétta leiðin** Barna- og unglingaleikhúsið Borgarbörn sýnir jólasöngleik í Iðnó. Í dag verða tvær sýningar, sú fyrri kl. 9 en hin seinni 10.30.

### Fyrirlestrar

**17.30 Guðrún Erla Geirsdóttir (Gerla)** flytur fyrirlestur í 101 Projects við Hverfisgötu 18a. Fyrirlesturinn er í tengslum við yfirstandandi sýningu hollensku myndlistarkonunnar Mathilde ter Heijna. 101 Project er opið mið.-lau. kl. 14-17.

### Sýningar

**Í Gerðubergi** standa yfir tvær sýningar. Það er ljósmyndasýning Björns Sigurjónssonar og sýning á olíumálverkum eftir Halldóru Helgadóttur. Opið virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16. Gerðuberg, Gerðubergi 3-5.

**Hin árlega jólasýning þjóðdeildar** Landsbókasafns Íslands stendur nú yfir í Þjóðarbókhlöðunni við Arngrímsgötu. Aðgangur er ókeypis. Opið mán.-fös. kl. 8.15-22, lau.-sun. kl. 10-18.

**Kolbrún Hjörleifsdóttir** sýnir myndverk unnin út íslenskri ull á Geysi bistro/bar við Aðalstræti. Opið sun.-fim. 11.30-22, fös.-lau. 11.30-22.30.

**Samsýningin Rautt** stendur yfir í Gallery Syrpu við Strandgötu 39 en þar sýna þrettán listamenn verk. Opið þri.-fös. 12-17 og lau. kl. 10-14.

**Harpa Dögg Kjartansdóttir** hefur opnað sýninguna „Innvols“ í Listasal Mosfellsbæjar í Kjarna. Sýningin er opin alla virka daga 12-19 og 12-15 á laugardögum.

**Helga Aminoff** sýnir verk á Thorvaldsen Bar, Austurstræti 8. Sýningin er opin mán.-fim. kl. 11-1, fös. kl. 11-4, lau. kl. 11-5 og sun. kl. 11-1.

### Ljósmyndasýningar

**Atli Már Hafsteinsson** hefur opnað sýningu í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Opið virka daga kl. 10-16 og um helgar kl. 13-17.

### Uppákomur

**11.00 Jólasveinarnir** koma við á Þjóðminjasafninu við Suðurgötu alla daga fram að jólum. Í dag kemur Stekkjastaur til byggða. Aðgangur ókeypis.

**12.34 Lifandi jóladagatal** í Norræna húsinu við Sturlugötu. Í dag verður tólfti glugginn opnaður. Í gær var Sprengjuhöllin í glugganum. Hver skyldi vera þar í dag?

### Síðustu forvöð

**Í Listasafninu á Akureyri**, Kaupvangsstræti 12, stendur yfir sýning á verkum eftir sex lisamenn sem fjalla um og vekja spurningar um ýmsa þætti kristinnar trúar. Sýningu lýkur á sunnudag. Opið 12-17.

**Brothætt leðja**, samsýning nemenda á fyrsta og öðru ári í mótun hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík í kjallara Iðu-hússins við Lækjargötu, lýkur á sunnudaginn. Opið kl. 13-18.



**Styttan „Jacqueline með gulan borða“** eftir Picasso er til sýnis á Listasafni Árnesinga ásamt verkum 26 íslenskra listamanna þar sem gætir áhrifa frá listamanninum. Listasafn Árnesinga, Austurmörk 21, Hveragerði. opið fim.-sun. 12-18. Aðgangur ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




Nýr geisladiskur eftir Friðrik Karlsson með fallegum jólalögum, tilvalinn í jólapakkann.
Fæst í verslunum Hagkaupa.

Jóladagatal Norræna hússins
www.nordice.is
alla dagaklukkan 12:34
í gær var Sprengjuhöllin
Hver verður í dag?

Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Leitin að jólunum
Þorvaldur Þorsteinsson
lau. 13/12 þrjár sýningar, uppselt
sun. 14/12 þrjár sýningar, uppselt
Örfá sæti laus í desember, tryggðu þér sæti

Sumarljós
Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
Frumsýning 26. desember

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning. ★★★★ JVJ, DV
fös. 12/12 örfá sæti laus
lau. 13/12 örfá sæti laus
Síðustu sýningar!

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll.
★★★★ EB, FBL
fös. 12/12 örfá sæti laus
lau. 13/12 örfá sæti laus
Aukasýningar í sölu



Gjafakort Þjóðleikhússins
er sígild gjöf sem gleður alla
Kardemommubærinn
Tilboð á gjafakortum til áramóta.
www.leikhusid.is
GEFUM GÓÐAR STUNDIR



Til jólasveinanna
ÁRÍÐANDI TILKYNNING
sem gefa í skóinn
Þessum bókum má auðveldlega rúlla upp og stinga ofan í skó.
Og svo fjalla þær allar um jólin!
www.forlagid.is
FORLAGIÐ

# Jólaveisla

## hjá Bobbi Brown
## í Hagkaup Holtagörðum







Komdu, sjáðu og upplifðu.
Láttu fagmenn
frá Bobbi Brown
kenna þér að verða
þinn eigin förðunarfræðingur.












Opið til kl. 22 öll kvöld til jóla

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## > ÁNÆGÐ MÓÐIR

Nicole Richie segir að móðurhlutverkið sé það besta sem hafi komið fyrir sig. Hin 27 ára Nicole eignaðist sitt fyrsta barn, dótturina Harlow, með kærasta sínum Joel Madden í janúar á þessu ári. Hún segir allt hafa gengið eins í sögu frá því Harlow fæddist og henni þyki fátt skemmtilegra en að vera í fínum fötum og sokkabuxum. Nicole segist þó hafa þægindin í fyrirrúmi þegar hún velur fötin á Harlow.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Fjórar endurútgáfur af Ten

Fyrsta plata rokksveitarinnar Pearl Jam, Ten, verður endurútgefin í fjórum mismunandi útgáfum 24. mars á næsta ári. Síðan platan kom út árið 1991 hefur hún skipað sér sess sem ein sú besta í rokksögunni og bíða því margir spenntir eftir þessum útgáfum.

Fyrsta endurútgáfan nefnist Legacy Edition og er tvöföld. Fyrri diskurinn hefur að geyma upprunalegu plötuna en hljómgæðin eru meiri en áður og á síðari disknum er platan bæði endurhljóðblönduð af upptökustjóranum Brendan O´Brien og hljómgæðin meiri. Á disknum eru einnig sex aukalög: Brother, Just A Girl, State of Love and Trust, Breath and Scream, 2000 Mile Blues og Evil Little Goat.

Önnur endurútgáfan nefnist Deluxe Edition. Á henni er allt sem er á Legacy Edition auk DVD-mynddisks með órafmögnuðum MTV-tónleikum Pearl Jam frá árinu 1992 sem hafa aldrei áður verið gefnir út.



**PEARL JAM** Fyrsta plata rokkaranna í Pearl Jam, tímamótaverkið Ten, verður endurútgefin í mars á næsta ári.

Þriðja útgáfan kallast Vinyl Collection. Henni svipar til Legacy-útgáfunnar nema hvað engin aukalög fylgja með og hún er vitaskuld á vínil.

Stærsta útgáfan af öllum, Super Deluxe Edition, hefur að geyma allt úr hinum útgáfunum auk tónleika frá árinu 1992 sem voru teknir upp í Seattle, heimaborg Pearl Jam. Einnig fylgir með eintak af Momma-Son, upprunalegri demó-kassettu með lögunum Alice, Once og Footsteps. Að auki fylgir með bók með textum söngvarans Eddie Vedders, ljósmyndum og fleiri varningi.

Þessar endurútgáfur eru upphafið að fleiri slíkum útgáfum á næstu árum, allt fram að tvítugsafmæli Pearl Jam árið 2011.




# PLÖTUR ÁRSINS 2008 TILKYNNTAR

**Eins og jafnan á þessum tíma árs keppast nú blöð, tímarit og netmiðlar við að birta lista sína yfir bestu plötur ársins. Niðurstöðurnar eru jafn ólíkar og miðlarnir eru margir, en sé litið til heildarinnar skara sumar plötur fram úr.**

**1. Fleet Foxes - Fleet Foxes**
Gæði kvintettsins Fleet Foxes frá Seattle spurðust fyrst út á netinu. Sveitin fékk samning við gamla gruggmerkið Sub Pop í byrjun árs og frumraunin sem kom út í júní þykir gríðarlega vel heppnuð. Miðað við ungan aldur meðlimanna þykir bandið gríðarlega þroskað og fullnægjandi. Tónlistin er róleg og þéttofin og er gagnrýnendum tíðrætt um sterk áhrif frá Beach Boys og Crosby, Stills, Nash & Young.

**2. Bon Iver - For Emma, Forever ago**
Bon Iver („Góður vetur“ á frönsku) er hljómsveitarnafn Justins Vernons. Hann samdi lögin á plötunni um hávetur í einangruðum sumarbústað í Wisconsin þar sem hann dvaldi sér til heilsubótar. Útkoman þykir einstaklega góð og persónuleg.

**3. TV on the Radio - Dear Science**
Þriðja stóra plata TV on the Radio frá New York þykir bæði besta og aðgengilegasta verk sveitarinnar. Sveitin þykir snyrtilega bil tilraunamennsku og popptónlistar.

**4. Lil' Wayne - Tha Carter III**
Sjötta plata rapparans Lil' Wayne gerði það einstaklega gott á árinu, uppskar mikið lof og fádæma vinsældir miðað við rappplötu. Platan er mest selda plata ársins í Bandaríkjunum og fékk flestar Grammy tilnefningar, alls átta.

**5. Kings of Leon - Only By The Night**
Fjórða plata þessa bræðrarokkbands frá Tennessee kom út í september og hefur verið mjög vinsæl um allan heim. Þetta er sneisafull plata af rokkslögurum, en „Sex on Fire“ og „Use Somebody“ hafa þegar slegið í gegn.

## ÞEIR BESTU

Þessar fimm sveitir og listamenn skara fram úr í árslitauppgjörum erlendra miðla. Enn sem komið er því ekki eru öll kurl komin til grafar.



LIL WAYNE



KINGS OF LEON



BON IVER



FLEET FOXES



TV ON THE RADIO

**Q**
1. Kings Of Leon - Only By The...
2. Fleet Foxes - Fleet Foxes
3. Coldplay - Viva La Vida
4. Vampire Weekend - Vampire...
5. Glasvegas - Glasvegas

**NME**
1. MGMT - Oracular Spectacular
2. TV On The Radio - Dear Science
3. Glasvegas - Glasvegas
4. Vampire Weekend - Vampire Weekend
5. Foals - Antidotes

**Uncut**
1. Portishead - Third
2. Fleet Foxes - Fleet Foxes
3. TV On The Radio - Dear Science
4. Bon Iver - For Emma, Forever Ago
5. Vampire Weekend - Vampire...

**Mojo**
1. Fleet Foxes - Fleet Foxes
2. The Last Shadow Puppets - The Age Of The Understatement
3. Paul Weller - 22 Dreams
4. Bon Iver - For Emma, Forever Ago
5. Nick Cave & The Bad Seeds - Dig, Lazarus, Dig!!!

**Guardian**
1. Bon Iver - For Emma, Forever Ago
2. Amadou and Mariam - Welcome to Mali
3. Elbow - The Seldom Seen Kid
4. Glasvegas - Glasvegas
5. Kings of Leon - Only by the Night

**Times**
1. Fleet Foxes - Fleet Foxes
2. Cut/Copy - In Ghost Colours
3. Paul Weller - 22 Dreams
4. Nick Cave and the Bad Seeds - Dig!!! Lazarus Dig!!!
5. Bon Iver - For Emma, Forever Ago

**Rolling Stone**
1. TV on the Radio - Dear Science
2. Bob Dylan - Tell Tale Signs — The Bootleg Series Vol. 8
3. Lil Wayne - Tha Carter III
4. My Morning Jacket - Evil Urges
5. John Mellencamp - Life, Death, Love and Freedom

**Stereogum**
1. Fleet Foxes - Fleet Foxes
2. TV On The Radio - Dear Science
3. Bon Iver - For Emma, Forever Ago
4. Vampire Weekend - Vampire...
5. Deerhunter - Microcastle

**Paste**
1. She & Him - Volume One
2. Sigur Rós - Með suð í eyrum við spilum endalaust
3. Vampire Weekend - Vampire Weekend
4. Bon Iver - For Emma, Forever Ago
5. Okkervil River - The Stand Ins

**Blender**
1. Lil' Wayne - Tha Carter III
2. Girl Talk - Feed The Animals
3. TV On The Radio - Dear Science
4. Metallica - Death Magnetic
5. Hot Chip - Made In The Dark

**Amazon.com**
1. Kings of Leon - Only by the night
2. Santogold - Santogold
3. Fleet Foxes - Fleet Foxes
4. Lay it down - Al Green
5. Adele - 19

**Time**
1. Lil' Wayne - Tha Carter III
2. TV On The Radio - Dear Science
3. Metallica - Death Magnetic
4. Girl Talk - Feed The Animals
5. Vampire Weekend - Vampire Weekend

**New York Magazine**
1. Lil Wayne - Tha Carter III
2. TV on the Radio - Dear Science
3. Bon Iver - For Emma, Forever Ago
4. Portishead - Third
5. Hercules & Love affair - Hercules & Love affair

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



# Unglingum finnst líka gaman að lesa

## Ljósaskipti




Tilboðsverð:

**3.900 kr.**

Almennt verð:
4.490 kr.

*„Besta bók áratugarins... hingað til.“*
**Amazon.com**

*„Ein sú rosalegasta bók sem ég hef lengi lesið.“*
**Kolbrún Ósk Skaftadóttir / Eymundsson**

*„Ég mæli heils hugar með Ljósaskiptum.
Sökkvið tönnunum í hana.“*
**Jenný Anna Baldursdóttir**

## Eragon: Brísingur




Tilboðsverð:

**3.900 kr.**

Almennt verð:
4.990 kr.

**Baráttunni er hvergi nærri lokið!**

**1.250.000 eintök seld á heimsvísu**

**2. sæti – Barnabækur, bóksölulisti
Morgunblaðsins 1. – 7. desember**

Skiptimiðinn
Eymundsson

*Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 10. janúar 2009.*

**Tilboðið gildir til og með
17. desember 2008.**

eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*







# HROSSAKJÖT OG NOTAÐUR SÖNGVASEIÐUR Á DVD

**Erlendir vefmiðlar eru fullir af fréttum um íslenskt efnahagslíf; IceSave og hrun íslensku bankanna. Inn á milli má þó finna greinar sem sýna glöggt hvaða augum erlendir blaðamenn sjá íslenskt samfélag um þessi jól.**



**HROSSAKJÖT Á JÓLADISKINN** Á vef Press Assosiation er því haldið fram að margir Íslendingar ætli sér að hafa hrossakjöt um þessi jól. Það sé jú helmingi ódýrara en lambakjöt.



**STJARNA ÍSLENSKU JÓLANNA** Julie Andrews verður stjarna hinna íslensku jóla þetta árið en notuð dvd-útgáfa af Söngvaseiði rokselst í höfuðborginni um þessar mundir.

Einna athyglisverðust er frétt vefmiðilsins Press Association sem birtist á vef þess í gær. Þar var fjallað um jólahald hrímverja í skugga efnahagsþrenginga og blaðamaðurinn fullyrðir að Íslendingar séu að bíta úr nálinni eftir stanslaust góðæri í tíu ár. Meðal þess sem greinarhöfundur segir að seljist hvað best í höfuðborg landsins, Reykjavík, er þurrkaður fiskur, hrossakjöt og notuð DVD-útgáfa Söngvaseiðs með Julie Andrews í aðahlutverki.

Haft er eftir Hólmfríði Kristinsdóttur, verslunarkonu í Kolaportinu, að Íslendingar hafi lítið pælt í því hvað hlutir kostuðu. Nú hafi dæmið snúist við og nánast allt snúist um verð og verðsamanburð. „Ef við til dæmis kaupum bjór þá kaupum við íslenskan bjór af því að hann er ódýrari,“ segir Hólmfríður sem sjálf selur þurrkaðan fisk. Blaðamaður PA segir að þrátt fyrir að Íslendingar séu að njóta hátíð ljóss og friðar, börnin setji sem fyrr skóinn út í glugga og jólaljós lýsi upp nítján tíma svartnætti þá vofi efnahagsvofan yfir öllu. „Íslendingar horfa fram á frosið efnahagskerfi, þjóð sem eitt sinn átti flesta Range Rovera miðað við höfðatölu,“ skrifar blaðamaðurinn.

Og svo virðist, ef marka má Sigga Garðarsson, sölumann kjötvara á flóamarkaði, að hrossakjöt verði sums staðar á boðstólum yfir jólin. „Ég hef allavega fundið fyrir aukinni eftirspurn eftir því kjöti,“ segir Siggi. Og sama á við um Ólaf Ólafsson sem selur hermannaföt. „Þetta er einn besti mánuður sem ég hef upplifað,“ segir Ólafur. Blaðamaður lætur þess síðan getið að ein vinsælasta myndin í Kolaportinu sé notuð DVD-útgáfa af Sound of Music eða Tónaflóði og við hana ætli Íslendingar að orna sér næstu mánuði.

freyrgigja@frettabladid.is






# Þrjár myndir með fimm tilnefningar

Kvikmyndirnar The Curious Case of Benjamin Button, Frost/Nixon og Doubt fengu flestar tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna, eða fimm talsins.

Meryl Streep og Kate Winslet hlutu tvær tilnefningar hvor, Streep fyrir hlutverk sín í Doubt og Mamma Mia! og Winslet fyrir frammistöðu sína í Revolutionary Road og The Reader. Anne Hathaway, Angelina Jolie og Kristin Scott Thomas voru einnig tilnefndar sem bestu dramatísku leikkonurnar. Hjá körlunum voru Leonardo DiCaprio, Frank Langella, Brad Pitt, Sean Penn og Mickey Rourke tilnefndir sem bestu leikararnir í dramatískri mynd.

Hinn látni Heath Ledger var tilnefndur fyrir aukahlutverk sitt sem Jókerinn í The Dark Knight en stutt er síðan hann vann til verðlauna Samtaka gagnrýnenda í Los Angeles fyrir frammistöðuna. Þetta var eina tilnefningin sem The Dark Knight hlaut og olli það mörgum vonbrigðum.

Í flokknum besta dramatíska myndin voru tilnefndar The Curious Case of Benjamin Button, Frost/Nixon, The Reader, Revolutionary Road og Slumdog Millionaire. Samkvæmt hefðinni er líklegt að flestar þessara mynda berjist einnig um Óskarinn á næsta ári.



**FIMM TILNEFNINGAR** The Curious Case of Benjamin Button hlaut fimm tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna.

Í flokknum besta gaman- eða söngvamyndin voru tilnefndar Burn After Reading, Happy-Go-Lucky, In Bruges, Mamma Mia! og Vicky Christina Barcelona.

Golden Globe-verðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn 11. janúar á næsta ári.

- fb

# Titillag endurbætt

Nýtt lag fer í spilun af plötu Motion Boys í dag, titillagið sjálft „Hang On“. Lagið verður til á tonlist.is og grapewire.is og með því fylgja fimm nýjar útgáfur í kaupbæti. Allir fimm meðlimir sveitarinnar gera sína eigin útgáfu af laginu. Bjössi trommari syngur sjálfur útgáfu sem hljómar eins og blanda af Sinead O'Connor og Prince. Tobbi hljómborðs er með rólega kántríútgáfu sem hann syngur sjálfur. Birgir söngvari er búinn að hraða á laginu og Doddi trommari hefur endurhljóðblandað það. Þá er ótalin útgáfa Gísla Galdurs sem býður upp á stórundarlega saxófónútgáfu.



**SEX LÖG FYRIR EITT** Hljómsveitin The Motion Boys.

- drg

Landsins stærsta

# Skósprengja

hefst í dag og stendur fram til 24. desember

Allt að **90%** afsláttur

VIÐ LÆKKUM Á MEÐAN AÐRIR HÆKKA!

## Opnunartímar

Mán - fös 11-18
lau 11-16
sun 12-16

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

SAMBÍÓIN



| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH STOOD | kl. 6D - 8D - 10:20D | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 4D - 6 | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 4 - 8 - 10:20 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 3:40 - 5:50 síð sýn. | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT DIGITAL | kl. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 4 - 6 - 8 - 10:30 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 4 - 6 DIGITAL | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8:30 DIGITAL | L |
| W | kl. 10:10 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 4(3D) kr. 850 | L |

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 8 | 16 |
| TRAITOR | kl. 10:30 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| IGOR m/ísl. tali | kl. 6 (kr.500) | L |
| BODY OF LIES | Sýnd 15,16,17,18.Des. kl. 10:20 í síð. sinn | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| CITY OF EMBER | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | |
| PASSENGERS | kl. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| DAY THE EARTH... | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 | L |
| NICK AND NORAH'S... | kl. 10 | L |
| IGOR m/ísl. tali | kl. 6 (kr.500) | L |

NÝTT Í BÍÓ!



| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE DAY THE EARTH... LÚXUS D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.45 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| REGNBOGINN | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SAW 5 | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 -10.30 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 8 - 10 | 7 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus





| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| SAW 5 | kl. 8 og 10 | 16 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4, 8 og 10 | 7 |
| MADAGASCAR 2 | kl. 4 og 5 | L |
| ZACH AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 8 | 16 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 10 | 16 |

# Kreppan stöðvar pönkara

Önnur plata pönkrokkaranna í Gavin Portland, IV: Hand in Hand with Traitor - Back to Back with Whores, kemur ekki út fyrir jólin eins og vonir stóðu til um.

Arnar Már Ólafsson, bassaleikari sveitarinnar, segist ekki hafa hugmynd um hvenær platan komi út og kennir efnahagsástandinu um. „Það er allt í óvissu út af ástandinu. Hún er í útlöndum enn þá og við þurfum bara að finna út hvernig við ætlum að leysa hana út,“ segir hann. „Það á eftir að greiða hluta hennar og við erum að ákveða hvernig sé best að tækla það. Hún er búin að margfalda sig í verði.“

12 tónar gáfu fyrir tveimur árum út síðustu plötu Gavin Portland, hina rómuðu III: View of Distant Towns, en óvíst er hvort fyrirtækið gefi út nýju plötuna.

Upptökur á henni fóru fram í Massachusetts í Bandaríkjunum í ágúst sem Kurt Ballou, eigandi Godcity-hljóðversins, stjórnaði. Ballou er jafnframt gítarleikari harðkjarnasveitarinnar Converge. „Hún er harðari en hin platan,“ segir Arnar um nýju plötuna, sem hann vonar innilega að komi út á næsta ári.

- fb



**GAVIN PORTLAND** Óvíst er hvenær næsta plata rokkaranna í Gavin Portland kemur út.

# Taska Bjarkar á uppboði

**Stígamót standa fyrir töskumarkaði um helgina í fjáröflunarskyni. Meðal þess sem boðið er upp eru töskur Bjarkar Guðmundsdóttur og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur.**



**TÖSKUMARKAÐUR STÍGAMÓTA** Nokkrir landsþekktir einstaklingar hafa gefið töskur sem verða seldar á uppboði á töskumarkaði Stígamóta um helgina að Hverfisgötu 105. Guðrún Jónsdóttir segir allt vera að fyllast af töskum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Hér er bara allt að fyllast af unaðslegum veskjum og töskum,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, sem um helgina stendur fyrir fjáröflun með töskumarkaði til styrktar starfi samtakanna úti á landsbyggðinni.

„Við ákváðum að mæta fólki sem kemst ekki til okkar og erum nú komnar með aðstöðu á Selfossi, í Vestmanneyjum, Grundarfirði, Borgarfirði og á Austfjörðum. Zonta-konur söfnuðu sjö milljónum fyrir okkur í ár, en nú þurfum við að safna meiri peningum til að geta haldið starfseminni gangandi,“ segir Guðrún. „Við höfum til dæmis fengið gefins veski frá Prada og Gucci. Björk Guðmundsdóttir, Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstýra, Silvía Nótt og Bjargey Ingólfsdóttir listakona gáfu okkur töskur og Steingrímur J Sigfússon gaf okkur skjalamöppu úr selskinni, áritaða af honum sjálfum,“ útskýrir Guðrún og segir töskurnar flokkaðar eftir gæðum á markaðnum sem verður opinn frá klukkan 12 til 18 bæði laugardag og sunnudag. „Það verður prúttmarkaður í kjallaranum, en það verður uppboð á dýrustu og sögulegustu töskunum sem lýkur klukkan 15 á laugardag. Í einni töskunni mun til dæmis leynast óbirt ljóð eftir Gerði Kristnýju og í annarri verður gjafabréf upp á afmælisköku sem ég baka og kem með heim til viðkomandi kaupanda á afmælisdegi hans,“ bætir hún við og brosir. „Nú stendur bara eftir að selja töskurnar svo við þurfum ekki að skera niður þjónustuna sem við erum að bjóða upp á úti á landi, því fólk alls staðar á landinu þarf á aðstoð að halda,“ segir Guðrún og vonast til að sjá sem flesta á markaðnum á Hverfisgötu 105 um helgina.

alma@frettabladid.is

# Þrjár efnilegar sveitir

Johnny and the Rest er fjögurra manna sveit úr Reykjavík sem spilar rafmagnaðan blús. Þeir félagar hafa náð góðum tökum á forminu og eru hér mættir með sína fyrstu plötu sem er 12 laga og 52 mínútur að lengd. Þetta er gamaldags rokkblús og það er greinilegt að þeir félagar hafa legið yfir 60's og 70's sveitum. Eins og oft vill vera með blúsinn þá eru þetta mest gamlir frasar sem eru hitaðir upp enn og aftur. Strákarnir gera þetta vel og þetta er ágæt plata, en næst væri gaman að hrista aðeins upp í frösunum og koma með eitthvað nýtt inn í mixið.

Sökudólgarnir eru líka blúsaðir, en þeir spila léttara og poppaðra afbrigði og eru undir áhrifum frá enn eldri tónlist eins og rokkabillý. Sveitin er leidd af Ísfirðingnum Skúla Þórðarsyni sem semur lög og texta, syngur og spilar á gítar. Líf & fjör er fimm laga, 18 mínútna gripur sem kemur í brúnum bréfpoka. Flott hönnun. Skúli er nokkuð efnilegur og á örugglega eftir að gera betri hluti í framtíðinni heldur en þessa plötu. Líf & fjör er fyrst og fremst lítið demó frá nýrri sveit – meinlaust, en engan veginn eftirminnilegt.

Menn ársins eru af allt öðru sauðahúsi. Þeir hafa verið starfandi í þrjú ár, en meðlimirnir hafa allir töluverða reynslu úr ólíkum hljómsveitum. Þeir spila popp, vandað og fullorðins, en lögin eru mjög lituð af höfundunum tveimur. Lög Sváfnis Sigurðarsonar eru dramatískari að uppbyggingu og textarnir hans eru á íslensku. Lög Haraldar Vignis Sveinbjörnssonar eru einfaldari og rokkaðari og hans textar eru á ensku. Tónlistarlega virkar þessi tvöfaldi persónuleiki sveitarinnar bara vel og skilar fjölbreyttri plötu. Bæði Sváfnir og Haraldur eru ágætir lagasmiðir. Fín frumsmíð, vel unnin og vex við frekari spilun.

Trausti Júlíusson



**TÓNLIST**
**Johnny and the Rest**
Johnny and the Rest
★★★
Johnny and the Rest spilar gamaldags rafmagnaðan rokkblús og hefur náð góðu valdi á forminu.



**TÓNLIST**
**Líf & fjör**
Sökudólgarnir
★★
Sökudólgarnir spila popp með blús og rokkabillý-áhrifum. Ekki slæm plata, en óeftirminnileg.



**TÓNLIST**
**Menn ársins**
Menn ársins
★★★
Fagmennska og fínar lagasmíðar einkenna Menn ársins. Plata sem vex við frekari spilun.


R. SIGMUNDSSON
LAND | SJÓR | SPORT
Lasersett
30% afsláttur
Dælur
20% afsláttur
Bátar
30% - 40%
afsláttur
Trukkalyfta
1.450.000kr
Síur
10% - 40%
afsláttur
Utanborðs-
mótorar
30% afsláttur
Fjarstýrðir
ljóskastarar
sértilboð
Rafstöðvar
20% afsláttur
Björgunarvesti
30% afsláttur
Tilboð á lagervörum
R.SIGMUNDSSON
R. Sigmundsson ehf. I Klettagörðum 25 I 104 Reykjavík S: 520 0000 I www.rs.is I rs@rs.is

### > Blikar á leið til WBA

Tveir af efnilegri leikmönnum knattspyrnuliðs Breiðabliks, Finnur Orri Margeirsson og Guðmundur Kristjánsson, héldu í morgun til Englands þar sem þeir eru á leið til enska úrvalsdeildarfélagsins WBA. Þar verða þeir til reynslu í vikutíma. WBA veitir ekki af aðstoð enda situr liðið í neðsta sæti ensku úrvalsdeildarinnar með tólf stig eftir sextán leiki. Verður áhugavert að sjá hvort Blikastrákarnir nái að slá í gegn hjá félaginu.



# sport

sport@frettabladid.is

**BIRNA VALGARÐSDÓTTIR:** HEFUR SPILAÐ FRÁBÆRLEGA Í NÝJU HLUTVERKI HJÁ KEFLAVÍK UPP Á SÍÐKASTIÐ

## *Er nú ekki með neinar svaka hreyfingar í teignum*

Körfuknattleikskonan Birna Valgarðsdóttir hjá Keflavík hefur verið sjóðandi heit upp á síðkastið og nú skorað yfir þrjátíu stig í fjórum leikjum í röð með Íslandsmeisturunum, þremur leikjum í Iceland Express-deildinni og einum í Subway-bikarnum. Birna hefur jafnan verið þekkt í gegnum tíðina sem ein fremsta þriggja stiga skytta deildarinnar og íslenska landsliðsins en upp á síðkastið hefur hún verið að sinna nýju hlutverki hjá Keflavík.

„Jonni [Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur] vaknaði bara upp einn góðan veðurdag og ákvað að láta mig spila undir körfunni í stað þess að vera fyrir utan í skotbakvarðastöðunni eins og vanalega. Þetta hefur samt gefist bara nokkuð vel hingað til og vonandi heldur það bara áfram. Það er alla vega gaman að fá að prófa þessa stöðu en ég vil nú meina að ég sé ekki með neinar svaka hreyfingar inni í teignum," segir Birna og hlær við.

Keflavík er í þriðja sæti deildarinnar sem stendur en sýndi sannkallaði meistaratakta í 62-90 stórsigri á KR á dögunum.




„Á okkar degi getum við verið alveg þvílíkt gott lið en við erum stundum sjálfum okkur verstar og spilum þá alveg hörmulega. Mér finnst samt vera mikill stígandi í okkar leik upp á síðkastið og mórallinn í liðinu er frábær og einhvern veginn allt jákvætt í kringum liðið. Við lentum reyndar í smá meiðslavandræðum en þá þjöppuðum við okkur bara saman og fleiri leikmenn fóru að axla ábyrgð. Ég held að þetta sé bara allt að smella saman og þær breytingar sem gerðar hafa verið á leikskipulaginu eru smátt og smátt að skila sér. Svava [Ósk Stefánsdóttir] hefur til að mynda staðið sig frábærlega í leikstjórnandahlutverkinu og þetta er allt að hallast í jákvæðu áttina hjá liðinu," segir Birna.

Birna telur annars Iceland Express-deildina vera afar jafna skemmtilega í ár.

„Deildin í ár er mjög skemmtileg og ef til vill jafnari en í fyrra. Núna virðast allir geta unnið alla og það þarf að hafa virkilega fyrir hverjum einasta sigri og það er bara mjög jákvætt finnst mér," segir Birna að lokum.

## ÚRSLIT

*N1-deild karla:*

Valur-FH 29-20 (12-11)

**Mörk Vals (skot):** Baldvin Þorsteinsson 9 (12), Arnór Þór Gunnarsson 7/3 (10/3), Elvar Friðriks son 3 (8), Hjalti Gylfason 3 (3), Heimir Örn Árna son 2 (9), Hjalti Pálmason 1 (5), Ingvar Árnason 1 (3), Markús Máni Michaelsson 1 (6), Orri Freyr Gíslason (2), Sigfús Páll Sigfússon (3).
**Varin skot:** Ólafur H. Gíslason 15 (35/1) 43%, Ingvar Guðmundsson 1 (1).
**Hraðaupphlaup:** 16 (Baldvin 7, Hjalti G. 3, Elvar 2, Markús, Ingvar, Heimir, Arnór).
**Fiskuð víti:** 3 (Hjalti P., Heimir, Ingvar).
**Utan vallar:** 8 mín.
**Mörk FH (skot):** Jónatan Jónsson 4 (4), Aron Pálmarsson 4 (11), Guðmundur Pedersen 3/1 (7/1), Sigurður Ágústsson 3 (4), Örn Ingi Bjarkason 2 (9), Reynir Jónasson 1 (3), Jón Helgi Jónsson 1 (1), Hjörtur Hinriksson 1 (2), Ólafur Guðmundsson 1 (11).
**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 13 (51/2 ) 25%.
**Hraðaupphlaup:** 5 (Guðmundur, Hjörtur, Örn, Ólafur, Aron).
**Fiskuð víti:** 1 (Guðmundur).
**Utan vallar:** 6 mín.
**Dómarar:** Ingvar Guðjónsson og Jónas Elíasson, arfaslakir.

HK-Akureyri 25-21 (14-10)

**Mörk HK:** Valdimar Þórsson 8, Gunnar Jónsson 5, Ásbjörn Stefánsson 4, Ragnar Njálsson 3, Einar Ingi Hrafnsson 2, Ragnar Hjaltisted 1, Sigurgeir Árni Ægisson 1, Jón Björgvin Pétursson 1.
**Mörk Akureyrar:** Jónatan Þór Magnússon 10/5, Hreinn Hauksson 3, Hörður Fannar Sigþórsson 3, Andri Snær Stefánsson 2, Anton Rúnarsson 2, Þorvaldur Þorvaldsson 1.

Víkingur-Haukar 22-25 (12-16)

**Mörk Víkings:** Sverrir Hermansson 5, Einar Örn Guðmundsson 4, Þröstur Þráinss. 4, Sveinn Þorgeirsson 3, Davíð Georgssson 2, Hreiðar Haraldsson 2, Davíð Ágústsson 1, Hjálmar Þór Arnarson 1.
**Mörk Hauka:** Elías Már Halldórsson 7, Einar Örn Jónsson 4, Gísli Jón Þórisson 3, Kári Kristján Kristjánsson 3, Andri Stefan 2, Gunnare Berg Viktorsson 2, Stefán Rafn Sigurmannsson 2, Freyr Brynjarsson 1, Arnar Jón Agnarsson 1.

*Subway-bikar karla:*

ÍR-Tindastóll 69-56

**Stig ÍR:** Hreggviður Magnússon 31, Ómar Sævars son 11 (14 frák.), Steinar Arason 11, Sveinbjörn Claessen 7, Eiríkur Önundarson 6, Davíð Fritzson 2, Þorsteinn Húnfjörð 1.
**Stig Tindastóls:** Helgi Rafn Viggósson 18 (13 frák.), Ísak Einarsson 17, Svavar Birgisson 15, Sören Flæng 3.

Keflavík-Höttur 107-58

**Stig Keflavíkur:** Hörður Axel Vilhjálmsson 17, Gunnar Stefánsson 16, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 14, Sverrir Þór Sverrisson 11 (6 stoðs.), Jón Hafsteinsson 9, Jón Gauti Jónsson 9, Vilhjálmur Steinarsson 9, Guðmundur Gunnarsson 6, Almar Guðbrandsson 5, Þröstur Leó Jóhannsson 5, Eldur Ólafsson 4, Elvar Þór Sigurjónsson 2.
**Stig Hattar:** Jerry Cheves 23, Brian Hill 15, Svein björn Skúlason 6, Sturla Höskuldsson 6, Ragnar Ólafsson 4, Hafliði Magnússon 2, Björgvin Karl Gunnarsson 2.

Skallagrímur-Valur 79-82

**Stig Skallagríms:** Igor Beljanski 26 (13 frák., 5 stoðs.), Sigurður Þórarinsson 15, Landon Quick 14, Trausti Eiríkson 12, Sveinn Davíðsson 7, Bjarne Ómar Nielsen 5.
**Stig Vals:** Hjalti Friðriksson 27, Steingrímur Ing ólfsson 19, Jason Harden 14, Hörður Hreiðarsson 9, Gylfi Geirsson 6, Guðmundur Kristjánsson 4, Kjartan Orri Sigurðsson 3.

*Subwaybikar kvenna:*

Haukar-KR(b) 118-45

**Stigahæstar:** Kristrún Sigurjónsdóttir 22, Guð björg Sverrisdóttir 18, María Lind Sigurðardóttir 14, Helena Hólm 13, Bryndís Hreinsdóttir 11, Sla vica Dimovska 11, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 9, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 9 - Hanna Björg Kjartansdóttir 17, Kristín Björk Jónsdóttir 8, Anna Svandís Gísladóttir 7.

Fjölnir-Grindavík(b) 86-49

**Stigahæstar:** Ashley Bowman 30, Birna Eiríks dóttir 15, Efemía Sigurbjörnsdóttir 12, Bergdís Ragnarsdóttir 12 - Stefanía Ásmundsdóttir 14, Sandra Guðlaugsdóttir 12.

# Hlíðarendahraðlestin í hörkuformi

**Grimmir Valsmenn hreinlega keyrðu yfir hið unga lið FH á Hlíðarenda í gær og unnu glæsilegan sigur, 29-20. Valsmenn áttu erfitt uppdráttar framan af leik en í síðari hálfleik var aðeins eitt lið á vellinum. FH skoraði aðeins níu mörk í síðari hálfleik og hraðaupphlaupsmörk Vals í hálfleiknum voru alls tólf.**

**HANDBOLTI** Valsmenn sýndu mátt sinn gegn FH-ingum á Hlíðarenda í gær. Þeir tóku aðalmenn FH úr sambandi og spiluðu á styrkleika sínum sem er hraður leikur og FH-ingar áttu ekkert svar í síðari hálfleik eftir fínan fyrri hálfleik.

Valsmenn byrjuðu varnarleikinn á því að mæta Aroni Pálmarssyni og Ólafi Guðmundssyni langt úti á vellinum. Þeir tóku þá ekki bara langt út á velli heldur reyndu að koma þeim úr jafnvægi með alls konar „böggi", óþarfa hrindingum og í raun almennum leiðindum eins og einhver sagði.

FH-guttarnir létu þessa taktík Vals ekki slá sig út af laginu heldur spiluðu skynsaman, yfirvegaðan sóknarleik og voru duglegir að finna línumenn sína. FH-ingarnir spiluðu að sama skapi klassavörn og mikið fát var á sóknarleik Valsmanna. FH náði fjögurra marka forskoti, 2-6, eftir 11 mínútna leik.

Valsmenn voru á þessum kafla afar pirraðir og létu mótlætið fara í taugarnar á sér. Þá sérstaklega Baldvin Þorsteinsson sem virtist oft á mörkum þess að missa stjórn á skapi sínu. Þeir róuðu sig loksins, fóru að spila yfirvegaðan sóknarleik og smám saman unnu þeir sig inn í leikinn.

FH-ingar að sama skapi fóru að gera mistök í sókninni, köstuðu frá sér boltanum og fengu hraðaupphlaup í andlitið. Lokamínúturnar voru skrautlegar þar sem hver furðudómurinn rak annan meðal annars. Valsmenn gáfu ekki eftir og Ingvar Árnason kom þeim yfir í fyrsta skipti í hálfleiknum rétt áður en blásið var til leikhlés. 12-11 fyrir Val í leikhléi.

Þessi lokakafli hálfleiksins virtist gefa Valsmönnum kraft því þeir mætti grimmir til síðari hálfleiksins og komust fljótt þrem mörkum yfir, 17-14. Á þeim tíma voru FH-ingar að kasta boltanum hvað eftir annað frá sér og var refsað grimmilega með hröðum upphlaupi. Þá tók Elvar Erlingsson, þjálfari FH, leikhlé og það virtist vera að skila sínu því FH skoraði tvö mörk í röð.

Eftir það voru lausnirnar aftur á móti ekki fleiri hjá Hafnfirðingum og miskunnarlausir Valsmenn hreinlega keyrðu yfir þá á fullu gasi allt til enda og nutu hverrar mínútu. Nokkur harka var í síðari hálfleik og þá voru það FH-ingar sem voru pirraðir. Þeir misstu yfirveguninа, létu Valsmenn pirra sig og eftirleikurinn æði auðveldur fyrir heimamenn.

„Ég á víst að vera meiddur. Mig sárverkjar í öxlinni og var ekki bjartsýnn fyrir leik að geta spilað. Svo kemst maður bara í gírinn og gleymir öllu. Heimir gaf mér líka hitakrem sem á víst að deyfa hesta og það skilaði sínu. Ég fann ekki fyrir öxlinni," sagði brosmildur Valsari, Baldvin Þorsteinsson, eftir leikinn en hann fór gjörsamlega hamförum í leiknum. Skoraði níu mörk og þar af sjö úr hraðaupphlaupum. Hann hefur þar með skorað átján mörk í síðustu tveim leikjum og það meiddur - í það minnsta að eigin sögn en einhver myndi halda að hann væri að blekkja miðað við spilamennskuna.

„Ég var að æsa mig upp í fyrri hálfleik til þess að komast í gírinn. Ég var ekkert reiður út í einn né neinn. Auðvitað tók ég fast á Aroni enda lagt upp með að stöðva hann en það var ekkert gróft," sagði Baldvin en Aron Pálmarsson var brúnaþungur eftir tapið.

„Ég er alveg búinn að átta mig á því að það er tekið fast á mér og ætla ekkert að skýla mér á bakvið slaka frammistöðu með því eða einhverjum meiðslum. Ég viðurkenni að við vorum pirraðir og sú taktík gekk upp hjá þeim því miður," sagði Aron svekktur en Valsmenn héldu honum og Ólafi algjörlega niðri. Þegar þeir loksins fengu að skjóta voru þeir í engum takti og í raun búið að taka þá úr sambandi. „Við vorum tilbúnir í þessa varnartaktík og það virkaði vel í upphafi en svo hættum við að gera þetta eins og lið. Það er ekki von á góðu.

henry@frettabladid.is



**Í HELJARGREIPUM** Besti maður vallarins, Baldvin Þorsteinsson, stöðvar hér Ólaf Guðmundsson sem var pakkað saman en hann nýtti aðeins eitt af ellefu skotum sínum í leiknum. Baldvin skoraði níu mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÍR-ingar unnu sinn sjöunda leik í röð og slógu Tindastól út úr Subway-bikarnum í Seljaskólanum:

# Stólarnir réðu ekkert við Hreggvið í gær

**KÖRFUBOLTI** ÍR, Keflavík og Valur komust áfram í 8 liða úrslit Subway-bikars karla í körfubolta í gær og bættust þar með í hóp Grindavíkur, Hauka og KR sem komust áfram í fyrrakvöld. Tveir leikir eru eftir í 16 liða úrslitunum, Njarðvík mætir Þór í kvöld og ÍBV tekur á móti Stjörnunni á laugardaginn.

ÍR-ingar hafa unnið alla sjö leiki sína í deild og bikar eftir að Hreggviður Magnússon sneri aftur úr meiðslum og ekki að ástæðulausu. Hreggviður var gjörsamlega óstöðvandi í 69-56 bikarsigri ÍR á Tindastól í Seljaskóla í gær. Hreggviður skoraði 31 stig í leiknum þar af sjö stig í röð þegar ÍR-ingar tóku frumkvæðið í leiknum í lok þriðja leikhluta. ÍR breytti þá stöðunni úr 38-38 í 50-43 og eftir það var á brattann að sækja hjá Stólunum, sérstaklega hjá Alan Fall sem var stigalaus á 32 mínútum og klikkaði á öllum 10 skotum sínum.

Leikurinn var mikill baráttuleikur og það var lítið skorað og því munaði enn meira um framlag Hreggviðs sem skoraði 20 stigum meira en næsti maður í ÍR-liðinu. Helgi Rafn Viggósson og Ísak Einarsson voru öflugir í liði Tindastóls en liðið lék án Darrel Flake sem er meiddur.

1. deildarlið Valsmanna sló úrvalsdeildarlið Skallagríms út úr bikarnum í Borgarnesi í gær eftir spennandi leik. Valur vann 82-79 þar sem Jason Harden var hetja Hlíðarendapilta og setti niður sex síðustu stig liðsins á síðustu 47 sekúndum leiksins. Jason endaði með 14 stig en Hjalti Friðriksson átti stórleik og skoraði 27 stig. Landon Quick skoraði 14 stig í sínum fyrsta leik með Skallagrími en stigahæstur var þjálfarinn Igor Beljanski með 26 stig.

Keflvíkingar unnu öruggan 49 stiga sigur á 1. deildarliði Hattar þar sem sjö leikmenn liðsins skoruðu á bilinu 9 til 17 stig. Hörður Axel Vilhjálmsson skoraði 17 stig og Gunnar Stefánsson var með 16 stig. - óój



**EKKERT GEFIÐ EFTIR** Ísak Einarsson í baráttu við Þorstein Húnfjörð og Davíð Fritzson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# VIÐ GEFUM HUNDRUÐ ÞÚSUNDA Í AFSLÁTT

**RISA**-lagersala á poolborðum, börum, húsgögnum og tölvuspilakössum.

**NÚNA ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ GERA FRÁBÆR KAUP!**




Hobby Room er með allt fyrir fjölskylduherbergið: Pókersett, poolborð, skákborð, fótboltaspil, píluspjöld, húsgögn, bari og fleira.






Hobby Room

**HOBBY ROOM · ÁRMÚLI 38, SELMÚLAMEGIN · REYKJAVÍK · HOBBYROOM.IS**

# Fjögur lið vilja fá Blikann Jóhann Berg í sínar raðir

**Enn er óvíst hvar Blikinn efnilegi Jóhann Berg Guðmundsson leikur á næstu leiktíð. Fjögur lið hafa verið að bera víurnar í hann en sem stendur er líklegast að hann fari til Coventry. Blikar hafa ekki tekið neinu tilboði í leikmanninn.**

**FÓTBOLTI** Þó svo að efnilegasti leikmaður síðasta Íslandsmóts, Blikinn Jóhann Berg Guðmundsson, sé ekki enn búinn að yfirgefa herbúðir Blika er flest sem bendir til þess að hann muni hafa vistaskipti þegar janúarglugginn opnar. Alls hafa fjögur lið sýnt honum áhuga og líklegasti áfangastaðurinn í dag er Coventry á Englandi.

Hann var kominn með annan fótinn til HSV í Þýskalandi á dögunum en Þjóðverjarnir drógu í land með gott tilboð á endanum og sendu Blikum annað sem var langt frá því sem Blikar vilja fá fyrir leikmanninn eftir því sem heimildir Fréttablaðsins herma.

HSV hefur þó ekki gefist upp en líkurnar á því að Jóhann fari þangað eru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ekki miklar sem stendur enda virðast Þjóðverjarnir ekki á þeim buxunum að hækka tilboð sitt sem stendur.

Jóhann Berg fór til Coventry á dögunum og vakti áhuga stjórans Chris Coleman á sér og Coventry hefur mikinn áhuga á að kaupa leikmanninn.

„Mér leist vel á allt hjá Coventry sem og Coleman. Gæti vel hugsað mér að fara þangað en boltinn er hjá Blikum. Ég bíð bara rólegur og er ekkert að æsa mig of mikið yfir þessu," sagði Jóhann Berg við Fréttablaðið í gær.

Fréttablaðið hafði samband við Einar Kristján Jónsson, formann knattspyrnudeildar, en hann vildi ekkert tjá sig um málefni Jóhanns. Var þögull sem gröfin.

Heimildir Fréttablaðsins herma aftur á móti að viðræður við Coventry séu vel á veg komnar og gæti farið að draga til tíðinda þar bráðlega.

Tvö hollensk félög hafa einnig sýnt Jóhanni áhuga. AZ Alkmaar hefur lengi verið með augastað á kantmanninum fljóta en lítið hefur þokast í því máli. Fyrir hjá Alkmaar er annar Íslendingur, Kolbeinn Sigþórsson.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom annað hollenskt félag inn í myndina en það er úrvalsdeildarfélagið Heerenveen sem hefur einnig Íslending innanborðs, Arnór Smárason frá Akranesi. henry@frettabladid.is



**EFTIRSÓTTUR** Jóhann Berg spilar tæplega hér á landi næsta sumar og fer líklega til nýs liðs í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/XX



**BEST** Bergur Ingi og Ásdís sjást hér á ÓL síðasta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Frjálsíþróttafólk ársins:

## Bergur Ingi og Ásdís best

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Sleggjukastarinn Bergur Ingi Pétursson úr FH og spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir úr Ármanni voru valin frjálsíþróttafólk ársins í gær.

Bergur Ingi tvíbætti Íslandsmetið á árinu. Í heildina bætti hann Íslandsmetið um rúma fjóra metra.

Bergur er í 61. sæti á heimslistanum og er búinn að ná lágmarki fyrir heimsmeistaramótið sem fram fer í Berlín á næsta ári.

Ásdís tvíbætti Íslandsmetið í spjótkasti einnig tvívegis á árinu og í heild um 2,70 metra. Hún er í 36. sæti á heimslistanum og hefur einnig tryggt sér þátttökurétt á HM í Berlín. - hbg

Evrópumótaröðin í golfi:

## Birgir lék á pari í Suður-Afríku

**GOLF Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, hóf leik á Alfred Dunhill Championship í Suður-Afríku snemma í gærmorgun og lék fyrsta hringinn á 72 höggum eða pari vallarins en mótið er hluti af Evrópumótaröðinni.**

**Birgir Leifur var með átta pör og einn skolla á fyrri níu holunum í gær og átta pör og einn fugl á seinni níu holunum og er því að leika öruggt golf í Suður-Afríku. Þetta er annað mótið sem hann tekur þátt í eftir að hafa jafnað sig á erfiðum meiðslum.** - óþ



**SVEKKTUR** Áhorfandinn er hér með myndavélina sem Daly skemmdi. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

John Daly er alltaf hress:

## Eyðilagði myndavél

**GOLF** Skrautlegasti golfari heims, Bandaríkjamaðurinn John Daly, er að spila í Ástralíu þessa dagana og heldur uppteknum hætti við að vekja á sér athygli með hegðun sinni.

Hann gerði sér núna síðast lítið fyrir og hrifsaði myndavél af áhorfanda og fleygði henni utan í tré svo hún eyðilagðist.

„Ég var að fara að taka víti og þessi myndavél var alveg ofan í andlitinu á mér," sagði Daly í yfirlýsingu en hann sagði við áhorfandann eftir atvikið að ef hann vildi nýja myndavél skyldi hann kaupa hana.

„Það hefði engu breytt þótt þetta atvik hefði átt sér stað þegar vel gekk. Hann var allt of nálægt með vélina og ég er enn að drepast í augunum eftir flassið," sagði Daly.

Áhorfandinn sem gekk of nærri Daly er ekki viss um hvort hann ætli í skaðabótamál við Daly þar sem hann sé stór maður að vexti. - hbg

Lewis Hamilton:

## Ekki eins vélar í öllum bílum

**FORMÚLA 1 Heimsmeistarinn Lewis Hamilton sér það ekki gerast að reglum verði breytt á þann hátt í íþróttinni að öll lið muni keyra með sömu vél.**

**„Ég sé það ekki gerast. Ekki nokkurn tímann. Framleiðendurnir spila allt of stóra rullu í þessari íþrótt," sagði Hamilton.**

**Samþykkt hefur verið áætlun hjá liðunum sem og stjórnendum Formúlunnar um að skera niður kostnað næstu tvö árin. Útfærslan hefur hins vegar ekki enn verið kynnt.** - hbg




Leikmenn AaB voru ósáttir með Wayne Rooney á Old Trafford í fyrrakvöld:

# Danirnir segja að Rooney hagi sér eins og svín á velli

**FÓTBOLTI** Leikmenn danska félagsins AaB frá Álaborg voru allt annað en sáttir við framgöngu framherjans Wayne Rooney hjá Man. Utd eftir 2-2 jafnteflisleik félaganna í Meistaradeildinni í fyrrakvöld.

„Hann hagaði sér bara eins og svín á vellinum. Beitti alls kyns lúabrögðum þegar dómarinn var ekki að horfa," segir Michael Jakobsen í viðtali við TV 2 í Danmörku.

Það var þó fyrir brot á Kasper Risgard, snemma í seinni hálfleik, sem Rooney gæti lent í vandræðum út af en Laurent Duhamel, dómari leiksins, sá ekki hvað gerðist. Risgard var allt annað en sáttur við framgöngu Rooney en kvað hann þó hafa beðið sig afsökunar eftir leik.

„Ég átta mig ekki almennilega á hvað gerðist en hann var greinilega eitthvað pirraður. Ég vissi ekki fyrr en hann var búinn að traðka á mér. Ef þetta hefði átt sér stað annars staðar en á Old Trafford þá hefði þetta verið beint rautt spjald," segir Risgard svekktur.

Þó svo að dómari leiksins hafi misst af atvikinu þá sleppur Rooney líklega ekki við refsingu þar sem aganefnd evrópska knattspyrnusambandsins er talin ætla að skoða atvikið nánar og framherjinn skapstóri gæti þá átt yfir höfði sér leikbann sem hann þyrfti þá að taka út í 16 liða úrslitunum.

Rooney sjálfur lét sér fátt um finnast um ásakanirnar.

„Svona er fótboltinn, þetta er líkamlega erfið íþrótt. - óþ



**SAKLEYSIÐ UPPMÁLAÐ** Rooney biðlar til dómarans eftir að hafa traðkað á Risgard. NORDIC PHOTOS/AFP



BYLGJAN 989 KYNNIR:
Íslensku dívurnar
FROSTRÓSIR
Tenorarnir & góðir gestir
2008
NÚ ER KOMIÐ AÐ ÞVÍ
Stór jólatónleikar Frostrósa
STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA, KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR, SKÓLAKÓR KÁRSNESS, STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR OG ÍSLENSKI GOSPELKÓRINN.
TÓNLISTARSTJÓRI ER KARL O. OLGEIRSSON OG ASTJÓRNANDI HLJÓMSVEITAR ÁRNI HARÐARSON.
HÖLLINNI AKUREYRI Í DAG KL 20:00 ÖRFÁ SÆTI
LAUGARDALSHÖLL Á MORGUN KL 20:00 UPPSELT
Á MORGUN KL 16:00 ÖRFÁ SÆTI
SÉRSTAKIR GESTIR: GUÐRÚN ÁRNÝ & EDGAR SMÁRI
MARGRÉT EIR EIVØR HERA BJÖRK DÍSELLA
ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR UM LANDIÐ
UPPSELT VAR Á 8 TÓNLEIKA FROSTRÓSA UM HELGINA
ÞAR SEM HVERT STAÐARMETIÐ VAR FELLT Á FÆTUR ÖÐRU
JÓHANN FRIÐGEIR
GARÐAR THÓR CORTES
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA Á midi.is
Ný útgáfa CD
EIN VIÐAMESTA ÚTGÁFA ÁRSINS. GLÆNÝ HLJÓÐVERSPLATA FRÁ FROSTRÓSUM
Viðhafnarútgáfa CD+DVD
ÍSLENSKU DÍVURNAR & TENORARNIR ÞRÍR ÁSAMT STÓRHLJÓMSVEIT OG KÓRUM - ALLS YFIR 200 MANNS Á RISASVIÐI
Viðhafnarútgáfa 2CD+DVD
NÝR MYNDDISKUR - VIRKAR Í ÖLLUM KERFUM ... ÁSAMT TVEIMUR GEISLAPLÖTUM
★★★★ J.Á.J. Morgunblaðið
FROSTROSES
Gleðjumst og gefum með Frostrósum
JÓLAGJÖF FROSTRÓSA
Fyrir hvern seldan miða gefum við jólagjöf til þeirra er minna mega sín auk þess sem við bjóðum hundruðum á tónleikana. Fjölmennum á Frostrósir og gleðjum þannig þúsundir fjölskyldna fyrir jólin.
...flytur Frostrósir um landið
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
FROSTRÓSIR ...FÆRA ÞÉR JÓLIN
www.frostrosir.is



**MARGIR UNGIR** Blikinn Rúnar Ingi Erlingsson er einn af mörgum ungum leikmönnum í liði Benedikts Guðmundssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Úrvalslið Iceland Express:

## Þjálfararnir fengu fína hjálp

**KÖRFUBOLTI** Benedikt Guðmundsson og Yngvi Gunnlaugsson fengu fína aðstoð við valið á Iceland Express-liðunum sem mæta íslenska landsliðinu í Stjörnuleikjum KKÍ á laugardaginn.

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, aðstoðaði þá við valið en í þeim er athyglisverð blanda af erlendum leikmönnum og ungum og efnilegum leikmönnum.

Stjörnuleikir kvenna og karla fara fram á Ásvöllum klukkan 13.30 og 16.00 á morgun. - óój

### ÚRVALSLIÐ ICELAND EXPRESS KARLA:

| | |
|---|---|
| Jason Dourisseau | KR |
| Nemanja Sovic | Breiðablik |
| Thomas Viglianco | FSu |
| Justin Shouse | Stjarnan |
| Caleb Holmes | Hrunamenn |
| Jason Pryor | Hamar |
| Darri Hilmarsson | KR |
| Rúnar Ingi Erlingsson | Breiðablik |
| Vésteinn Sveinsson | FSu |
| Hjörtur Hrafn Einarsson | Njarðvík |
| Árni Ragnarsson | FSu |
| Haukur Helgi Pálsson | Fjölnir |

### ÚRVALSLIÐ ICELAND EXPRESS KVENNA:

| | |
|---|---|
| Ashley Bowman | Fjölnir |
| Julia Demirer | Hamar |
| LaKiste Barkus | Hamar |
| Guðbjörg Sverrisdóttir | Haukar |
| Slavica Dimovska | Haukar |
| Telma Fjalarsdóttir | Haukar |
| Hrönn Þorgrímsdóttir | Keflavík |
| Helga Einarsdóttir | KR |
| Sara Sædal Andrésdóttir | Snæfell |
| Íris Sverrisdóttir | Grindavík |
| Ólöf Helga Pálsdóttir | Grindavík |
| Jóhanna Björk Sveinsdóttir | Hamar |

# Helena sankar að sér verðlaunum

**TCU er komið upp í 19. sæti á lista yfir bestu liðin í bandaríska háskólakörfuboltanum og vann um síðustu helgi mót í Kaliforníu. Helena Sverrisdóttir á mikinn þátt í árangrinum sem fyrirliði og lykilmaður liðsins.**

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir og félagar í TCU hafa byrjað tímabilið í bandaríska háskólaboltanum afar vel og nú síðast vann liðið sigur á Collier-hraðmótinu í Kaliforníu. TCU vann heimastúlkur í Kaliforníu-háskólanum sem var talinn vera með þriðja besta lið landsins. Helena hefur spilað frábærlega í nýju hlutverki sem fyrirliði og leikstjórnandi liðsins og á mikinn þátt í góðri spilamennsku þess. Hún fékk líka tvö verðlaun í þessari viku.

Þetta var í fyrsta sinn í sögu TCU-skólans sem liðið nær að vinna svona sterkt lið á útivelli. Eftir þennan sigur og alls 8 sigra í fyrstu 10 leikjum sínum er skólinn kominn upp í 19. sætið á styrkleikalistanum yfir bestu háskólalið Bandaríkjanna. TCU hefur ekki verið hærra á listanum síðan veturinn 2003-2004 þegar skólinn komst upp í 16. sætið.

Árangur TCU-liðsins hefur vakið mikla athygli enda missti liðið marga lykilleikmenn frá því á síðasta vetri sem sést best á því að núverandi leikmenn tóku aðeins þátt í að skora 31,8 prósent stiganna, taka 31,1 prósent frákastanna og gefa 24,5 prósent af stoðsendingum liðsins á síðasta vetri.

Helena var kosin besti leikmaður mótsins eftir að hafa verið með 20 stig og 11 fráköst í undanúrslitaleiknum á móti Saint Louis og 17 stig og 10 stoðsendingar í úrslitaleiknum á móti Kaliforníuháskólanum. Þetta er í fyrsta sinn sem Helena nær að gefa 10 stoðsendingar í einum leik og enn fremur í fyrsta sinn í þrettán ár sem leikmaður TCU nær að gefa svona margar stoðsendingar í einum leik. Helena var með 18,5 stig, 7,5 fráköst og 6,0 stoðsendingar að meðaltali í mótinu en Helena hitti úr 50 prósentum skota sinna og tapaði aðeins 2 boltum á 78 mínútum í þessum tveimur leikjum. Í kjölfarið var Helena síðan kosin besti leikmaður vikunnar í sinni deild.

„Við vorum að gera allt saman. Við vissum alltaf hvað var í gangi og áttum svör við öllum þeim vörnum sem þær buðu upp á gegn okkur. Við spiluðum mjög góðan liðsbolta í kvöld," sagði Helena í viðtali við heimasíðu TCU. Þetta er annar sigur TCU-liðsins á mjög sterku liði því fyrr í vetur vann liðið glæsilegan sigur á Maryland-háskólanum sem var þá einnig í þriðja sæti á styrkleikalistanum. Helena var með 18 stig og 7 stoðsendingar í þeim leik.

Þetta var sem dæmi fyrsta tap Kaliforníu-háskólans á tímabilinu og enn fremur í fyrsta sinn í sex ár sem skólinn vinnur ekki þetta hraðmót sem hann heldur árlega.

„Allt liðið áttaði sig á því að ég var með minni mann á mér. Helena stóð sig frábærlega í að lesa vörnina og koma til mín boltanum. Hún átti frábærar sendingar þegar þær voru að reyna að loka á hana," sagði Rachel Rentschler, félagi Helenu í TCU, í viðtali á heimasíðu skólans en Rentschler var stigahæst í úrslitaleiknum með 24 stig auk þess að taka 10 fráköst. Rentschler var einnig valin í úrvalsliðið eins og Helena.

Helena er mjög áberandi á öllum tölfræðilistum í sinni deild. Hún er í þriðja sæti í stigaskori (17,1 í leik), í 2. sæti í stoðsendingum (5,1) og þrettánda í fráköstum (6,2). Þá hefur aðeins Rentschler hitt betur úr þriggja stiga skotum en 57,1 prósent þriggja stiga skota Helenu hefur ratað rétta leið.

Næsti leikur TCU er á móti Oklahoma State á útivelli á sunnudaginn. Leikurinn fer fram í Stillwater en Oklahoma State er talið vera með 23. besta lið landsins og er því fjórum sætum neðar á listanum en TCU. ooj@frettabladid.is



**KÁT** Helena Sverrisdóttir fagnar hér sigri TCU á Kaliforníu-háskólanum. AP



**ÖFLUG** Helena Sverrisdóttir er í stóru hlutverki hjá TCU-liðinu. AP


Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni




Fréttablaðið stendur upp úr
Höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Capacent ág-okt 08

Notaðu mest lesna blað landsins
til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina
Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband
í síma 512 5448 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

FRÉTTABLAÐIÐ


Íslensk knattspyrna er komin út í 28. skiptið og hefur aldrei verið stærri:

# Þrítugasta bókin hans Víðis

**FÓTBOLTI** Íslensk knattspyrna 2008 er komin út en þetta er 28. bókin í þessum bókaflokki sem hóf fyrst göngu sína árið 1981. Höfundurinn, Víðir Sigurðsson, hefur komið að öllum bókum nema þeirri fyrstu og hefur skrifað þær einn frá og með árinu 1983. Víðir hefur að auki skrifað þrjár aðrar fótboltabækur og bókin í ár er því þrítugasta fótboltabókin sem Víðir skrifar frá árinu 1982.

Bókin í ár er stærri en nokkru sinni fyrr en hún stækkar um sextán síður frá því í fyrra auk þess sem fleiri litmyndir eru í henni en áður. Bókin er alls 240 síður og þar má finna ítarleg viðtöl við þau Dóru Maríu Lárusdóttur, Davíð Þór Viðarsson, Hólmfríði Magnúsdóttur og Guðmundur Steinarsson.

Bókin er gefin út í samstarfi við KSÍ og í henni er að finna úrslit allra leikja í KSÍ-mótum 2008. Það má einnig finna í henni að venju litmyndir af öllum meistaraliðum í öllum flokkum á Íslandsmótinu 2008 ásamt bikarmeisturum og landsliðum.

Það kom fram á kynningarfundi um bókina að fjölgun í efstu deildum hefði kallað á stækkun á krepputímum. Í tilefni af útgáfu bókarinnar veittu Víðir og bókaútgáfan Tindur sérstök verðlaun. Kvennalandsliðið fékk sérstök heiðursverðlaun fyrir sögulegan árangur á árinu og þá voru þeir Guðmundur Benediktsson og Tryggvi Guðmundsson verðlaunaðir fyrir að leggja upp flest mörk í úrvalsdeild karla.

Bókin Íslensk knattspyrna er orðin ómissandi fyrir allt áhugafólk um knattspyrnu enda er þar að finna allt um íslenska knattspyrnu á árinu skrifað um leið og hlutirnir gerast. - óój



**AFKASTAMIKILL** Víðir Sigurðsson hefur skrifað 30 fótboltabækur á síðustu 26 árum. Hann afhendir hér Geir Þorsteinssyni, formanni KSÍ, nýju bókina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# JÓLASPRENGJA BENNA

## 9,7% fastir vextir

**óverðtryggt**

**Fjöldi bíla á staðnum - Komdu í heimsókn**

**Ýmis lánakjör í boði - Tökum notaða bíla upp í notaða - Allt að 100% fjármögnun**




NISSAN PATFINDER 2500 SE TDI, 7MANNA, 11/2006, ek. 16 þús. 5 dyra, ssk. álf. 33" dráttarb. Verð 5.850 þús.

**JÓLAVERÐ 4.190 þús.** stgr.




RENAULT MEGANE SÉNIC RN 7/2002, ek. 95 þús. 5 dyra, ssk. abs, álf. dráttarbeisli. Verð 1.070 þús.

**JÓLAVERÐ 790 þús.** stgr.




M. BENZ ML 430 11/2000, ek 146 þús. 5 dyra, ssk. álf. leður, topplúga, loftkæling, filmur, cd. Verð 2.600 þús.

**JÓLAVERÐ 1.790 þús.** stgr.




HYUNDAI TUCSON CRDI 1/2005, ek. 72 þús. 5 dyra, ssk. álf. abs, dráttarbeisli, cd og fl. Verð 2.500 þús.

**JÓLAVERÐ 1.690 þús.** stgr.




FORD ESCAPE 3,0 LIMITED 1/2005, ek. 66 þús. 5 dyra, ssk. dráttarbeisli, leður, filmur, og fl. Verð 2.720 þús.

**JÓLAVERÐ 1.790 þús.** stgr.




CHEVROLET LACETTI CDX WAGON 5/2005, ek. 36 þús. 5 dyra, ssk. abs, 4 líknarbelgir og fl. Verð 1.450 þús. .

**JÓLAVERÐ 1.190 þús.** stgr.




TOYOTA LANDCRUISER 100 4,7 6/2005, ek. 45 s. 7manna, 5 dyra, ssk. leður, topplúga, Verð 6.360 þús.

**JÓLAVERÐ 4.990 þús.** stgr.




SSANGYONG MUSSO SPORTS TDI 9/2004, ek. 94 þús. 4 dyra, 5 gíra, álf. dráttarbeisli, cd og fl. Verð 1.290 þús-

**JÓLAVERÐ 890 þús.** stgr.




CHEVROLET LACETTI CDX WAGON 6/2005, ek. 60 þús. 5 dyra, 5 gíra, abs, 4 líknarbelgir og fl. Verð 1.400 þús. .

**JÓLAVERÐ 1.190 þús.** stgr.




HYUNDAI TUCSON 2,7 LUX 10/2007, ek. 22 þús. 5 dyra, ssk. leður, topplúga, dráttarbeisli. Verð 3.720 þús.

**JÓLAVERÐ 2.690 þús.** stgr.




NISSAN PATROL ELEGANCE 10/2006, ek. 29 s. 7 manna,5 dyra, ssk. leður, topplúga, o.fl. Verð 5.770 þús.

**JÓLAVERÐ 4.890 þús.** stgr.




HYUNDAI TRAJET 2,0 7 MANNA, 12/2005, ek. 39 þús. 5 dyra, ssk. abs, álfelgur og fl. Verð 2.090 þús.

**JÓLAVERÐ 1.590 þús.** stgr.




TOYOTA RAV-4 GX VVT-I 6/2007, ek.22 þús. 5 dyra, ssk. abs, álf. dráttarkrókur, Verð 4.130 þús

**JÓLAVERÐ 2.990 þús.** stgr.

## Glæsileg Íslensk matarkarfa, íslenskt jólatré og flugeldapakkinn TRAUSTI fylgir öllum bílum!






**Íslensku jólatréin koma frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur - Heiðmörk. Allir geta valið sér annað hvort óhoggið tré í Heiðmörk að eigin vali eða tilbúið allt að 2 metra hátt tré. Þitt er valið.**

Skógræktarfélag Reykjavíkur - Heiðmörk

# Bílabúð Benna — Notaðir bílar

**Bíldshöfða 10 - 577 2800 og 587 1000 - notadirbilar@benni.is - www.benni.is**

**Reykjanesbær: Bílahornið hjá Sissa, Brekkustíg 38, - Sími 420 3300**

**Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og Laugardaga frá kl. 12 - 16.**

HJÁLPARSVEIT SKÁTA REYKJAVÍK



> **Alyssa Milano**

„Ég hef farið á stefnumót með sætum mömmustrákum, tónlistarmönnum, listamönnum – eða með öðrum orðum: fullt af atvinnulausum draumóramönnum.“
Milano fer með hlutverk örlaganornarinnar Phoebe Halliwell í þættinum Charmed sem sýndur er á Skjá einum í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER MISSÁTTUR

# Af meistaradeild og fjórum fjórum tveim

Sjónvarpið hefur öðlast nýja merkingu í kreppunni. Eða réttara sagt hefur fótboltinn öðlast nýja merkingu í kreppunni. Hann er orðinn meira heldur en ágætis afþreying, hann er orðinn eitt helsta athvarfið frá kreppunni. Tilvalinn flótti frá öllum þessum hörmungarfréttum af krónunni, Landsbankanum, Glitni og Kaupþing. Nema náttúrlega þegar West Ham er að keppa. Þá slekk ég.

Þriðjudags- og miðvikudagskvöld eru heilög. Sömuleiðis laugardagseftirmiðdegið eða sunnudagshádegið. Þá kemur maður sér notalega fyrir, með nýbakaða skonsu og mjólk og horfir á knattpyrnukappana leika listir sínar. Gleymir stund og stað. Meistaradeildarkvöldin eru náttúrlega einstök. Maður gæti legið í dvala fyrir framan imbakassann framundir nótt. En maður lætur sér nægja einn leik og meistaradeildarmörkin. Sama á við um enska; Liverpool-leikir og svo ekki söguna meir.

Meistaradeildarmörk Stöðvar 2 Sport eru hreinasta afbragð. Ég átti lengi vel erfitt með að sætta mig við gestina. Tómas Ingi Tómasson var full yfirlýsingagjarn í fyrstu en hefur náð sér á strik. Skýtur oft föstum skotum að þáttastjórnendum ef þeir fara langt út fyrir viðfangsefni sitt. Sama á við um Rúnar Kristinsson og Heimi Guðjónsson; maður á ekki erfitt með að ímynda sér þá sem yfirvegaða miðjumenn í ljósi frammistöðunnar fyrir framan sjónvarpsvélarnar.

Hið sama verður hins vegar ekki sagt um 4-4-2; endapunkt hverrar umferðar í ensku úrvalsdeildinni. Því miður virðast þeir Guðni Bergs og Heimir Karls hafa misst flugið. Og þegar Hemmi Gunn mætir á svæðið endar þátturinn oft inni í lokuðum búningsklefa sem enginn annar en þeir þrír hafa aðgang að. Þetta himinn og haf sem hefur myndast milli meistaradeildarmarkanna og 4-4-2 er þó auðvelt að brúa; hafa þann síðarnefnda á ögn fagmannlegri nótunum. Og sleppa einkahúmornum.



**EINKABRANDARAR** Guðni Bergs og Heimir Karls hafa misst flugið. Þeir gætu þó hæglega náð fyrri hæðum með því að sleppa einkahúmornum.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Hollywoodland
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** Ally McBeal
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.15** Útsvar! SJÓNVARPIÐ



▶ **20.50** Wipeout STÖÐ 2



▶ **21.00** The Bachelor
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.45 Káta maskínan** (e)
**16.15 Leiðarljós**
**17.00 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.15 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar** (62:65)
**17.37 Músahús Mikka** (34:55)
**18.00 Ljóta Betty** (Ugly Betty II) (32:41)
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Útsvar** Að þessu sinni takast á lið Hafnarfjarðar og Hornafjarðar. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.
**21.15 Trúmennska** (Entrusted) Bresk bíómynd frá 2003. Kona sem hefur hjálpað gyðingum að flýja frá Frakklandi felur syni sínum ungum hættulegt verkefni áður en hún deyr. Aðalhlutverk: Klaus Maria Brandauer, Thomas Sangster, Claire Keim og Giovanna Mezzogiorno.
**22.50 Úr dagbók slökkviliðsins** Mynd í léttum dúr um brunavarnir heimilanna.
**23.05 Taggart - Fyrirmyndarfólk** (Taggart - The Best and the Brightest) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Aðalhlutverk: Alex Norton, Blythe Duff, Colin McCredie og John Michie.
**00.15 Makleg málagjöld** (Raid) Finnsk spennumynd frá 2003. (e)
**02.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.05 Buena Vista Social Club**
**10.00 Búi og Símon**
**12.00 An Inconvenient Truth**
**14.00 Buena Vista Social Club**
**16.00 Búi og Símon**
**18.00 An Inconvenient Truth**
▶**20.00 Hollywoodland** Kvikmynd sem segir frá því þegar leikarinn George Reeves, þá þekktastur fyrir leik sinn sem Superman, féll sviplega frá.
**22.05 The Murder of Princess Diana**
**00.00 Into the Blue**
**02.00 Everbody's Doing It**
**04.00 The Murder of Princess Diana**
**06.00 Night at the Museum**

## STÖÐ 2

**07.00 Kalli litli kanína og vinir**
**07.25 Jesús og Jósefína** (12:24)
**07.50 Galdrabókin** (12:24)
**08.00 Lalli**
**08.05 Ruff's Patch**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (212:300)
**10.15 Las Vegas** (13:19)
**10.55 America's Got Talent** (7:12)
**12.00 Numbers**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Forboðin fegurð** (87:114)
**13.55 Forboðin fegurð** (88:114)
**14.40 Meistarinn** (11:15)
**15.30 Bestu Strákarnir** (21:50)
**15.55 A.T.O.M.**
**16.18 Camp Lazlo**
**16.38 Bratz**
**17.03 Nornafélagið**
**17.23 Galdrabókin** (12:24)
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.35 The Simpsons** (19:25)
**20.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.
▶**20.50 Wipeout** (6:11) Hörkuspennandi og bráðskemmtilegur raunveruleikaþáttur þar sem 24 manneskjur hefja keppni um 50.000 þúsund dollara. Keppendur þurfa að ganga í gegnum ýmsar þrautir og allt í kappi við tímann.
**21.40 National Lampoon's Christmas Vacation**
**23.15 Half Nelson**
**01.00 Monkeybone**
**02.30 Locusts. The 8th Plague**
**03.55 Porn Star. The Legend of Ron Jeremy**
**05.15 The Simpsons** (19:25)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.10 Utan vallar með Vodafone** Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti.
**19.00 Gillette World Sport 2008** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.
**19.30 NFL deildin. NFL Gameday** Hver umferð í NFL deildinni skoðuð í bak og fyrir. Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
**20.00 Spænski boltinn. La Liga Report** Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.
**20.30 Meistaradeild Evrópu** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir.
**21.00 Ultimate Fighter** Þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC.
**21.45 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**22.30 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.
**23.15 NBA Action** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
**23.45 NBA - Bestu leikirnir** LA Lakers - Boston Celtics, 1987.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Bolton og Chelsea.
**19.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Blackburn og Liverpool.
**20.50 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**21.20 Premier League Preview 2008/09** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**21.50 PL Classic Matches** Everton - Man United, 03/04. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.20 PL Classic Matches** Tottenham - Leicester, 03/04.
**22.50 Premier League Preview 2008/09** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**23.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og Stoke.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Game tíví** (14:15) (e)
**09.15 Vörutorg**
**10.15 Óstöðvandi tónlist**
**17.35 Vörutorg**
**18.35 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.
**19.20 Friday Night Lights** (13:15) (e)
**20.10 Charmed** (13:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlaganornir. Phoebe leigir sér íbúð og ætlar að flytja að heiman og Paige er að íhuga að hefja sambúð með Henry. En systurnar neiðast til að búa saman þegar djöfull rænir þeim, minnkar þær og heldur þeim sem föngum í litlili eftirlíkingu af húsinu þeirra.
▶**21.00 The Bachelor** (2:10) Það eru 15 dömur eftir og sjö þeirra fara saman á stefnumót við piparsveininn. Ein þeirra fær rós áður en kvöldið er liðið en önnur er flutt á sjúkrahús eftir slys. Síðan er partí í strandhúsi fyrir þær átta stúlkur sem eftir eru og þar fækkar ein þeirra fötum fyrir piparsveininn. Dugar það til að fá rós?
**21.50 The Contender** (4:10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu stórstjörnu í hnefaleikaheiminum. Efnilegir boxarar mæta til leiks og berjast þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.
**22.50 In Plain Sight** (12:12) (e)
**23.40 America's Funniest Home Videos** (31:42) (e)
**00.05 Dinner Rush**
**01.50 Jay Leno** (e)
**02.40 Jay Leno** (e)
**03.30 Vörutorg**
**04.30 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Föstudagsþátturinn**
Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.40
### National Lampoon's Christmas Vacation



Stórskemmtileg gamanmynd úr smiðju Johns Hughes. Hér segir frá dæmigerðri vísitölufjölskyldu sem ætlar að eiga saman náðuga jólahátíð. En hlutirnir ganga aldrei upp eins og þeim er ætlað hjá Clark, eiginkonu hans og börnunum tveimur. Stöðug óheppni Clarks eykst bara þegar nær dregur jólum og þegar andstyggilegur ættingi hans kemur í heimsókn er ríflegur jólabónus, sem hann gerir ráð fyrir að fá, það eina sem heldur honum gangandi. Aðalhlutverk: Chevy Chase, Randy Quaid og Beverly D'Angelo.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Logi í beinni
### Stöð 2 kl. 20.00



Logi Bergmann Eiðsson heldur áfram að bjóða upp á skemmtilega viðmælendur, fjölbreytta tónlist og áhugaverðar uppákomur í þætti sínum í kvöld. Gestir hans verða Emilíana Torrini, Ásdís Rán og Jón Gnarr. Þá mun söngkonan Guðrún Gunnarsdóttir og hljómsveitin Hraun mæta á svæðið og taka lagið. Hér er á ferðinni laufléttur þáttur sem allir geta haft gaman af. Þátturinn er endursýndur á Stöð 2 extra næsta kvöld kl. 20.00.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Það á að dansa
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.26** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (79:260)
**16.30 Hollyoaks** (80:260)
**17.00 Ally McBeal** (2:24)
**17.45 ET Weekend**
**18.30 Punk'd** (14:16)
**19.00 Hollyoaks** (79:260)
**19.30 Hollyoaks** (80:260)

▶**20.00 Ally McBeal** (2:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

**20.45 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíðindað á hressilegan hátt.

**21.30 Punk'd** (14:16) Grallaraspóinn Ashton Kutcher snýr aftur og heldur áfram að hrekkja helstu stjörnurnar í Hollywood og taka allt saman upp á falda myndavél. (14:16) Aðþrengda eiginkonan Nicollette Sheridan er plötuð til að aðstoða ungan mann við að biðja kærustu sinnar. Það fer að sjálfsögðu öðruvísi en ætlast var til.

**22.00 Prison Break** (11:22) Fjórða serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Michael Scofield braust út úr skelfilegu fangelsi í Panama með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök. Til þess njóta þeir aðstoðar fyrrverandi samfanga sinna Sucres, Bellicks og Mahones.

**22.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaus um málefni sem alla varðar. Umsjónarkona er Ásdís Olsen.

**21.00 Sportið mitt** Nýr íþróttaþáttur í umsjá Sigurðs Inga Vilhjálmssonar og Sverris Júlíssonar, íþróttaviðburðir verða til umfjöllunar og fólkið sem stendur á bak við þá.

**21.30 Kjarni jólanna** Örn Bárður Jónsson sóknarprestur Neskirkju ræðir um aðventuna, jólin og guðfræðina við gesti sína.

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Uventet besøg i Cambodia **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **18.30** Nissernes Ø **19.00** Cirkusrevyen 2007 **20.00** TV Avisen **20.30** What Women Want **22.35** Jeg fortryder ingenting

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** V-cup skiskyting **12.00** NRK nyheter **12.05** Stolthet og fordom **13.00** NRK nyheter **13.05** V-cup skiskyting **14.30** Absalons hemmelighet **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Billedbrev fra Europa **16.35** Lyset i mørketida **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Detektivklubben **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Bare en mann - Bjørn Eidsvåg **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Detektimen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Detektimen **23.05** Urban soul

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Debatt **11.50** Andra Avenyn **12.20** Gomorron Sverige **13.10** Skidskytte **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Djursjukhuset **16.00** Disneydags **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Robins **20.30** Tolken **22.35** Morgonsoffan **23.05** Kulturnyheterna **23.20** Dödens fält **01.40** Sändningar från SVT24



## NÝJU JÓLASVEINARNIR

Bjarni Árm kom fyrstur,
stinnur eins og tré.
Hann komst í sjóði digra
og skammtaði sér fé.

Hann vildi sjúga tærnar,
- á gamla mammoni,
en þegar draslið hrundi,
- hann dvald' í Noregi.



# Eva norn fulltrúi hins illa afls

„Öfl myrkursins eru komin á afturlappirnar, stíga villtan dans. Hrunadansinn er þess dans,“ segir Gunnar Þorsteinsson, trúarleiðtogi í Krossinum.

Gunnari í Krossinum þykir það furðu sæta að það hafi nánast farið fram hjá fjölmiðlum að á laugardag fyrir viku komu saman sjö hundruð biðjandi sálir við Austurvöll. En fyrsta frétt var að sjö manns voru handteknir við Alþingishúsið. Sjálfur er Gunnar léttur á því, segir að þó að kreppa sé í hinu veraldlega ríki eigi hið sama ekki við um Guðsríki. „Mér finnst menn standa þetta furðuvel af sér. Andrúmsloftið frekar vera að léttast. En þegar desember er liðinn fáum við að sjá veruleika sem við eigum erfitt með að horfast í augu við.“

Þegar Fréttablaðið náði tali af Gunnari var hann nýkominn af bænastund þar sem saman voru komnir forstöðumenn og leiðtogar ýmissa kristinna safnaða. „Mönnum finnst ástæða til að kristin viðhorf og kristin bæn komi víðar við í ljósi þess að hin myrku öfl hafa nú gert sig gildandi í samfélaginu. Eins og nornin við stjórnarráðið, ásatrúarmenn að reisa níðstangir, dúkkur stungnar með prjónum og myndir af leiðtogum þjóðarinnar brenndar.“

Eva Hauksdóttir norn var stödd í miðjum mótmælum þegar blaðið náði tali af henni, hjá ríkissaksóknara þar sem Hörður Torfason var að leggja fram kæru. Hún lét sér hvergi bregða nema síður sé þegar hún var spurð hvernig henni litist á að vera fulltrúi hinna myrku afla í huga Gunnars. „Þetta þykja mér góðar fréttir. Ég trúi á hið illa afl sem gerir gott. Þetta sem boðað er í bók Búlgakovs Meistarann og Margaritu: Fulltrúi þess illa afls sem flettir ofan af spillingu og rís gegn valdníðslu. Það gleður mig að Gunnari í Krossinum og hans líkum sé uppsigað við mig. Gunnar er einhver mesti rugludallur landsins og þetta þýðir að ég er að gera eitthvað rétt,“ segir Eva norn. **- jbg**



**EVA HAUKSDÓTTIR NORN** Henni þykja það verulega góðar fréttir að Gunnari í Krossinum, sem Eva segir einhvern mesta rugludall landsins, sé illa við sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT**
**2.** ákefð, **6.** rykkorn, **8.** merki, **9.** ætt, **11.** átt, **12.** rithöfundur, **14.** safna saman, **16.** í röð, **17.** gaul, **18.** skelfing, **20.** járnstein, **21.** maður.

**LÓÐRÉTT**
**1.** strit, **3.** íþróttafélag, **4.** fugl, **5.** keyra, **7.** heimilistæki, **10.** lærdómur, **13.** háttur, **15.** óskerta, **16.** nam burt, **19.** númer.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ofsa, **6.** ar, **8.** hak, **9.** kyn, **11.** na, **12.** skáld, **14.** smala, **16.** tu, **17.** gól, **18.** ógn, **20.** al, **21.** karl.
**LÓÐRÉTT: 1.** baks, **3.** fh, **4.** sandlóa, **5.** aka, **7.** ryksuga, **10.** nám, **13.** lag, **15.** alla, **16.** tók, **19.** nr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Tvo mánuði.
2. Stormþursarnir.
3. 3,7 milljarða króna.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

BRAGI ÓLAFSSON: Á LISTA BARNES & NOBLE YFIR BÆKUR ÁRSINS

# Gæludýr Braga ein af bókum ársins í Bandaríkjunum

„Þetta er flott og það er bara gaman að fá svona fréttir,“ segir rithöfundurinn Bragi Ólafsson. Vefsíða bókabúðakeðjunnar Barnes & Noble valdi bók hans, Gæludýrin, eina af fimmtán bestu skáldsögum þessa árs. Barnes & Noble er ein elsta og virtasta bókasölukeðja Bandaríkjanna með yfir átta hundruð bókabúðir víðs vegar um Bandaríkin. Fyrirtækið var stofnað 1873 og heldur því fram að það reki heimsins stærstu bókabúð sem er við fimmtu breiðgötu í New York. Vefur bókabúðarinnar hefur haft það fyrir sið að velja bestu bækurnar í lok hvers árs á heimasíðu sinni.

Bandarískir og breskir bókamarkaðir þykja nánast óvinnandi vígi fyrir rithöfunda utan hins enskumælandi heims. Til marks um það má nefna að auk Halldórs Laxness hafa einungis Ólafur Jóhann Ólafsson og Arnaldur Indriðason náð eftirtektarverðum árangri þar. Að sögn Jóhanns Páls Valdimarssonar útgefanda tíðkast ekki þessi hefð að taka bókmenntaverk frá öðrum löndum og þýða. „Að fá svona umsögn hjá Barnes & Noble hefur mikið gildi og þetta ætti að auðvelda okkur mjög að ná augum og eyrum bandaríska útgefenda,“ segir Jóhann.

Gagnrýnandi Barnes & Noble, Paul La Farge, rifjar upp í dómi sínum að Bragi hafi spilaði á bassa í Sykurmolunum. Hann bætir því við að tök Braga á súrealískum aðstæðum hinnar seinheppnu aðalpersónu, Emils S. Halldórssonar, gefi hinum japanska Murakami lítið eftir. La Farge sparar ekki stóru orðin og segir The Pets eiga eftir að verða sígilda sögu um lokuð rými. Meðal annarra bóka sem rata inn á lista Barnes & Noble eru Pride & Prejudice eftir Jane Austen og Steve the Pig en Netherlands eftir Joseph O'Neill. Kannski ekki nema von. Þeirri bók var hampað mjög af menningarkálfi New York Times sem taldi hana vera bestu lýsinguna á lífinu í New York eftir fall Tvíburaturnanna.



**SÁTTUR** Bók Braga Ólafssonar er meðal fimmtán bestu bóka þessa árs samkvæmt vef Barnes and Noble. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Árangur Braga er ekki síst merkilegur fyrir þær sakir að engir dómar hafa enn birst um bókina í bandarískum prentmiðlum. Bragi var þó ekkert í öngum sínum yfir því, sagði að útgefandi sinn þar vestra hefði sagt sér að pláss fyrir bókadóma væri sífellt að minnka. Bragi á ekki bók í þessu jólabókaflóði en stefnir á að klára sína næstu skáldsögu í vor. Hún fjallar um föður ljóðskáldsins sem birtist lesendum í Sendiherranum. „Hún fjallar um tvo eldri menn sem eru að skrifa kvikmyndahandrit en þurfa óvænt að fara til Hull að sækja arf annars þeirra,“ segir Bragi.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Óvíst er hvað má ráða í það en á kaffistofu samgönguráðuneytisins, þar sem **Kristján L. Möller** ræður ríkjum (eða hvað?) er sjónvarpsskjár, DVD-tæki og á hillu þar við hlið allir þættir Já, ráðherra og Já, forsætisráðherra. Hvort diskarnir eru þarna að undirlagi Kristjáns – með það fyrir augum að tekinn sé vari við ofríki ráðuneytisstjórans Ragnhildar Hjaltadóttur, og að Kristján stefni á forsætisráðuneytið – eða Ragnhildur hafi komið diskunum þarna fyrir svo ljóst megi vera hver ræður för, er ekki vitað.



Þeir eru kátir í Odda, **Björn Blöndal** sérfræðingur, og félagar. Sig krónunnar hefur orðið til þess að bókaútgefendur hafa leitað til Odda með prentun sem aldrei fyrr og í vikunni rann af færibandinu milljónasta bókin þar prentuð. Í gleði sinni gátu þeir Oddamenn ekki stillt sig um að gauka gjafabréfi upp á 40 þúsund krónur á veitingahús í þá bók. Í ár verða tvö hundruð þúsund fleiri bækur prentaðar í Odda en árið 2007, fjöldi titla er svipaður en upplög stærri.



**Grímur Atlason**, sveitarstjóri í Dalabyggð, mælti fyrir fjárhagsáætlun sveitarfélags síns fyrir skemmstu og var engan bilbug að finna á honum. Dalabyggð mun halda áfram hvað sem á dynur og í núverandi ástandi felast tækifæri. Og í fjárhagsáætluninni er reyndar gráupplagt tækifæri fyrir orðaleikjadjókara þar sem gert er ráð fyrir því að bærinn Skuld í Saurbæ verði seldur.



**- jbg**



Hvönnin
Nýjasta blómamynstrið frá Lín Design er Hvönnin sem er bróderuð í sængurverið. Sængurverið er ofin úr bestu fáanlegu bómullardamask. Einstaklega glæsileg hönnun. Komdu við og skoðaðu úrvalið af blómasængurverunum frá Lín Design.
Lín DESIGN
Íslensk hönnun er jólagjöfin í ár
Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is

# Fékk samning í Danmörku

„Ég er að sjálfsögðu alveg í skýjunum með þetta,“ segir tónlistarmaðurinn Rúnar Eff sem hefur tryggt sér dreifingarsamning í Danmörku í kjölfar góðs gengis í raunveruleikaþættinum All Stars. Rúnar komst alla leið í úrslit í þættinum en kór hans náði á endanum ekki að tryggja sér sigur.

„Þetta gekk rosa vel. Að flestra mati vorum við mun sterkari hópurinn sönglega séð. En hinn kórinn var með mun sterkara málefni að berjast fyrir, eða leiksvæði fyrir munaðarleysingja, á meðan okkar kór var að berjast fyrir hljóðstúdíói í Sönderborg,“ segir Rúnar Eff, en sigurlaun keppninnar runnu öll til góðgerðamála.

Tvö lög Rúnars verða gefin út á smáskífu í Danmörku á næstunni, annars vegar Aha-lagið Take On Me, sem kom út á síðustu sólóplötu hans, og hins vegar You sem er einnig á plötunni. Rúnar hefur jafnframt sent frá sér nýtt jólalag sem nefnist Jólin koma. „Ég samdi þetta fyrir einhverjum sjö árum. Ég ætlaði alltaf að gefa þetta út fyrir jólin en hafði aldrei tíma,“ segir hann.



**RÚNAR EFF** Rúnar, sem flytur heim til Íslands á sunnudag, er í skýjunum með dreifingarsamning sinn í Danmörku.

Rúnar flytur til Íslands á sunnudag en verður þó með annan fótinn í Kaupmannahöfn vegna söngkennaranáms síns. Mun hann nýta tækifærið og fylgja sólóferli sínum eftir þar í landi með tónleikahaldi.

Danskir fjölmiðlar hafa haft mikinn áhuga á honum vegna þáttökunnar í All Stars og til að mynda verður hann gestur þáttarins Go´Aften Danmark á TV2 í janúar, sem er nokkurs konar dönsk útgáfa af Kastljósi eða Íslandi í dag.

Næstu tónleikar Rúnars hér á landi verða á Glerártorgi 22. desember og þar mun hann væntanlega koma öllum í jólaskap með nýja jólalaginu sínu. Hann hefur einnig verið bókaður á menningarnótt í ágúst á næsta ári þar sem hann stígur síðastur á sviðið með hljómsveit sinni. **- fb**

Frigor

**144 cm hár kæli- og frystiskápur**
- 167 lítra kælir og 45 lítra frystir
- Vönduð innrétting með glerhillum
- HxBxD: 144x55x57 cm
- Verð áður kr **69.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **59.900**

Electrolux

**125 cm hár kæliskápur**
með innbyggðu frystihólfi
- 213 ltr kælir og 18 ltr frystir
- Glerhillur með kanti.
- **Hljóðlátur**, aðeins 38 dB(A)
- HxBxD: 125x55x60 cm
- Verð áður kr **84.900**

ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú **64.900**

Frigor

**84 cm hár kæliskápur**
- 92 lítra kælir
- Glerhillur með kanti.
- HxBxD: 84x48x51 cm
- Verð áður kr **49.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **39.900**

A/A/A einkunn

ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú **79.900**

ZANUSSI

Hljóðlát uppþvottavél með 5 þvottakerfum þ.á.m. hraðkerfi, erfiðiskerfi og skolun
- Tekur borðbúnað fyrir allt að 12
- **Hitastig 70/65/50°C**
- Seinkun á gangsetningu möguleg
- **Stillanleg hæð**
- Án topplötu
- Verð áður kr 99.900

ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú **39.900**

Siltal

**Þurrkari** fyrir barka með **tímastilli**.
- Tekur allt að **5 kg af taui**
- Kerfi fyrir bæði venjulegan og viðkvæman þvott
- **Krumpuvörn**
- Veltir til beggja átta
- Stórt hurðaop
- Einfalt og skýrt stjórnborð
- Verð áður kr 59.900

1400 SN - 6 KG

ÞÚ SPARAR 25.000
Verð nú **94.900**

Electrolux

Toppgerðin frá Electrolux. **1400 snúninga hraðþvottavél** með stafrænu stjórnborði og skjá
- Tekur allt að **6 kg af taui**
- **Hraðval** á algengum þvotta-kerfum
- Seinkun á gangsetningu möguleg
- **Stórt hurðaop**
- **Handþvottakerfi** og ullarkerfi
- Verð áður kr 119.900

# VIÐ LÆKKUM VERÐIÐ! SPARAÐU NÚNA!

Frigor

**Frystiskápur 142 cm**
165 lítra
- 7 útdregnar skúffur
- Orkuflokkur A
- HxBxD: 142x55x58 cm
- Verð áður kr. **79.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **69.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **49.900**

Frigor

**110 lítra frystikista**
Með hraðfrystingu
- 1 karfa fylgir
- Aðvörunarljós
- HxBxD: 85x55x59 cm
- Verð áður kr. **59.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **39.900**

Frigor

**Frystiskápur 84 cm**
70 lítra
- 3 útdregnar skúffur
- Orkuflokkur A
- HxBxD: 84x48x51 cm
- Verð áður kr. **49.900**

ZANUSSI

**Blástursofn með grilli**
ásamt undir- og yfirhita
- Tvöfalt gler í hurð
- Clean´N´Clear létthreinsan-legur glerjungur
- Verð áður kr. **69.900**

ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú **54.900**

appliance

**Keramik helluborð**
með snertitökkum og barnalæsingu
- Viðvörunarljós
- Kantlaust
- Verð áður kr. **64.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **54.900**

ÞÚ SPARAR 3.000
Verð nú **11.900**

appliance

**Eldhúsvifta hvít**
með 3 hraðastillingum
- Kraftmikill mótor
- HxBxD: 14x60x50 cm
- Verð áður kr. **14.900**

AFSLÁTTUR 25%
Verð nú **2.990**

Brauðrist hvít
Áður 3.990

AFSLÁTTUR 23%
Verð nú **3.490**

Rífur, tætir, hakkar, malar saxar, maukar og rífur.
Verð áður **4.490**

AFSLÁTTUR 15%
Verð nú **2.990**

Töfrasproti með stálfæti
Áður 3.490

AFSLÁTTUR 20%
Verð nú **3.990**

Lítil og nett hraðsuðu-kanna 1 ltr.
Áður kr. **4.990**

Hárnákvæm eldhúsvog fyrir allar skálar. Áður kr. **4.490**

AFSLÁTTUR 23%
Verð nú **6.990**

Djúpsteikingapottur 3 lítra. Áður kr. **8.990**

AFSLÁTTUR 34%
Verð nú **2.990**

Ergorapido

ÞÚ SPARAR 5.000
Verð nú **24.900**

Electrolux
**Léttryksuga 2 í 1 bleik**

VIÐ LÆKKUM VERÐIÐ! SPARAÐU NÚNA!

ZANUSSI

**Vönduð eldavél með steyptum hellum og stórum ofni**
- Undir- og yfirhiti
- Stórt grill
- Hraðsuðuhellur
- Verð áður kr **89.900**

ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú **74.900**

**Rafha ehf**

Opið virka daga 9-18
laugardaga 10-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





**Gesthús Dúna**

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is




**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

## *Hví að kjósa?*

Gott kvöld, góðir gestir, og verið velkomin í Útsvar. Þátturinn í kvöld verður með dálítið breyttu sniði. Einu sinni sprakk ríkisstjórn í beinni útsendingu, en nú verður ríkisstjórn mynduð í beinni útsendingu. Næstu þrjá föstudaga munu fjórir stjórnmálaflokkar keppa um hverjir komast í næstu stjórn. Þetta er í fyrsta sinn sem ríkisstjórn er valin með þessum hætti og kemur ýmislegt þar til, til dæmis sú staðreynd að það er víst ekki hægt að boða til aukakosninga um vetur og ekki síður sú staðreynd að RÚV bráðvantar ódýrt sjónvarpsefni eftir sársaukafullan niðurskurð – ekki satt Þorgerður Katrín? Haha! Neinei, þetta er nú bara létt grín.“

**JÁ,** eins og Sigmar benti á keppa fjórir flokkar í þessari sérútgáfu af Útsvari, en eins og glöggir áhorfendur kannski vita eru fimm flokkar á þingi. Útvarpsráð ákvað hins vegar að stigalægsta tapliðið í síðustu alþingiskosningum kæmist ekki í undanúrslit. Hér gildir sem fyrr útsláttarfyrirkomulag; sigurvegararnir í fyrri umferðum mynda saman ríkisstjórn en í úrslitaþættinum verður keppt um sjálft forsætið.“

**TAKK** fyrir þetta, Þóra. Þið þekkið þetta. Við byrjum á bjölluspurningum og að því loknu dembum við okkur í látbragðsleikinn. Þar verða keppendur að gera grein fyrir stefnumálum með látbragði og handapati. Það er svo undir áhorfendum komið að giska á hvaða málaflokk verið er að lýsa. Þetta gefur Geir kannski smá forskot; sama hvaða málaflokk er verið að tala um þarf hann ekki að gera annað en að yppta öxlum!“

**ALVEG** rétt, Sigmar, alveg rétt, nema kannski þegar spurt er um vanhæfi Seðlabankans, þá hristir Geir nú bara höfuðið, haha! En jæja, næst snúum við okkur að valflokkunum en þar eiga liðin að svara þremur miserfiðum spurningum um hina flokkana. Út frá þeim verður svo hægt að meta hversu vel viðkomandi flokkar eiga heima saman í ríkisstjórn.“

**LAUKRÉTT,** Þóra. En þetta er ekki búið. Að lokum geta liðin valið sér fimm, tíu eða fimmtán prósenta fylgisaukningu, en þess ber að gæta að að spurningarnar verða erfiðari eftir því sem stigunum fjölgar. En hér eru auðvitað stjórnmálamenn að keppa og ósanngjarnt að neyða þá til að svara á grundvelli samvisku sinnar eða skynsemi. Þannig að ef einhver spurning er svínslega erfið má alltaf hringja í vin, sem bíður átekta á flokkslínunni.“



**GÓÐAN DAG!**

Í dag er föstudagurinn 12. desember, 347. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.12 | 13.21 | 15.31 |
| Akureyri | 11.27 | 13.06 | 14.46 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


